

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Ég, Íris Ragnarsdóttir Pedersen, íbúi í Austur-Skaftafellssýslu, útivistarkona, náttúruunnandi, náttúruverndarsinni og klifrari, mótmæli harðlega öllum áformum Bláa Lónsins um uppbyggingu baðlóns, húsakosts, gestastofu og annara bygginga eða annarar röskunnar við Geitafellsbjörg og Hoffellslón. Uppbyggingin er velkomin inni við Hoffellstorfuna þar sem nú þegar er byggð. Henni skal halda frá ósnortinni náttúru þar sem allar breytingar á náttúruperlunni við Geitafellsbjörg og Hoffellslón munu hafa afdrifaríkar afleiðingar og breytingar með sér í för. Geitafell og Hoffellslón eru dýrmæt útivistarsvæði, göngusvæði, berjaland, klifursvæði og skautasvell allra Íslendinga, en Hornfirðingar og Skaftfellingar hafa lengi notið þess að búa í nágrenni þessara svæða. Þeim ber að halda og varðveita eins og þau eru, fyrir okkur öll og komandi kynslóðir. Svæðið er á grannsvæði Vatnajökulspjóðgarðs og mun öll röskun og breyting á þessu svæði hafa áhrif á gesti þjóðgarðsins. Þar á að gæta ítrustu varúðar að náttúrunni sé ekki spillt. Því verður að færa öll áform um uppbyggingu, frá jökullóninu og Geitafelli, inn að bæjum við Hoffell.

Höfundur: Íris Ragnarsdóttir Pedersen

Sent inn þann: 03.11.2025

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

As a long-time resident, outdoor adventurer in Hornafjörður, I object to the proposed Blue Lagoon-style bathing and restaurant facilities. The area's wild and peaceful nature is what makes it unique — a place where I often run, hike, and visit the glacier and lake through the seasons.

Such large-scale development would bring traffic, noise, and light pollution, harming the fragile landscape and the quiet experience that both locals and visitors value. Our community thrives on the area's natural beauty, not commercial overdevelopment.

A better solution is to locate any new facilities closer to existing infrastructure, rather than encroaching on unspoiled nature. Please protect Hornafjörður's wilderness and preserve its unspoiled character for future generations.

Höfundur: Kishan Sudhirkumar Patel

Sent inn þann: 03.11.2025

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Ég, Rémy Martinache, félagi Ferðafélag Íslands, skálavörður, landvörður í Vþg, náttúruunnandi og útivistarmaður mótmæli líka harðlega. Við erum á leiðinni að einkavæða náttúruna – í þágu ríkra erlendra ferðamanna, en á kostnað íbúa svæðisins, þó að lífsgæði þeirra byggjast á þessari ósnortnu náttúru. Ósnortið Hoffellslón skilar kannski ekki beinum tekjum, en það skapar vellíðan og hamingju – meira en nokkur fjármunir gætu gert.

Þróun af þessu tagi vekur miklar áhyggjur, því þegar hún hefur átt sér stað er ekki aftur snúið. Þá höfum við fórnað enn einni þjóðargræmi. Ég skil ekki hvers vegna við erum yfirhöfuð að íhuga svona verkefni. Það virðist eins og þetta muni aldrei taka enda.

Á sama tíma, á Suðurströndinni, þar sem skortur á húsnæði fyrir heimamenn er brýnasti vandi dagsins, ættum við ekki frekar að beina kröftum okkar að því að byggja betri samfélög – og leyfa náttúrunni í kringum okkur að vera í friði?

Höfundur: Rémy David Martinache

Sent inn þann: 04.11.2025

Mál nr. 1476/2025 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Ég tek heilshugar undir athugasemd Írisar Ragnarsdóttur Pedersen.
Vinsamlegast látið kyrrt liggja, og byggið nær byggð.

Kveðja,
Einar Pétur Jónsson

Höfundur: Einar Pétur Jónsson

Sent inn þann: 04.11.2025

Mál nr. 1476/2025 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Ég er sammála athugasemd Írisar Ragnarsdóttur Pedersen og mótmæli framkvæmdinni.
Vinsamlegast
Helga Brekkan

Höfundur: Helga Brekkan

Sent inn þann: 04.11.2025

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Ég er sammála athugasemd Írisar Ragnarsdóttur Pedersen og mótmæli framkvæmdinni.

As a resident of Höfn and local guide in the area, I strongly object to the proposed development. The Hoffellsjökull area has an irreplaceable landscape that is important to protect. The development will bring heavy traffic, visual disruption, pollution and harm to the fragile flora and fauna that make this area so special. Such a project is completely out of place on the edge of the national park and would devalue the wilderness that draws both foreign tourists and locals to enjoy this magnificent region. I strongly support the preservation of this landscape for future generations.

It is deeply concerning that corporations continue to view Iceland's most beautiful and fragile landscapes as opportunities for profit instead of national treasures to be protected. We cannot allow short-term commercial gain to take precedence over the long-term health of our ecosystems and the natural heritage that defines this country. Once wilderness is destroyed, it is lost forever.

Vinsamlegast
Holly Spice

Höfundur: Holly Elizabeth Spice

Sent inn þann: 04.11.2025

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Það á ekki að raska ósnertum náttúruperlum varanlega fyrir skammtímagróða. Mjög takmarkaður og sorglegur þankagangur.

Sammála öðru ræðufólki að það á að byggja nærri byggð.

Höfundur: Matthías Pétursson

Sent inn þann: 04.11.2025

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Ég heiti Ingibjörg Ýr Skarphéðinsdóttir, er alin upp á Austurlandi og hef verið félagi í Ferðafélagi Íslands um árabil. Foreldrar okkar ferðuðust mikið með okkur systkinin og við gengum mikið með þeim á fjöll og um hálendið. Ég hef haldið þeirra hefð áfram með börnum mínum og manni og einnig hef ég farið með vini mína í göngur um Austurland en þau eru mjög hrifin af og forvitin um það svæði.

Mig langar að taka undir allar þær athugasemdir sem hér koma fram, þó sér í lagi það sem Íris Ragnarsdóttir Pedersen skrifaði. Líkt og hún segi ég: Uppbyggingin er velkomin inni við Hoffellstorfuna þar sem nú þegar er byggð. Henni skal halda frá ósnortinni náttúru þar sem allar breytingar á náttúruverlinni við Geitafellsbjörg og Hoffellslón munu hafa afdrifaríkar afleiðingar og breytingar með sér í för. Geitafell og Hoffellslón eru dýrmæt útivistarsvæði, göngusvæði, berjaland, klifursvæði og skautasvell allra Íslendinga, en Hornfirðingar og Skaftfellingar hafa lengi notið þess að búa í nágrenni þessara svæða. Þeim ber að halda og varðveita eins og þau eru, fyrir okkur öll og komandi kynslóðir.

Erlendir ferðamenn koma hingað til lands fyrst og fremst til að njóta náttúrunnar okkar. Ef við spillum henni og röskum verður ekkert eftir fyrir neinn til að njóta; fólk hættir að sækja okkur heim og líf okkar sjálfra verður mun fátæklegra og innihaldslausara.

Ég hvet alla hlutaðeigandi að endurskoða þessa staðsetningu og reisa þetta baðlón frekar þar sem nú þegar er byggð. Svæðið sem áætlanir gera nú ráð fyrir að skuli byggja á er á grannsvæði Vatnajökulsþjóðgarðs og mun öll röskun hafa áhrif á gesti þjóðgarðsins. Þar á að gæta ítrustu varúðar. Því verður að færa öll áform um uppbyggingu, frá jökullóninu og Geitafelli, inn að bæjum við Hoffell.

Höfundur: Ingibjörg Ýr Skarphéðinsdóttir

Sent inn þann: 04.11.2025

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

I have worked in tourism for 6 years now, and while Iceland could surely use a good hotel in that area (there's always shortages in that area in summer) to draw people out into the country, and spread tourists out, the chosen location for that hotel will destroy the very thing tourists come for.

The peace and quiet and beauty of the area should be accessible and enjoyable for all, not for the hotel guests only, while the hotel and lagoon itself ruin the view for others.

I don't oppose a hotel and lagoon in the area, but I do in this location. Surely there can be other locations found that don't include destroying the peace and quiet of pristine nature?

Caroline Verdonk
Travel Expert

Höfundur: Caroline Cornelia Fredrika Verdonk

Sent inn þann: 04.11.2025

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Ég tek heilshugar undir athugasemdir um nálægð baðlóns við þjóðgarðsmörkin. Mótmæli þessari áætlun og hvet til þess að framkvæmdir verði takmarkaðar við þegar byggð svæði.

Hávar Sigurjónsson Leiðsögumaður

Höfundur: Hávar Sigurjónsson

Sent inn þann: 04.11.2025

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Ég, Marcin Grzyb er búsettur á Hornafirði og hef miklar áhyggjur af þessu verkefni. Ég óttast að hótelið og lónið muni spilla náttúrufegurð svæðisins sem hefur hingað til verið nánast alveg ósnortið. Þetta verður óafturkræft ferli. Náttúruperlur eins og Hoffelslón ættu að vera stranglega verndaðar. Ég skil ekki hvers vegna framkvæmdir ættu að eiga sér stað svona nálægt því. Ég er algerlega sammála beiðni Írisar Ragnarsdóttur Pedersen.

I am a resident of Hornafjörður and I am deeply concerned about this project. I'm afraid that the hotel and the lagoon will destroy the natural beauty of the area that has until now remained almost completely untouched. This will be an irreversible process. Such natural pearls like Hoffelslón should be strictly protected. I can't understand why the construction should take place so close to it. I completely agree with Iris Ragnarsdóttir Pedersen's petition.

Höfundur: Marcin Kamil Grzyb

Sent inn þann: 04.11.2025

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Ég, dagný indriðadóttir, tek undir með Írisi, Ingibjörgu og öðrum sem hér hafa tjáð sig varðandi þessar snargölnu hugmyndir BL um uppbyggingu mannvirkja á svæðum sem flokkast sem náttúra. Það er að mínu viti fáránlegt að ganga á óraskað svæði þegar ekki er nokkur ástæða til þess og kalla eftir því að uppbygging þessa risa baðlóns verði á Hoffellstorfunni.

Ég hef lengi haft atvinnu af því að leiða erlenda ferðamenn um Ísland og veit hversu dýrmæt dvöl í náttúrunni er, ekki bara okkur Íslendingum heldur líka fólki sem kemur hingað í heimsókn og býr oft en ekki í stórborgum erlendis með takmarkað aðgengi að stöðum sem flokka má sem náttúru. Ég vona að okkur beri gæfa til þess að varðveita þessa flottu staði innan við Hoffell svo að framvegis verði hægt að njóta þeirra eins og þeir eru.

með vinsemd og virðingu

dagný indriðadóttir, landvörður og leiðsögumaður

Höfundur: Dagný Bergþóra Indriðadóttir

Sent inn þann: 04.11.2025

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Ég Sveinn Snorri Sighvatsson Leiðsögumaður

Það á ekki að raska ósnertum náttúruperlum varanlega fyrir skammtímagróða. Mjög takmarkaður og sorglegur þankagangur.

Sammála öðru ræðufólki
í raun hefur Bláalónið ekkert hér að gera okur búlla sem er ofmetin

Höfundur: Sveinn Snorri Sighvatsson

Sent inn þann: 04.11.2025

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

To whom it may concern,

There are places in Iceland that carry silence like a heartbeat. Places where the sound of wind, water and stone still speak the ancient language of the Earth. Hoffell is one of them.

The proposal to build a hotel and geothermal spa in this landscape threatens to replace that silence with noise: the sound of construction, traffic and commercialization. It would turn a living ecosystem into a backdrop; a sacred place into a business. Once that change begins, there is no going back.

The geothermal fields, the glacial valleys and the delicate vegetation around Hoffell form an ecosystem that breathes as one. Any large-scale construction here — new roads, energy extraction, wastewater systems — risks disturbing that fragile balance. The scars would not only be physical; they would reach into the very identity of this place and the people who call it home.

From an economic point of view, the promise of “development” is deceptive. What draws visitors to this region is precisely what this project endangers: the raw, untouched beauty of southeast Iceland. When that is lost, so too is the foundation of local tourism and the livelihoods built upon it. True prosperity does not come from more concrete but from protecting what cannot be replaced.

Bláa Lónið has already shown us what happens when nature becomes a brand. Hoffell deserves a different story, one that honors the land, its silence and the small communities that depend on its authenticity. There are better ways to share this beauty with the world: ways that are smaller, humbler and infinitely more sustainable.

I stand against this project not out of nostalgia but out of love and respect for the land. Because some places are not meant to be built upon, they are meant to be protected, so that future generations may still know what Iceland truly is.

Sincerely,
Javier Muñoz

Höfundur: Francisco Javier Munoz Rodríguez

Sent inn þann: 04.11.2025

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Sem útvistarunnandi og leiðsögumaður þá mótmæli ég byggingu baðlóns við þessa náttúruperlu. Því ekki að gera framkvæmdir nærri byggð í stað þess að eyðileggja til framtíðar náttúru og lífríki þessa svæðis.

Höfundur: Ásdís Birgisdóttir

Sent inn þann: 05.11.2025

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Undirrituð hefur starfað við ferðaþjónustu á Íslandi síðastliðin 25 ár og þar af rekið ferðaskrifstofu í 15 ár. Ég hef orðið vitni að og tekið eftir því hvað snertir fólk sem sækir landið okkar heim. Vissulega er stór kostur að geta látið líða úr sér í heitu baðlóni á ferðalaginu, en ef þeim náttúruperlum sem fólk kemur til að sjá og upplifa, og er í raun grundvöllur ferðalagsins, er fórnað með of mikilli uppbyggingu er ég hrædd um að við vinnum gegn framtíð Íslands sem áfangastaðar fyrir náttúruunnendur.

Hoffellslón og náttúran sem það umlykur er algjörlega einstök og þangað trúi ég ekki að komi sú manneskja sem ekki verður bergnumin af þeirri náttúrufegurð, djúpu kyrrð og friði sem þar ríkir. Það eru þær upplifanir sem gefa ferðamennsku á Íslandi raunverulegt og varanlegt gildi, hvort sem er fyrir íslenska eða erlenda ferðamenn. Að velja slíka staðsetningu undir uppbyggingu baðlóns ber vott af græðgi í garð náttúrunnar að mínu viti og skorti á skilningi á því hvað dregur fólk til landsins. Við eigum allt okkar undir því að gera náttúrunni hátt undir höfði. Með því að hafa hugrekki til að sýna þá afstöðu munum við frekar auka vægi og gildi Íslands sem áfangastaðar í heimi þar sem náttúran á undir svo þungt högg að sækja.

Verum samtaka í að sýna að við sem þjóð berum virðingu fyrir þeirri náttúru sem hefur jafn mikil áhrif á fólk og raun ber vitni. Sýnum af okkur hógværð, byggjum nær byggð eða á þegar röskuðum svæðum og byggjum af skynsemi.

Með vinsemd og virðingu
Harpa Barkardóttir

Höfundur: Harpa Barkardóttir

Sent inn þann: 05.11.2025

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Sem náttúruverndarsinni mótmæli ég þessum áformum, og tek heilshugar undir athugasemd Írisar Ragnarsdóttur Pedersen.

Vinsamlegast leyfið einstakri náttúru svæðisins að vera óraskaðri.

Virðingarfyllst,
Rakel Hinriksdóttir
formaður SUNN, samtaka um náttúruvernd á Norðurlandi.

Höfundur: Rakel Hinriksdóttir

Sent inn þann: 05.11.2025

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Ég tek undir með Hörpu, Írisi og fleirum sem hafa tjáð sig hér gegn þessari hugmynd. Algjörlega galin hugmynd, græðgin alveg að ráða för. Reynum að halda í sem mest af ósnortinni náttúru á fallega landinu okkar, það verður ekki aftur tekið þegar búið er að pota niður baðlónum eða hótélum um allar koppagrunDIR. Eru ekki komin nógu mörg baðlón nú þegar!
Ég mótmæli þessari gölmu hugmynd.

Höfundur: María Arngrímsdóttir

Sent inn þann: 05.11.2025

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Ég tek undir það sem aðrir hafa sagt hér og mótmæli þessum áformum harðlega. Óspillt náttúra er auðlind sem auðvelt er að eyðileggja og ekki hægt að taka það til baka. Skammsýnar gróðahugmyndir mega ekki ráða för þegar náttúran og verndun hennar er annars vegar. Kapítalismi er meinsemd og það verður að spyrna við fótum þegar milljóna/milljarðafyrirtæki vilja níðast á náttúrunni í eigin þágu og annarra vandamanna. Berið nú gæfu til að standa með náttúrunni til framtíðar og hafna græðginni!

Með vinsemd

Ingunn Snædal

Höfundur: Ingunn Kristjana Snædal

Sent inn þann: 05.11.2025

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Ég tek undir með Íris Ragnarsdóttir Pedersen og fleirum hér fyrir ofan. Óspillt náttúra er auðlind sem fæst ekki til baka þegar henni hefur verið raskað. Þó verkefnið virðist bæta við störfum og styrkja við hag ferðapjónustu á svæðinu er varhugavert að líta aðeins til skammtímaafleiðinga af fræmkvæmdunum. Ef slíkar framkvæmdir myndu eiga sér stað ættu þær að vera á þegar röskuðu svæði nær byggð.

Höfundur: Sebastián Oddný Arnarson

Sent inn þann: 05.11.2025

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Hoffellslón og náttúran sem það umlykur er algjörlega einstök. Það eru þær upplifanir sem gefa ferðamennsku á Íslandi raunverulegt og varanlegt gildi, hvort sem er fyrir íslenska eða erlenda ferðamenn. Að velja slíka staðsetningu undir uppbyggingu baðlóns ber vott af græðgi í garð náttúrunnar að mínu viti og skorti á skilningi á því hvað dregur fólk til landsins.

Við eigum allt okkar undir því að gera náttúrunni hátt undir höfði. Með því að hafa hugrekki til að sýna þá afstöðu munum við frekar auka vægi og gildi Íslands sem áfangastaðar í heimi þar sem náttúran á undir svo þungt högg að sækja.

Verum samtaka í að sýna að við sem þjóð berum virðingu fyrir þeirri náttúru sem hefur jafn mikil áhrif á fólk og raun ber vitni. Sýnum af okkur hógværð, byggjum nær byggð eða á þegar röskuðum svæðum og byggjum af skynsemi.

Nú þegar virðist vera að ferðamönnum fari fækkandi svo það er varla grundvöllur fyrir enn einu manngerðu lóni, ósnert land er mun meiri upplifun.

Höfundur: Sonja Þórey Þórsdóttir

Sent inn þann: 05.11.2025

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Ég, undirrituð Laufey Guðmundsdóttir, vill með þessari umsögn lýsa eindregnum stuðningi við áform um uppbyggingu baðlóns, gestastofu og veitingaaðstöðu við Hoffellslón og Geitafell.

Þessi framkvæmd er mikilvægt framfaraskref fyrir samfélagið okkar – hún mun skapa störf, efla byggð, auka fjölbreytni í atvinnulífi og styrkja svæðið sem áfangastað fyrir bæði innlenda og erlenda gesti. Með vandaðri uppbyggingu má sameina náttúru, menningu og mannlíf á fallegan og ábyrgan hátt.

Það er jafnframt grundvallaratriði að virða rétt landeigenda til að nýta land sitt. Landeigendur bera ábyrgð á sínum eignum og eiga rétt á að skipuleggja sínar jarðir til atvinnuuppbyggingar og verðmætasköpunar. Að búa í nálægð við þjóðgarð má ekki leiða til þess að menn verði sviptir möguleikum á nýtingu síns landsins. Nálægð við þjóðgarð á ekki að vera hömlun heldur tækifæri – til samvinnu, fræðslu og uppbyggingar í sátt við náttúruna.

Ég hvet því Skipulagsstofnun og Sveitarfélagið Hornafjörð til að taka verkefninu jákvætt og flýta öllum nauðsynlegum ferlum til að stuðla að framgangi þess. Tíminn er dýrmætur, og með því að vinna málið hratt og faglega má tryggja að samfélagið njóti þeirra miklu jákvæðu áhrifa sem slík uppbygging mun hafa til framtíðar.

Ég styð fyrirhugaða uppbyggingu við Hoffellslón og Geitafell af heilum hug og hvet stjórnvöld og skipulagsyfirvöld til að:

1. Veita framkvæmdinni jákvæða umsögn.
2. Flýta skipulags- og leyfisferli til að liðka fyrir uppbyggingunni.
3. Tryggja að landeigendur njóti jafnræðis, að framkvæmdir og uppbygging séu ekki heft vegna nálægðar við þjóðgarð.

Þetta verkefni er tækifæri fyrir svæðið til að sýna hvernig náttúruvernd, nýsköpun og samfélagsleg ábyrgð geta farið saman í sátt og samlyndi.

Virðingarfyllst,

Laufey Guðmundsdóttir

Höfundur: Laufey Guðmundsdóttir

Sent inn þann: 06.11.2025

Viðhengi:

26.1.umsögn LG.pdf

Umsögn í Skipulagsgátt – Uppbygging við Hoffellslón

Ég, undirrituð Laufey Guðmundsdóttir, vill með þessari umsögn lýsa eindregnum stuðningi við áform um uppbyggingu baðlóns, gestastofu og veitingaaðstöðu við Hoffellslón og Geitafell.

Þessi framkvæmd er mikilvægt framfaraskref fyrir samfélagið okkar – hún mun skapa störf, efla byggð, auka fjölbreytni í atvinnulífi og styrkja svæðið sem áfangastað fyrir bæði innlenda og erlenda gesti. Með vandaðri uppbyggingu má sameina náttúru, menningu og mannlíf á fallegan og ábyrgan hátt.

Það er jafnframt grundvallaratriði að virða rétt landeigenda til að nýta land sitt. Landeigendur bera ábyrgð á sínum eignum og eiga rétt á að skipuleggja sínar jarðir til atvinnuuppbyggingar og verðmætasköpunar. Að búa í nálægð við þjóðgarð má ekki leiða til þess að menn verði sviptir möguleikum á nýtingu síns landsins. Nálægð við þjóðgarð á ekki að vera hömlun heldur tækifæri – til samvinnu, fræðslu og uppbyggingar í sátt við náttúruna.

Ég hvet því Skipulagsstofnun og Sveitarfélagið Hornafjörð til að taka verkefninu jákvætt og flýta öllum nauðsynlegum ferlum til að stuðla að framgangi þess. Tíminn er dýrmætur, og með því að vinna málið hratt og faglega má tryggja að samfélagið njóti þeirra miklu jákvæðu áhrifa sem slík uppbygging mun hafa til framtíðar.

Ég styð fyrirhugaða uppbyggingu við Hoffellslón og Geitafell af heilum hug og hvet stjórnvöld og skipulagsyfirvöld til að:

1. Veita framkvæmdinni jákvæða umsögn.
2. Flýta skipulags- og leyfisferli til að liðka fyrir uppbyggingunni.
3. Tryggja að landeigendur njóti jafnræðis, að framkvæmdir og uppbygging séu ekki heft vegna nálægðar við þjóðgarð.

Þetta verkefni er tækifæri fyrir svæðið til að sýna hvernig náttúruvernd, nýsköpun og samfélagsleg ábyrgð geta farið saman í sátt og samlyndi.

Virðingarfyllt,
Laufey Guðmundsdóttir

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Áform um uppbyggingu baðstaðar við Hoffelsslón jaðrar við erfðasynd. Hvernig er hægt að láta sér detta þessi glæpur í hug? Ég var yfirlandvörður á svæðinu sumarið 2023 og fékk því að kynna því mjög vel og veit hvað ég er að tala um. Efnisleg röskun á þessu stórbrotna svæði sem náttúran hefur skapað á að fá að vera eins stórkostleg og hún er án þess að vera raskað með mannvirkjum sem hafa þann eina tilgang að skapa skammtímaupplifun fyrir velborgandi ferðamenn. Upplifunin yrði gervileg og ósönn og ætti ekkert skylt við það sem að náttúran er að tjá. Tölur um fjölda starfa í sveitarfélaginu er of oft það sem að sveitarstjórnir sjá stjórnur yfir en þegar að skömmin ríður yfir að nokkrum árum liðnum er of seint að afsaka sig. Landið er okkar allra og náttúruferðamennska er góð og gild en framkvæmdir þarf að stilla í hof og alls ekki vera í slíkri nánd við þjóðgarðinn og maður spyr sig hverskonar frekja það er að ætla að vera alveg við þjóðgarðsmörkin með framkvæmd sem þessari og bera fyrir sig að framkvæmdir væru ekki innan þjóðgarðsins. Ég mótmæli þessum áformum af fullum þunga og bið forsvarsmenn Bláa lónsins sem og sveitarstjórn Hornafjarða að hafa sig hæga til að missa ekki virðingu sína að eilífu.

Höfundur: Guðrún Arndís Tryggvadóttir

Sent inn þann: 06.11.2025

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Ég tek heilshugar undir allar fyrri mótbárur varðandi þetta baðlón. Engin ástæða er til að raska fallettri, ósnortinni náttúru. Þannig erum við að ganga á og skemma akkúrat það sem erlendir og innlendir ferðamenn koma til að sjá og njóta.

Höfundur: Edda Hafsteinsdóttir

Sent inn þann: 06.11.2025

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Ég Þuríður Helga Kristjánsdóttir lýsi yfir þungum áhyggjum af áformum Bláa Lónsins hf um uppbyggingu ferðapjónustu við Hoffell í Nesjum. Hoffellslón og náttúran sem það umlykur er algjörlega einstök að velja slíka staðsetningu undir uppbyggingu baðlóns ber vott af hugmyndafátækt og síngirni. Staðurinn býður upp á magnaða náttúru upplifun sem baðlón myndi skerða verulega. Ég tek undir aðrar athugasemdir Írisar Ragnarsdóttur Pedersen, Hörpu Barkardóttur og fleiri sem lýsa sig mótfallin þessari hugmynd.
Þuríður Helga

Höfundur: Þuríður Helga Kristjánsdóttir

Sent inn þann: 06.11.2025

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Ég Ólöf Magnúsdóttir styð þessa framkvæmd.
Sem íbúi í Sveitarfélaginu Hornafirði tel ég þessa framkvæmd mikilvæga fyrir svæðið okkar og framfaraskref að fá þarna gestastofu og betri göngustíga um þetta flotta svæði sem bætir aðgengi fyrir fleiri og stýrir umferð um svæðið betur. Á þessu svæði hefur verið rekin ferðaþjónusta til fjölda ára.

Höfundur: Ólöf Þórhalla Magnúsdóttir

Sent inn þann: 06.11.2025

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Ég tek heilshugar undir með Írisi, Hörpu og öðrum sem hafa tjáð sig hér gegn þessari fráleiddu hugmynd.

Við höfum nú þegar þurft að horfa upp á Bláa lónið hf byggja lúxushótel á öðrum viðkvæmum svæðum um landið (t.d. í Kerlingarfjöllum) þar sem áður ríkti friðsæld og ósnortin náttúra. Við verðum að sporna gegn þessari þróun og koma í veg fyrir að fleiri slíkum svæðum verði fórnað fyrir einkagróða.

Ef nauðsynlegt þykir að byggja enn eitt baðlón, þá á það að rísa þar sem nú þegar er byggð en ekki í viðkvæmum vistkerfum.

Við verðum að sýna landinu okkar þá virðingu sem það á skilið, áður en það er of seint.

Höfundur: Stefanía Ásta Karlsdóttir

Sent inn þann: 06.11.2025

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Til hvers eru þjóðgarðar ef það er hægt að leggjast í svona framkvæmdir í þeim? Það er of mikið af einkareknum (manngerðum) lónum á Íslandi og of lítið af sönnum vernduðum náttúruverndarsvæðum. Þetta líkt og hótelið í Kerlingarfjöllum ætti aldrei að lýta dagsins ljós.

Ef ykkur er ekki annst um náttúruna þá mun þetta heldur betur hafa áhrif á ferðamannaíðnaðinn. Flest fólk kemur hingað til þess að upplifa ósnortna náttúru ekki manngerð og einkarekin lón og hótél. Ekki leyfa þessu að verða að veruleika, græðgin verður að stoppa einhvers staðar!

Höfundur: Sigríður Karlsdóttir

Sent inn þann: 07.11.2025

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

As a resident of Hornafjörður, I feel the need to express my disagreement towards the project of these new infrastructures by Hoffellslón.

This is yet untouched nature and is one of the last area of pure wilderness still accessible in the south coast most of the year.

It is sad to see so many places around the country becoming tourist attractions while having no power to preserve the wilderness against a greedy industry.

There is no turning back after digging raw and fragile nature like the ecosystem in this area.

The environment has enough pressure with the climate change,

let's not add human pressure on top of it.

Let's make Iceland an example in nature conservation by opposing projects like this and preserve wilderness area like Hoffellslón and surrounding.

There can be a compromise, to allow new construction where there is already existing infrastructure. Not in an untouched place like this one.

This is not a future we want. And not a legacy we want to leave to our children.

Höfundur: Florent Irion

Sent inn þann: 07.11.2025

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Ég, Reynir Ásgeirsson íbúi í Nesjum, útivista mógull, náttúruunnandi, náttúruverndarsinni og mikill áhugamaður um uppbyggingu.

Ég hef tekið á móti ferðamönnum í gistingu á Hornafirði síðustu 12 ár.

Annað en flestir sem skrifa hér umsagnir, þá hef ég búið í Nesjum alla mína ævi. Ég hef gengið Hoffells svæðið líklega oft en þeir sem hafa ritað hér á undan mér. Ljóst er að þessi uppbygging hefur minniháttar áhrif á náttúruna þarna í kring.

Þetta er gömul saga og ný að þessir svokölluðu náttúruverndarsinnar rjúki upp til handa og fóta um leið og eitthvað á að fara gera.

Þetta er einmitt sama fólkíð sem vill hvergi virkja en vill samt hafa afnot af ótakmörkuðu rafmagni. Fer á taugum ef mönnum dettur í huga að fara horfa eftir olíu en keyrir samt á jarðefnaeldsneyti.

Látum ekki blekkjast af leiðsögumönnum í hlutastarfi sem hafa greinilega tekið sig saman til að koma óorði á þessa framkvæmd.

Ég styð þessa framkvæmd heilshugar enda tel ég að hún styrki mig og minn rekstur til muna. Einnig tel ég mjög góðar líkur á því að framkvæmdin styðji við Hornafjörð í heild sinni en ég hef svo sem ekki þekkinguna til þess að fullyrða það.

Höfundur: Reynir Ásgeirsson

Sent inn þann: 08.11.2025

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

I, María González Tejada, as a long-time resident in Öräfi and Sudursveit, I object to all the plans proposed by the Blue Lagoon. Hoffellslón is only of the only places untouched that we, locals, have close by and can still enjoy with the noise and pollution that such a plan would involve. It is an irreplaceable place and nature must be left intact, for once.

This area was one of my first solo-meditation place and it has been a recurrent place for me and other locals as a get away from the busy Iceland that has become with all the tourism industry.

As an educator and nature lover, I please call for the big industry to keep their plans away from a environmentally valuable place, with untouched moraines that mark a big history of our glaciers.

As a solution, for the future generations, the focus on building could be swift to the development of new housing in Hörnafjörður towards Skaftafell, as it has been always been a problem. To preserve, firstly, the people that want to live and enjoy the purity of the area, rather than bringing the tourism industry that is already overflowing.

Höfundur: Maria Gonzalez Tejada

Sent inn þann: 11.11.2025

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Bláa Lónið hefur fengið að ganga á skítugum skónum óhindrað um náttúru landsins í of langan tíma. Á hálendi landsins má ekki tjalda nema til einnar nætur nema á tjaldstæðum. Ekki má velta við steini nema þú sért Bláa Lónið. Þá máttu rústa Kerlingafjöllum fyrir gróða. Þá máttu rústa Þjórsárdal fyrir gróða. Þá máttu rústa Hoffelli fyrir gróða. Náttúruvernd er að engu gerð fyrir Bláa Lónið og “máttarstólpar” íslenskrar náttúruverndar Katrín Jakobsdóttir og Guðmundur Guðbrandsson leyfa þetta á sinni vakt. Er ekki komið gott af gróðalónum?

Höfundur: Sveinn Elmar Magnússon

Sent inn þann: 11.11.2025

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Ég lýsi yfir þungum áhyggjum af fyrirhugaðri uppbyggingu Bláa Lónsins við Hoffell. Svæðið einkennist af einstöku og ósnortnu landslagi sem er hluti af sérstöðu Íslands. Hótel, baðstaður og tengd ferðaþjónusta myndi óhjákvæmilega raska þessari náttúru. Ég legg áherslu á að byggingar verði eingöngu á svæðum þar sem nú þegar er byggð eða mannvirki, með því móti er hægt að styðja við atvinnutækifæri og uppbyggingu ferðaþjónustu á svæðinu án þess að skerða ómetanlega náttúru og auðlind til framtíðar.

Höfundur: María Helena Tryggvadóttir

Sent inn þann: 11.11.2025

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Ég, Svanhvít Helga Jóhannsdóttir, íbúi í Sveitarfélaginu Hornafirði tel mikilvægt að ekki verði ráðist í framkvæmdir í eða við jökulgarð Hoffellsjökuls eða nærri Hoffellslóni vegna mikilvægi svæðisins sem útivistarsvæðis og óspilltrar náttúru. Svæðið er einstakt á lands- og heimsvísu og laðar að sér fjölda gesta, innlendra og erlendra allan ársins hring. Við Hoffellslón upplifir þú jarðsögu Íslands, loftslagsbreytingar, mátt náttúrunnar og þau áhrif sem hann getur haft á mannlíf, með eigin skynfærum. Útsýnið af jökulgarði Hoffellsjökuls yfir lónið og jöklana er stórbrotið og er náttúruupplifun sem mannvirki á þessum stað myndi brjóta algjörlega í bága við. Sér í lagi mannvirki sem er til þess fallið að þjóna þeim efnameiri (eins og fín baðlón) og búa til aðgangsstýringu að náttúrunni byggða á auðmagni.

Landslagið við Hoffellslón er sérstaklega verðmætt bæði vegna fagurfræðilegs gildis síns og menningarlegs, en þangað sækja heimamenn til að njóta útivistar í hlýlegu birkikjarri, til að skauta eða skoða frosið vatnið á köldum vetrardögum, til að klifra í einstökum djúpbergsklettum svæðisins, stunda útiöldun á áningastað inn við klappirnar eða berja- og sveppatýnsu. Allt þetta með skriðjökulinn og rætur Vatnajökuls, einkennismerki Sveitarfélagsins okkar, í baksýn.

Svæðið við Hoffellslón hefur einstakt gildi á heimsvísu. Þarna við jökulgarðinn mætast landamörk Hoffells II og Vatnajökulshjóðgarðs sem er á heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna yfir náttúrusvæði sem þykja einstök og mikilvægt fyrir heimsbyggðina að vernda til framtíðar. Bygging baðslóns á þessum stað varðar því fleiri en landeigendur, sveitarfélagið Hornafjörð eða Íslendinga. Framkvæmdin stangast á við ákvæði náttúruverndarlaga og stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulshjóðgarðs skv. Náttúrufræðistofnun, Náttúruverndarstofnun (VJP) og Landvernd.

Mikilvægt er að sammælast um hve ómetanleg þessi auðæfi eru og raska þeim ekki með byggingu ferðamannastaðar (fyrir efnaða ferðamenn) akkúrat á þessum stað.

Í náttúruverndarlögum segir m.a. að

Til að stuðla að vernd jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags skal stefnt að því: a. að varðveita skipulega heildarmynd af jarðfræðilegum ferlum og fyrirbærum sem gefa samfelld yfirlit um jarðsögu landsins, b. að vernda jarðmyndanir sem eru sérstakar eða einstakar á lands- eða heimsvísu, [...] d. að varðveita landslag sem er sérstætt eða fágætt eða sérlega verðmætt vegna fagurfræðilegs og/eða menningarlegs gildis.

Höfundur: Svanhvít Helga Jóhannsdóttir

Sent inn þann: 11.11.2025

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Ég tek undir með Írisi og öllum hinum og mótmæli harðlega þeim áformum um að byggja baðlón við Hoffellslón. Þetta mun eyðileggja afskaplega dýrmætt útivistarsvæði.

Betur færi að byggja þetta nær því svæði þar sem nú þegar er byggð.

Höfundur: Ásgeir Már Arnarsson

Sent inn þann: 11.11.2025

Mál nr. 1476/2025 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Ég tek undir með Írisi og öllum hinum, algjörlega óásættanlegt að spilla náttúrunni fyrir annað baðlón.

Höfundur: Sólrún María Arnardóttir

Sent inn þann: 11.11.2025

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Ég tek undir þær athugasemdir sem fram hafa komið.

Það á ekki að raska ósnertum náttúruperlum varanlega fyrir gróða fyrirtækis. Slíkt verður ekki aftur tekið.

Vinsamlegast látið kyrrt liggja og byggjið nær byggð.

Höfundur: Brynja Liv Bragadóttir

Sent inn þann: 11.11.2025

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

As a resident of Hornafjörður and someone who spends a great deal of time exploring the many beautiful corners of the Vatnajökull ice cap, I would like to express my opposition to the proposed construction of a commercial hotel and lagoon near Hoffellsjökull.

This area is exceptionally unique and fragile, and any large-scale development would risk disturbing its delicate environment. I truly believe there are alternative locations where such a project could thrive—places closer to existing infrastructure and human activity, where the impact on nature would be far less severe.

Just as we learned from the story of Kárahnjúkar, development should not come at the cost of irreparable environmental harm, especially when the motivation is primarily commercial. The idea of a hotel and lagoon is appealing, but this particular location is not appropriate. I kindly urge that the site be reconsidered in favor of one that respects both nature and sustainable development.

Höfundur: Barbara Bortolini

Sent inn þann: 11.11.2025

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

English:

As a resident of this municipality, I am strongly against this project. It poses a serious threat to the serenity and natural environment of this unique area. Such developments erode what makes this place special—its quiet beauty, untouched landscapes, and the sense of peace that both residents and visitors value deeply. It is clear that this project is driven purely by the private company, a company that prioritizes short-term profit over the long-term preservation of nature. Once the environment is disturbed, there is no way to restore its original harmony. I believe this project would mark an irreversible step toward the degradation of one of those truly tranquil places in our region.

Icelandic:

Sem íbúi sveitarfélagsins er ég eindregið á móti þessu verkefni. Það felur í sér alvarlega ógn við kyrrðina og náttúruumhverfið á þessu einstaka svæði. Slík framkvæmd grefur undan því sem gerir staðinn sérstakan — rólegheitunum, ósnortnu landslaginu og þeirri friðsæld sem bæði íbúar og gestir meta mikils. Það er augljóst að þetta verkefni er alfarið drifið áfram af einkafyrirtæki, fyrirtæki sem setur skammtímahagnað ofar langtímayrindun náttúrunnar. Þegar náttúran er raskuð er ómögulegt að endurheimta upprunalegt jafnvægi hennar. Ég tel að þetta verkefni myndi marka óafturkræft skref í átt að rýrnun eins af þessum raunverulega friðsælu stöðum á svæðinu.

Höfundur: Damian Aleksy Grela

Sent inn þann: 11.11.2025

Mál nr. 1476/2025 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Ég er sammála athugasemd Írisar Ragnarsdóttur Pedersen og mótmæli framkvæmdinni.

Þetta er spurning um óafturkræfa röskun á ósnortnum náttúruperlum á einu fegursta svæði landsins.

Höfundur: Páll Einarsson

Sent inn þann: 11.11.2025

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Ég tek undir athugasemd Írisar Ragnarsdóttur Pedersen og mótmæli framkvæmdinni.

víðerni á Íslandi er dýrmætt bæði fyrir gesti og heimamenn; að eyðileggja það er að skera í sjálft hjarta þess sem gerir Ísland svo einstakt. Notum frekar svæði(n) sem eru nú þegar uppbyggð og björgum þessu svæði til framtíðar og fyrir okkur og næstu kynslóðir.

sydney gunnarson

Höfundur: Sydney Raylee Gunnarson

Sent inn þann: 11.11.2025

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Ég heiti Kristján Gunnarsson. Ég hef eins og margir ferðast um Ísland áratugum saman og gengið á fjöll og um hálendið. Ég er algerlega á móti þessum fyrirætlunum Bláa Lónsins um uppbyggingu baðlóns og mannvirkja við Geitafellsbjörg og Hoffellslón. Um er að ræða dýrmætt útivistarsvæði sem ber að varðveita eins og það er og án mannvirkja. Það er enginn skortur á baðlónum eða lúxus hótélum hér á landi. Um það bera framkvæmdir undanfarinna ára vott um. Hins vegar þrengir árlega að ósnortnum eða lítt snortnum útivistarsvæðum og víðernum hér á landi og reyndar í heiminum öllum. Okkur ber að varðveita slík svæði fyrir okkur og komandi kynslóðir. Náttúra Íslands þarf ekki og á ekki alltaf að vera afgangsstærð í ákvörðunartöku vegna framkvæmda fjárfesta eða annarra aðila. Það er engin brýn nauðsyn til röskunar á þessu svæði. Engin vá eða brýnir almannahagsmunir. Náttúra Íslands, án mannvirkja og sem mest ósnortin, er eitt mesta verðmæti okkar. Hennar er hægt að njóta og hafa verulegar tekjur af án þess að hún sé eyðilögð með mannvirkjum eins og þarna er áformað að reisa.

Ég hvet hlutaðeigandi aðila til að endurskoða staðsetninguna og reisa fyrirhugað baðlón og tilheyrandi mannvirki á svæði sem þar sem nú þegar er byggð. Fyrir okkur öll um viðkomandi fjárfesta eru meiri verðmæti í því til lengri tíma.

Höfundur: Kristján Gunnarsson

Sent inn þann: 11.11.2025

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Ég starfa sem leiðsögumaður um allt land og þekki umrætt svæði ágætlega. Það er áhyggjuefni hversu lítið aðhald stjórnvöld eru að veita við jarðakaup og uppbyggingu einkaaðila í ferðaþjónustu, sér í lagi í kringum og í nágrenni við náttúruverndarsvæði. Gríðarlega fjársterkir fyrirtæki eins og Bláa Lónið eru að upplifa mikla þennslu í sinni starfsemi sem er byrjuð að koma niður á ósnortnum eða lítið snortnum svæðum víða um land t.d. í Kerlingarfjöllum. Þetta er mjög slæm þróun sem þarf að hefja strax og koma þarf í veg fyrir fyrirhugaðar framkvæmdir strax. Rök sem þessi í eftirfarandi setningu eru ógild og vægast sagt villandi. "Markmið áætlunarinnar er að stuðla að ábyrgri ferðaþjónustu með sjálfbærni að leiðarljósi sem styrkir efnahag samfélaga, bætir lífsgæði íbúa og upplifun ferðamanna en dregur úr mögulega neikvæðum áhrifum frá ferðaþjónustu." Svæðið þolir alls ekki fyrirhugað rask og hefur enga þörf á atvinnusköpun í þessari stærðargráðu. Slíkt hefði einmitt ekkert með sjálfbærni að gera.

Hrafnkell Birgisson
leiðsögumaður og hönnuður

Höfundur: Hrafnkell Birgisson

Sent inn þann: 11.11.2025

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Umsögn vegna skipulags og framkvæmda við Hoffell
Ég undirrituð rek gistipjónustu í Nesjum Hornafirði

Það er ánægjulegt að sjá þá faglegu og vel ígrunduðu uppbyggingu sem nú er í undirbúningi við Hoffell. Verkefnið er mikilvægt skref í áframhaldandi þróun svæðisins, þar sem áhersla er lögð á sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda, eflingu ferðapjónustu og aukna þjónustu við heimamenn og gesti.

Sérstaklega ber að fagna því að í áformum verkefnisins er gert ráð fyrir fullkominni aðstöðu fyrir fatlaða og hreyfihamlaða. Slíkt framtak endurspeglar vandaða samfélagslega sýn og tryggir að svæðið verði aðgengilegt öllum, óháð líkamlegri getu. Aðgengi og jöfnuður í nýjum framkvæmdum eru lykilatriði í nútíma skipulagsvinnu, og með þessum áherslum er verið að setja mikilvægt fordæmi fyrir aðrar framkvæmdir í ferðapjónustu og náttúrusvæðum landsins.

Uppbyggingin við Hoffell mun án efa hafa jákvæð áhrif á svæðið í heild – bæði efnahagslega og samfélagslega. Hún styrkir stoðir byggðar, eykur aðdráttarafl svæðisins og skapar framtíðarverðmæti sem byggjast á virðingu fyrir náttúrunni og fólkinu sem hana nýtur.

Virðingarfyllst

Rut Guðmundsdóttir íbúi í Nesjum Hornafirði

Höfundur: Rut Guðmundsdóttir

Sent inn þann: 12.11.2025

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Umsögn vegna skipulags og framkvæmda við Hoffell

Það er ánægjulegt að fylgjast með þeirri metnaðarfullu og vel skipulögðu uppbyggingu sem nú er fyrirhuguð við Hoffell. Verkefnið markar mikilvægt framfaraskref fyrir svæðið, þar sem tekið er mið af sjálfbærni, náttúruvernd og eflingu ferðaþjónustu sem byggir á gæðum og virðingu fyrir umhverfinu.

Ég vil sérstaklega hrósa því að gert sé ráð fyrir góðri og fullkominni aðstöðu fyrir fatlaða og hreyfihamlaða. Slíkur áhugi á aðgengi fyrir alla sýnir samfélagslega ábyrgð og framsækna hugsun. Það tryggir að sem flestir geti notið þess sem Hoffell hefur upp á að bjóða, án hindrana, og setur gott fordæmi fyrir aðrar framkvæmdir í ferðaþjónustu og uppbyggingu víðar um land.

Ég tel að þessi uppbygging muni hafa afar jákvæð áhrif á samfélagið í heild — hún mun styrkja atvinnulíf, efla byggð og gera svæðið að enn eftirsóknarverðari áfangastað fyrir bæði heimamenn og gesti.

Sem íbúi á svæðinu, og foreldri með lítið barn, finnst mér mikilvægt að við byggjum upp sterkt, heilsteypt og mannvænt samfélag þar sem allir geta notið öruggs og heilnæms umhverfis. Uppbyggingin við Hoffell er skref í þá átt — framtíðarmiðað verkefni sem sameinar náttúru, aðgengi og samfélagslega velferð.

Virðingarfyllst,
Laufey Ösp Grönvold Erlingsdóttir íbúi á Höfn

Höfundur: Laufey Ösp Grönvold Erlingsdóttir

Sent inn þann: 12.11.2025

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Ég hvet sveitarfélagið til þess að skoða gaumgæfilega hvort að hér sé í raun og veru um að ræða styrkingu sveitarfélagsins og ferðaþjónustu á Suðausturlandi, eða einfaldlega styrkingu bláa lónsins Hf. sem fyrirtækis. Þá treysti ég því að styrking og varðveiting þeirrar viðkvæmu náttúru sem er að finna í Hoffelli, ekki síst náttúrunnar sem er að birtast undan hopun jökla á svæðinu, sé höfð að leiðarljósi sama hvaða ákvörðun er tekin. Síðast en ekki síst, biðla ég til þeirra sem málið varðar að hlusta á íbúa Hornafjarðar og hafa sjónarmið þeirra ávalt í huga. Það síðasta sem við viljum sem samfélag er að íbúar þessa rótgróna sveitarfélags hefji brottflutning af svæðinu vegna yfirþyrmandi túrisma, eins og reynslan hefur sýnt okkur á fjölmennustu ferðamannastöðum heims.

Höfundur: María Gústavsdóttir

Sent inn þann: 12.11.2025

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Þetta er áætlun um mikið inngrip á viðkvæmu svæði.

Ég tek undir athugasemdir Írisar Ragnardóttur Pedersen.

Kveðja,
Jón Viðar Baldursson

Höfundur: Jón Viðar Baldursson

Sent inn þann: 13.11.2025

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Hér kemur umsögn Landverndar um fyrirhugaðar baðlóns og hótelframkvæmdir við Hoffell í Örafum. Umsögnin er í fylgiskjali

Höfundur: Þorbjörg Eva Erlendsdóttir

Sent inn þann: 17.11.2025

Viðhengi:

59.1.Hoffellslo´n - umso`gn_.pdf

Skipulagsstofnun

b.t. Þordís Stella Erlingsdóttir

Reykjavík, 20.11.2025

Sent með tölvupósti á: skipulagsgatt@skipulagsgatt.is

Mál nr. 1476/2025

Matsáætlun Hoffell í Nesjum – Uppbygging hótels og baðstaðar

Inngangur

Bláa lónið áformar uppbyggingu á ferðaþjónustu við Hoffell í Nesjum í Sveitarfélaginu Hornafirði. Fyrirtækið hyggst í matsáætlun ráðast í stórframkvæmdir og reynar þar á þolmörk við enn eina náttúruperlu landsins. Landvernd óskar eftir að allir sem um málið muni fjalla á einn eða annan hátt íhugi hvar eigi að draga línu í sandinn um ágengar framkvæmdir, í þessu tilviki alveg þétt að mörkum Vatnajökulsþjóðgarðs eða jafnvel innan hans. Eðli máls skipta mörk þjóðgarðsins mjög miklu og spyrja má að hve miklu leyti geti verið réttlætanlegt að einkavæða aðkomu að slíkum svæðum til upplifunar m.a. á grunni þess að flestir óska þess og búast við að sjá slík svæði án inngripa mannsins og án mannvirkja. Landvernd lítur svo á að fegurðin og verðmætasta upplifunin sé fólgin í að slík svæði fái að þróast á eigin forsendum í þeim síkviku breytingum sem eiga sér stað einmitt eins og við Hoffelslón þar sem bráðnun jökla og breytingar gagnvart loftslagsáskorunum eru stórt og mikið rannsóknarefni. Landvernd hafnar því slíkri stórframkvæmd sem hér er áætluð.

Verndargildi

Ekki verður lesið úr matsáætlun hvort tilvitnað samráð við Vatnajökulsþjóðgarð hafi skilað einhverri niðurstöðu meðal annars um hvernig þjóðgarðurinn hyggst mæta framkvæmdum og raski sem af hlýst. Ljóst má vera að á grunni stjórnunar- og verndaráætlunar þjóðgarðsins að Svæðisstjórn Vatnajökulsþjóðgarðs og Náttúruverndarstofnun, sem garðurinn heyrir undir, hljóti að horfa á áformaða framkvæmd með verndargildi í fyrirrúmi. Landvernd á erfitt með að trúa að þau áform sem hér liggja fyrir í matsáætlun hafi verið gerð í samráði við Vatnajökulsþjóðgarð og Náttúruverndarstofnun enda má hverjum vera ljóst að hér er um að ræða framkvæmd sem mun brjóta gegn lögum um náttúruvernd, auk þess að fara yrdi gróflega gegn þeirri stjórnunar- og verndaráætlun sem sett hefur verið um svæðið. Af mörgu er að taka í en augljóslega munu framkvæmdirnar spilla verndargildinu og þeim ramma sem hefur verið settur í stjórnunar- og verndaráætlun og nægir þar að vitna til eftirfarandi úr þeirri áætlun sem samþykkt hefur verið um svæðið „**Við jaðra skriðjökla er óheimilt að valda skemmdum á viðkvæmum jökuluminjum og spilla ásýnd við jaðra skriðjökla, til dæmis við lagningu vega, göngustíga og annarra mannvirkja samkvæmt áætluninni**“

Það fer ekkert á milli mála að matsáætlunin gerir beinlínis ráð fyrir að spilla jökulminjum, jökulruðningum og með mannvirkjauppbyggingu sem fram kemur í áætluninni. Því er beinlínis ranglega haldið fram að svæðinu hafi þegar verið spilt með vegslóðalagningu og bílastæðum. Þær framkvæmdir hafa í engu gengið á svæðið með óafturkræfum hætti heldur er til staðar að því er má segja lágmarksinngríp í land til umferðarstýringar inn á svæðið. Áform sem nú liggja hér fyrir í matsáætlun munu hinsvegar valda óafturkræfum náttúruspjöllum. Landvernd skorar á stjórn og svæðisráð Vatnajökulsþjóðgarðs ásamt Náttúruverndarstofnun að sameinast um að koma í veg fyrir að áætlanir í þessari mynd nái

fram að ganga, en verndargildi svæðisins er í húfi. Landvernd telur bráðnauðsynlegt að fallið verði frá öllum þeim framkvæmdaáætlunum sem settar eru fram við mörk þjóðgarðsins. Hér verður því fyrst og síðast að meta verndargildi svæðisins ofar öðru.

Áform sem skjóta skökku við

Frá upphaflegum áformum hafa hugmyndir fyrirtækisins breyst og þær munu kalla á stóraukið álag og upplifun gesta á þá einstæðu náttúru sem þarna er að finna. Í heildina tekið verður gert ráð fyrir 175 gistirýmum/ herbergjum, þar af 150 á hótelinu sjálfu í meiri fjarlægð en rest þá upp við lónið. Við hótelið er gert ráð fyrir 120 bílastæðum. Öll þessi ágenga uppbygging í jaðri þjóðgarðsins í Hoffellsdal þar sem eru margar vistgerðir, jarðminjar og dýralíf með verndargildi mun gerbreyta ásýnd og upplifun í einstaklega fallegum dal.

Gagnrýnivert er að þeir ferðamenn sem eru tilbúnir að greiða fyrir „lúxus“ á uppsprengdu verði séu markhópurinn sem ætlað er að verða ein af helstu forsendum þess að uppbygging geti borgað sig upp. Þessi þáttur hlýtur að vekja upp mjög áleitnar og siðferðilegar spurningar þegar um þjóðgarð fyrir almenning er að ræða. Háleit markmið Bláa Lónsins um sjálfbærni og lítið kolefnisspor hlýtur sömuleiðis að vekja upp spurningar þegar markhópurinn er einmitt sá hópur neyslufrekra einstaklinga sem skilur jafnframt eftir sig langstærsta kolefnissporið með lífsmáta sínum ef lítið er til stöðu almennt meðal þjóðfélagshópa. Landvernd er að sjálfsögðu ekki með þessu að dæma vel efnaða ferðamenn, aftur á móti skýtur það skökku við ef áætlanir gera ráð fyrir að þeim sé sköpuð sérstök aðstaða við helstu náttúruperlur Íslands sem almenningi er þá ekki ætlað að njóta í sama mæli. Hér er verið að marka stefnu sem leiðir til mismununar þegar kemur að aðgengismálum að helstu náttúruperlum landsins sem að allir eiga að hafa jafna aðstöðu og aðgang að. Landvernd leggur því sérstaka áherslu sem áður á að þeir sem bera ábyrgð á okkar stærsta þjóðgarði horfi til þess meginhlutverks sem hann á að þjóna.

Hér er viðeigandi að skjóta inn í beina tilvitnun frá íbúafundi Bláa Lónsins á Höfn í Hornafirði þar sem fulltrúi fyrirtækisins svaraði orðréttri spurningu með eftirfarandi hætti. „*Mjög takmörkuð gisting verður upp við lónið fyrir þá sem eru betur borgandi en þeir munu að sama skapi leggja langmest inn í verkefnið. Að öðru leyti er baðstaðurinn opinn öllum almenningi.*”

Þetta eru því skýr áform um hverjir hafi forgang og baðstaðurinn stóri á Hoffellslónbakknum sjálfum verður að auki mjög stór og mjög áberandi með tilheyrandi framkvæmdum og landbroti sem sannarlega mun hafa óafturkræf áhrif á verndargildi svæðisins.

Samráð

Í matsáætlun er að finna háleitar hugmyndir um samstarf einkafyrirtækisins Bláa Lónsins við Vatnajökulspjóðgarð og að samráð hafi þegar átt sér stað án þess að þar komi á nokkurn hátt fram um hvað hafi verið rætt og á hvaða forsendum. Hið sama má segja þegar leitað er í fundargerðum svæðisstjórnar Vatnajökulspjóðgarðs er hvergi að finna bókanir eða mál til kynningar um samtal fulltrúa þjóðgarðsins, svæðisráðs eða annarra við fyrirtækið Bláa Lónið. Aftur á móti er að finna furðulegan pistil á heimasíðu sveitarfélagsins Hornafjarðar en þar situr bæjarstjóri sem ekki verður betur séð en að sé jafnframt formaður Svæðisráðs Vatnajökulspjóðgarðs. Í viðamiklum pistli bæjarstjórans þann 6. nóvember, sjá nánar, verður ekki annað séð en að þar sé á ferð einstaklingur með a.m.k. tvo hatta og það sem meira er þá gengur bæjarstjóri svo langt milli þess sem hann skrifar um opið og gegnsætt ferli og

fyrirhugað gott samtal við íbúa að hann leyfir sér, á þeim tímapunkti þegar matsáætlun er í fyrsta fasa, að taka einarða afstöðu með verkefninu og Bláa lóninu án þess þó að umhverfismat eða álit skipulagsstofnunar liggja fyrir.

<https://www.hornafjordur.is/stjornsysla/sveitarfelagid/frettasafn/hoffell-uppbygging-i-satt-við-naattu-og-samfelag>

Sjá tilvitnun bæjarstjóra og formanns Svæðisráðs Vatnajökulsþjóðgarðs:

“Bláa Lónið hefur þegar óskað eftir samráði við þjóðgarðinn, og þar eru fjölmargir möguleikar:

- *Samvinna um gönguleiðir og aðgengi að svæðinu*
- *Sameiginleg fræðsla og sýningar um jökla, náttúru og lofislagsbreytingar*
- *Verkefni um rannsóknir og upplýsta ferðamennsku, líkt og tíðkast í þjóðgörðum víða um heim.*

Þannig getur Hoffell orðið mótunarstaður fyrir nýja tegund ferðaþjónustu – þar sem að upplifun, fræðsla, rannsóknir og virðing fyrir náttúrunni fara hönd í hönd.”

Landvernd hlýtur að gera þá kröfu að við svo stórtækar og umdeildar framkvæmdir að þeir sem eiga fyrst og síðast að vanda til verka og sýna ábyrgð geri sig ekki vanhæfa með slíkum yfirlýsingum. Það að formaður Svæðisstjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs taki svo augljóslega afstöðu að ganga erinda Bláa Lónsins á þessum tímapunkti í ferlinum gerir hann a.m.k. að mati Landverndar algjörlega vanhæfan til að gegna stöðu sinni sem formaður svæðisstjórnar þjóðgarðsins. Hér virðist því um ótrúlega yfirsjón viðkomandi formanns VJP að ræða þar sem hann rýrir augljóslega stöðu þjóðgarðsins og gerir ekki greinarmun á hvaða hagsmuni honum ber að gæta. Hér þarf armslengdarsjónarmið að vera til staðar, að öðrum kosti er verið að útiloka eðlilega málsmeðferð og setja raunverulega bæði stjórnsýslu Vatnajökulsþjóðgarðs niður sem og stjórnsýslu sveitarfélagsins þar sem bæjarstjóra ber að virða ólík sjónarmið, sem hann gerir ekki í umræddum pistli.

Lokaorð

Hér verður ekki farið dýpra í einstaka þætti en fyrir liggur að ef matsferli er ætlað að halda áfram með eðlilegum hætti þá verður Skipulagsstofnun í fyrsta lagi að gera miklu mun ríkari kröfu um ítarlegra og heildstætt mat á verndargildi svæðisins og þá með sérstöku tilliti til nálægðar við þjóðgarðinn. Í annan stað gerir Landvernd kröfu um að stjórnsýsluleg meðferð málsins verði metin sérstaklega þannig að sýnt verði fram á að viðhöfð séu lýðræðisleg og gegnsæ vinnubrögð meðal annars við samráð eins og framan er nefnt. Þar liggur fyrir að sami einstaklingur situr í raun allt um kring um borðið í helstu ábyrgðar- og stjórnunarstöðum sem lítur að þessu verkefni. Landvernd lítur svo á að til að nálgast umræðu um svo risastór framkvæmdaverkefni þá sé lágmarkskrafa að bæði íbúar allir á svæðinu og hagsmunaðilar, sem og allur almenningur sem áhuga hefur á náttúru landsins, geti treyst því að viðhöfð séu vönduð, opin og lýðræðisleg vinnubrögð þegar þjóðgarður okkar allra er til umræðu í jafn stóru máli. Að öðru leyti leggur Landvernd til að ferli málsins verði stöðvað með þessum áformum fyrir fullt og allt.

Með vinsemd og virðingu

Framkvæmdastjóri Landverndar

Björg Eva Erlendsdóttir

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Ég Sigurður Guðmundsson íbúi á Mýrum í Hornafirði og fyrirtækjaeigandi í afþreyingarferðaþjónustu, Flá fjall ehf vil leggja inn umsögn um málið. Í mörg ár hefur fólk verið að njóta Hoffellslóns og svæðisins í kring og framan við Lónið, og það er gott, ég sé ekki að uppbyggingin skaði eða skerði aðgengi fólks að Hoffellslóni eða jökulöldunum framan við lónið, þvert á móti hef ég trú á að það auki aðgengi að svæðinu því við vitum að mikið til sömu aðilar eru að fara þarna að, en ekki alltaf fært fyrir fólksbíla inneftir sérstaklega á vetrum þegar fallet er að vera við lónið að mínu mati, uppbyggingin gerir það að verkum að fleirri komast og skoða svæðið að vetri og njóta þeirrar þjónustu sem verður í boði þarna. Ég sé einnig fyrir mér að uppbyggingin skapi atvinnu fyrir ferðaþjónustu og afleidda þjónustu er varðar ferðaþjónustu, Þetta verður snyrtilegt og ég hef fulla trú á að aðilar komi til með að ganga um náttúruna af virðingu og festu í frágangi. Ég vil koma inn á

4. gr. laga um Vatnajökulsþjóðgarð sem eru að :

- gefa almenningi kost á að kynnast og njóta náttúru og sögu svæðisins,
- stuðla að rannsóknum, fræðslu og auknum skilningi á gæðum og sérstöðu svæðisins, og
- styrkja byggð og atvinnustarfsemi í nágrenni þjóðgarðsins, m.a. með því að hvetja til sjálfbærrar nýtingar gæða hans.

Þetta er einmitt liður í því.

Að lokum vil ég nefna það að fyrirtæki sem eru starfandi í þjóðgarðinum og hafa leyfi til þess hafa sum en fá, stundum notað Hoffellslón sem segul til ljósmyndaferðamennsku á veturna, og það þarf að passa vel að það verði ekki skerðing á þeim gæðum, ég sé jafnvel fyrir mér að fallegar myndir væru teknar utan af frosnu lóninu af fallegu hóteli til suðurs. Ég hef jafnvel góða hugmynd af afþreyingu fyrir gesti hótelsins að vetrarlagi með þar tilbærum leiðsögumönnum með góð réttindi til að gera fallega og flotta afþreyingu í samvinnu við náttúru og menn.

Aðgengi má ekki skerðast að neinu leiti.

Ég er jákvæður fyrir þessari uppbyggingu.

Höfundur: Karl Sigurður Guðmundsson

Sent inn þann: 17.11.2025

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Nú er svo komið að við öll jökullón sunnan hinna stóru jökla er starfrækt ferðþjónusta að einhverjum toga, sem dregur að sér mikinn fjölda ferðamanna ár hvert. Á þessu er ein undantekning, sem þó er farið að halla á og er það Heinabergslón. Eitthvað er um kayakferðir á lóninu en það breytir ekki því að við lónið er hægt að finna kyrrð og stemmingu sem er víðast hvar að hverfa. Ég tel það vera mjög mikilvægt að varðveita þetta svæði eins og það er og hafna beri öllum áformum um stórtæka uppbyggingu nálægt lóninu, eins og hótél, baðlón, veitingaaðstöðu eða byggingar sem hýsa ferðþjónustu að hvað lagi sem er. Allri slíkri starfsemi má finna stað í næsta nágrenni í hæfilegir fjarlægð. Heinabergslón er algjörlega einstakt og okkur ber að skila því þannig til næstu kynslóða.

Kristján Jónsson, frkvstj. ferðaskrifstofunnar Iceland Discovery.

Höfundur: Kristján Jónsson

Sent inn þann: 19.11.2025

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Hér kemur umsögn Unga Umhverfissinna um fyrirhugað baðlón við Hoffellsjökul.
Umsögnin er í fylgiskjali.

Höfundur: Ísak Ólafsson

Sent inn þann: 20.11.2025

Viðhengi:

62.1.Umsögn um baðlón við Hoffellsjökul.pdf



Reykjavík, 20. nóvember 2025

Umsögn um baðlón við Hoffellsjökul

Ungir umhverfissinnar vilja koma á framfæri umsögn vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar baðlóns við Hoffellsjökul. Svæðið er einstakt, ósnortið og er þar að finna mikinn líffræðilegan og jarðfræðilegan fjölbreytileika auk þess að svæðið er vinsælt meðal íbúa og gesta til útivistar en fólk sækir þangað til að njóta kyrrðar og náttúrufegurðar allt árið um kring.

Í ljósi þessa er mikilvægt að skoða áhrif framkvæmdarinnar á svæðið í heild. Fjölmörg atriði má nefna í því samhengi, og hafa mörg þeirra þegar komið fram í fyrri umsögnum. Hér viljum við leggja áherslu á nokkur þeirra sem við teljum sérstaklega mikilvæg.

Núverandi baðstaður og aðrir valkostir

Svæðið við Hoffell hefur þegar starfandi baðstað (Hoffell Hot Tubs), sem mætti þróa og bæta frekar til að styðja við ferðarþjónustu án þess að raska ósnortnu landslagi. Uppbygging ferðarþjónustu á svæðinu er mikilvæg fyrir svæðið og sveitarfélagið, en það er hægt að velja aðra staði til að byggja upp baðlón sem hafa minni áhrif á náttúru og lífríki.

Séríslensk undirtegunnd – tröllasmiðurinn

Á svæðinu hefur fundist séríslensk undirtegunnd af tröllasmiði, og er svæðið í kringum Hoffellsjökull eina þekkta búsvæði hennar á landinu. Íslenski tröllasmiðurinn hefur mjög lítið verið rannsakaður og er staða tegundarinnar í þeim hröðu breytingum sem hafa átt sér stað í náttúrunni óljós. Vegna sérstöðu tegundarinnar hefur verið lögð til friðlýsing bæði á henni sem og búsvæðum hennar¹. Framkvæmdir á þessu svæði gætu haft óafturkræf áhrif á eina þekkta búsvæði tegundarinnar og því er brýnt að tryggja að komast hjá slíku raski.

Ósnortið landslag

Svæðið við Hoffellsjökul er óraskað landslag og hefur því mikið varðveislugildi. Rannsóknir hafa sýnt að á Íslandi er um 43% þeirra víðerna sem finnast í Evrópu². Þessi einstaka staða krefst þess að slík svæði séu varin fyrir röskun. Þegar ósnortnu landslagi er raskað eru afleiðingarnar óafturkræfar. Við berum sameiginlega ábyrgð á því að varðveita slík svæði fyrir komandi kynslóðir.

¹ https://www.stjornarradid.is/library/03-Verkefni/Umhverfi-og-natturuvernd/Kvisker/Trollasmidur_lokaskyrsla_Kviskerjasjodur.pdf

² https://wildlandresearch.org/wp-content/uploads/sites/39/2022/03/Iceland-Wilderness-Report_FINAL_March16-3_compressed-med.pdf



Hreindýr

Svæðið er einnig mikilvægt búsvæði hreindýra, en hjarðir hreindýra nýta sér svæðið og þá sérstaklega á veturna þegar hálandið er hulið snjó. Rannsóknir sýna að hreindýr forðast svæði í allt að 15 km fjarlægð frá ferðamannainnviðum og að uppbygging ferðaþjónustu geta því takmarkað aðgengi þeirra að hefðbundnum beitolöndum og farleiðum³. Þetta sýnir hversu viðkvæm tegundin er fyrir raski og hve mikilvægt það er að halda þessu landslagi óröskuðu. Þegar hreindýr forðast ákveðin svæði eykst beitarálag á öðrum, sem getur leitt til ofbeitar og minnkaðs fæðuframboðs til lengri tíma⁴. Stór hluti fæðu hreindýra samanstendur af fléttum⁵ sem vaxa afar hægt, aðeins nokkra millimetra á ári. Ef ofbeit á sér stað getur því tekið áratugi, jafnvel aldir, að endurheimta fyrra ástand.⁶

Hættulegt fordæmi

Leyfisveitingar fyrir framkvæmdum á ósnortnum svæðum geta skapað fordæmi sem draga úr viðmiðum samfélagsins um hvað telst eðlilegt ástand náttúrunnar. Þetta fyrirbæri hefur verið nefnt *shifting baseline syndrome*, þar sem viðmið um náttúrulegt ástand breytast smám saman og umburðarlyndi gagnvart raski eykst⁷. Slík þróun getur leitt til þess að komandi kynslóðir telji verulega breytt og raskað landslag vera eðlilegt, sem dregur úr virðingu fyrir náttúru Íslands og markmiðum um náttúruvernd.

Samfélagsleg og menningarleg gildi

Svæðið við Hoffellsjökul hefur mikið gildi fyrir heimamenn og gesti sem sækja það til útivistar, gönguferða og náttúruupplifunar. Kyrrð, ósnortið landslag og einstakt lífríki eru lykilþættir í þeirri upplifun. Uppbygging baðlóns og tengdra mannvirkja myndi breyta upplifun svæðisins, draga úr kyrrð og sjónrænu gildi þess, og veikja tengsl fólks við náttúruna. Slík breyting myndi draga úr sérstöðu svæðisins sem eitt af fáum ósnortnum svæðum í nágrenni byggðar og skerða það náttúru- og menningargildi sem margir sækja þangað til að upplifa.

³ <https://onlinelibrary.wiley.com/doi/10.1111/j.1526-100X.2009.00517.x>

⁴ <https://www.jstor.org/stable/40511877>

⁵ https://www.stjornarradid.is/media/umhverfisraduneyti-media/media/PDF_skrar/Skyrsla-um-hreindyraeldi.pdf

⁶ <https://journals.uair.arizona.edu/index.php/jrm/article/viewFile/8144/7756>

⁷ <http://kevingaston.com/wp-content/uploads/2019/05/Soga-Gaston-2018-Shifting-baseline-syndromes.pdf>



Niðurstaða

Að öllu framangreindu virtu teljum við að svæðið við Hoffellsjökul sé alls ekki æskilegt fyrir uppbyggingu nýs baðlóns. Ef ætlunin er að efla ferðapjónustu á svæðinu væri nær að byggja upp núverandi aðstöðu eða í kringum fyrirhugað hótél fremur en að raska nýju svæði. Með því væri áfram hægt að njóta óraskaðs og náttúrulegs svæðis við Hoffellsjökul, sem er einmitt meginatriðið sem gerir svæðið svo aðlaðandi fyrir bæði gesti og heimamenn.

Fyrir hönd Ungra umhverfissinna,

Snorri Hallgrímsson

Snorri Hallgrímsson
Varaforseti UU

Ísak Ólafsson

Ísak Ólafsson
Líffræðingur og meðlimur UU

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Undirritaður veitir þessa umsögn fyrir hönd Landsbyggð ehf., sem vinnur að skipulagi og uppbyggingu nýs miðbæjar á Höfn í Hornarfirði.

Miðað við þau uppbyggingaráform sem lesa má um í matsáætlun sem Efla vann fyrir Bláa Lónið um fyrirhugaðar framkvæmdir í Hoffelli, má vera ljóst að:

- Uppbyggingin gengur út á að leyfa náttúrunni að njóta sín. Ásýnd og útsýni til og frá Hoffellsjökli verða að mestu óskert. Gönguleiðir og útsýnissvæði við jökulinn verða áfram aðgengilegar, og aðstaða til slíkra athafna mun í raun batna til muna, m.a. með tilkomu bílastæða og gestastofu.
- Uppbyggingin mun hafa mikil og jákvæð áhrif á nærsamfélagið. Gestum og íbúum mun fjölga, atvinnustarfsemi mun eflast og samkeppnishæfni svæðisins styrkist til muna.

Markmiðin með stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs, skv. 2. gr. laga um þjóðgarðinn nr. 60/2007, eru meðal annars að „gefa almenningi kost á að kynnast og njóta náttúru og sögu svæðisins“ og einnig skuli „leitast við að styrkja byggð og atvinnustarfsemi í nágrenni þjóðgarðsins, m.a. með því að hvetja til sjálfbærrar nýtingar gæða svæðisins.“ Í stefnu Vatnajökulsþjóðgarðs kemur fram að eitt að markmiðum hennar sé að „vinna með áhugasömum aðilum að jákvæðri þróun þjóðgarðs, lengri dvalartíma gesta, efla menningu, viðskipti og efnahagslegan ávinning fyrir samfélag.“

Ekki verður annað séð en að fyrirhuguð uppbygging í Hoffelli falli því vel að stefnu og markmiðum Þjóðgarðsins. Bláa Lónið hefur undanfarin ár verið leiðandi í uppbyggingu áfangastaða, hótela og baðlóna víða um land, sem allir eiga það sammerkt að vera hannaðir og byggðir með virðingu og natni fyrir náttúrunni og sínu nánasta umhverfi.

Landsbyggð styður þessi uppbyggingaráform heilshugar og telur að þau fari vel með fyrirhugaðri uppbyggingu í miðbæ á Höfn. Um er að ræða mikla lyftistöng fyrir samfélagið sem mun auka lífsgæði heimafólks.

F.h. Landsbyggð ehf,
Vignir Guðjónsson
Framkvæmdastjóri Reksturs & Viðskipta

Höfundur: Vignir Guðjónsson

Sent inn þann: 20.11.2025

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Umsögn Vatnajökull Travel um fyrirhugaða uppbyggingu við Hoffell

Ég styð eindregið fyrirhugaða uppbyggingu við Hoffell og tel hana verða mikilvæga lyftistöng fyrir samfélagið og atvinnulífið á svæðinu. Uppbyggingin fellur mjög vel að markmiðum Vatnajökulsþjóðgarðs um að efla byggð og atvinnuuppbyggingu á svæðinu. Einnig mun hún styrkja rekstrargrundvöll lítilla og meðalstórra fyrirtækja í sveitarfélaginu Hornafirði. Fyrir fyrirtæki eins og Vatnajökull Travel mun þetta skipta miklu máli til að halda úti heilsársþjónustu fyrir skóla, félagasamtök og íbúa á svæðinu sérstaklega nú þegar fækkun skemmtiferðaskipa til Djúpavogs hefur gert okkur erfiðara að reka bíla og ferðir allt árið.

Aðgengi að svæðinu mun batna verulega, bæði fyrir heimamenn og ferðamenn, og ég fagna því að uppbyggingin sé hönnuð í sátt við umhverfið. Sérstaklega vil ég hrósa fyrir hugmyndir um greiða aðstöðu sem boðuð er fyrir fatlaða og hreyfihamlaða. Sem foreldri fjölfatlaðs drengs tel ég þetta afar mikilvægt, enda skortir slíkt aðgengi á flestum af helstu áfangastöðum þjóðgarðsins. Hér getur Vatnajökulsþjóðgarður tekið sér Bláa Lónið til fyrirmyndar.

Fræðsla og aðgengi að Hoffellsjökli mun styrkjast til muna og ég hvet Vatnajökulsþjóðgarð eindregið til að starfa náið með Bláa Lóninu í þeim efnum, þannig að gestir fái vandaða og aðgengilega fræðslu á heimsmælikvarða. Jafnframt hvet ég Bláa Lónið til að tryggja góðan aðgang heimamanna að lóninu, sambærilegan því sem Krauma hefur gert með árskortum á hagstæðum kjörum fyrir heimamenn.

Það er jafnframt einstaklega mikilvægt að virða rétt landeigenda til að byggja upp á sínu landi með ábyrgum hætti, svæðinu öllu til hagsbóta. Þá er ljóst að fyrirhugað svæði er utan kjarnasvæðis heimsminjastaðarins og uppfyllir þau viðmið sem UNESCO gerir um uppbyggingu í svokölluðum buffer zones. Fjölmörg dæmi erlendis sýna að vel skipulögð ferðaþjónusta á slíkum svæðum — eins og við Brú na Bóinne á Írlandi og í Bamberg í Þýskalandi — getur bæði aukið verndun (ekkert eftirlit er á svæðinu í dag) og bætt aðgengi án þess að ógna verndargildi staða.

Ég tel að uppbyggingin við Hoffell muni efla samfélagið, styrkja atvinnulíf á svæðinu og skapa mikilvæg tækifæri fyrir ferðaþjónustu á Suðausturlandi til framtíðar á sama tíma og svæðið mun verða aðgengilegra öllum sem vilja heimsækja það.

Páll Guðbrandsson
Eigandi Vatnajökull Travel

Höfundur: Páll Guðbrandsson

Sent inn þann: 26.11.2025

Mál nr. 1476/2025 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Meðfylgjandi er umsögn Umhverfis- og orkustofnunar

Höfundur: María Guðmundsdóttir

Sent inn þann: 27.11.2025 , **Fyrir hönd:** Umhverfis- og orkustofnun

Viðhengi:

66.1.Umsögn UOS - Hoffell matsáætlun.pdf

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

27. nóvember 2025
UOS2511007/M.G.

Umsögn um matsáætlun: Hoffell í Nesjum – Uppbygging hótels og baðstaðar

Inngangur

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 3. nóvember 2025 þar sem óskað var umsagnar Umhverfis- og orkustofnunar vegna matsáætlunar fyrir Hoffell í Nesjum – Uppbygging hótels og baðstaðar, á grundvelli 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Í umsögn umsagnaraðila skal koma fram hvort umsagnaraðili hafi athugasemdir við það hvernig framkvæmdaraðili hyggst vinna að umhverfismati framkvæmdarinnar, út frá sínu starfssviði, svo sem um skilgreiningu valkosta, gagnaöflun, úrvinnslu gagna, umhverfismat og framsetningu umhverfismatskýrslu. Einnig, ef á skortir, hvaða atriðum umsagnaraðili telur að gera þurfi frekari skil eða hafa sérstaklega í huga við umhverfismat framkvæmdarinnar. Leyfisveitendur skulu í umsögn sinni gera grein fyrir þeim leyfum sem eru á starfssviði þeirra og framkvæmdin er háð.

Nýting auðlinda

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að í gildi er nýtingarleyfi RARIK ohf. á jarðhita í Hoffelli, leyfisnúmer OS-2019-L019-01¹. Rarik ohf. hefur heimild til að nýta allt að 35 l/s að meðaltali á ársgrundvelli og allt að 85 l/s að hámarki á hverjum tíma vegna þarfa hitaveitu í sveitarfélaginu. Í matsáætlun kemur fram að framkvæmdaraðili hyggist nýta heitt vatn úr borholum Rarik, allt að 10 l/s, en ekki kemur fram hvort nýting vatns fyrir framkvæmdina rúmist innan nýtingarleyfis Rarik. Þá kemur fram að ætlunin sé að nýta 10- 12 l/s af köldu vatni.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að skv. 6. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu er nýting auðlinda úr jörðu háð leyfi Umhverfis- og orkustofnunar, og á það bæði við um jarðhita og kalt grunnvatn. Þá er bent á 17. gr. sömu laga þar sem segir að við veitingu nýtingarleyfa skuli þess gætt að nýting auðlinda í jörðu sé með þeim hætti að

¹ [Nýtingarleyfi Rarik í Hoffelli, útgefið af Orkustofnun](#)

tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða, nýting auðlindanna sé hagkvæm frá þjóðhagslegu sjónarmiði og tekið sé tillit til nýtingar sem þegar er hafin í næsta nágrenni. Gera þarf því grein fyrir tilhögun nýtingar á bæði heitu og köldu vatni í umhverfismatskýrslu og hver áhrif hennar verður á þá nýtingu sem þegar er hafin í næsta nágrenni. Leggja skuli mat á hvort áætluð vatnsnýting sé nægjanleg vegna rekstursins og að ekki sé um vanmat að ræða á nýtingarmagni og þar með umhverfisáhrifum. Æskilegt væri að gerð væri grein fyrir því hvernig slíkt mat er framkvæmt í umhverfismatskýrslu og hvort gert sé ráð fyrir endurnýtingu vatns og hvort ætlunin sé að dæla niður vatni í jarðhitakerfi. Umhverfis- og orkustofnun bendir á að nýting Rarik er vegna hitaveitu í sveitarfélaginu sem nýtist m.a. þéttbýlinu á Höfn og er því mikilvægt að önnur nýting á svæðinu verði ekki til þess að skerða þá starfsemi m.t.t. almannahagsmuna.

Umhverfis- og orkustofnun vekur athygli á því að sbr. lög nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu skal skila gögnum um borholur til stofnunarinnar. Kröfur þess efnis hafa verið dregnar saman í borholureglur sem lúta að skráningu, hönnun og frágangi borholna, sem og skil á upplýsingum til Umhverfis- og orkustofnunar².

Vatnamál

Til að leyfisveitendur geti tryggt að leyfi séu í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun, þarf að liggja fyrir mat á áhrifum framkvæmdarinnar á viðkomandi vatnshlot sem leyfisveitandi tekur afstöðu til í leyfisveitingarferlinu. Framkvæmdaraðili þarf að meta áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á þá gæðapætti sem skilgreindir hafa verið fyrir þau vatnshlot sem um ræðir til að meta hvort framkvæmdirnar munu valda því að vatnshlotið nái ekki umhverfismarkmiðum. Slíkt áhrifamat skal m.a. innihalda upplýsingar um:

- Vatnshlotin sem um ræðir, núverandi ástand þeirra og umhverfismarkmið.
- Áhrif vegna framkvæmdarinnar og hvernig hún hefur áhrif á gæðapætti sem eru notaðir til að ástandsmeta vatnshlotin. Ef greind eru líkleg neikvæð áhrif, bein eða óbein, á gæðapættina vegna framkvæmdarinnar þarf að gera sérstaklega grein fyrir þeim tengslum og umfangi áhrifanna.
- Mat á því hvort framkvæmdin valdi því að umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir vatnshlotin náist ekki.
- Hugsanlegar mótvægisáðgerðir til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif (þ.e. ef kemur í ljós að umhverfismarkmiðin nást ekki).
- Samlegðaráhrif allrar starfsemi (núverandi og fyrirhugaðri) sem hafa eða geta haft áhrif á vatnshlotið.

Í matsáætlun kemur fram að í umhverfismatskýrslu verði lagt mat á áhrif af losun frárennslis og losun baðvatns frá baðlóni á viðtaka. Einnig verður lagt mat á áhrif af vatnstöku.

² [Borholureglur á vefsíðu Umhverfis- og orkustofnunar](#)

Umhverfis- og orkustofnun bendir á leiðbeiningar stofnunarinnar um hvernig skuli framkvæma áhrifamat á vatnshlot³. Í kafla 2.2.4. kemur fram að Hoffellslón sé ekki skráð sem sérstakt vatnshlot en Umhverfis- og orkustofnun bendir á að áhrifamat á vatnshlot skuli taka til alls vatns á svæðinu, óháð því hvort það hafi verið skilgreint sem vatnshlot.

Í kafla 4.8 í matsáætlun eru tilgreind viðmið sem verða höfð til grundvallar við mat á áhrifum á vatnshlot. Umhverfis- og orkustofnun bendir á að einnig skuli taka tillit til reglugerða nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun, nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns og nr. 797/2011 um varnir gegn mengun grunnvatns. Þá skuli taka tillit til ákvæða laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu sem og vatnalaga nr. 15/1923.

Fráveitumál og mengunarvarnir

Kröfur um hreinsun á fráveituvatni frá bæði dreifbýli og þéttbýli eru settar fram í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ en Umhverfis- og orkustofnun bendir einnig á að stofnunin hefur gefið út ýmsar leiðbeiningar varðandi fráveitumál, þar á meðal *Leiðbeiningar um eftirlitsmælingar og vöktun vegna fráveitu*⁴ sem hægt er að hafa til hliðsjónar.

Náttúruvá og möguleg umhverfisáhrif

Í kafla 2.1.2. í matsáætlun er fjallað um náttúruvá og er niðurstaðan að framkvæmdin sé ekki til þess fallin að hafa áhrif á náttúruvá á svæðinu og því verði náttúruvá ekki hluti þeirra umhverfispáttá sem lagt verður mat á í umhverfismatinu.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að, líkt og kemur fram í matsáætlun, er svæðið síbreytilegt sökum nálægðar við jökul, jökullón og jökulár og hætta á ýmis konar náttúruvá sem gæti haft áhrif á fyrirhugaða framkvæmd, s.s. ofanflóð, vatnsflóð o.fl. Náttúruvá getur skapað aukna hættu á mengun og öðrum umhverfisáhrifum vegna framkvæmdarinnar, t.d. ef flæðir inn í fráveitukerfi eða ef lón og árfarvegir breytast og þörf verður á varnargörðum eða öðrum manngerðum breytingum á vatnsfarvegi. Umhverfis- og orkustofnun telur því fulla ástæðu til að meta áhrif náttúruvár á framkvæmdina í umhverfismatskýrslu og að æskilegt væri að skilgreina valkosti m.t.t. til slíkra áhrifa.

Valkostagreining

Umhverfis- og orkustofnun vekur athygli á að í umfjöllun um valkostagreiningu í matsáætlun, eru einungis skilgreindir tveir meginvalkostir, þ.e. núllkostur og mismunandi valkostir fyrir staðsetningu baðlóns innan jökulgarðsins við Hoffellslón. Með hliðsjón af náttúruvá og mengunarhættu telur Umhverfis- og orkustofnun að einnig ætti að skoða valkosti fyrir baðlón

³ [Leiðbeiningar vegna áhrifamats á vatnshlot](#)

⁴ [Leiðbeiningar um eftirlitsmælingar og vöktun vegna fráveitu](#)

staðsett fjær jökullóninu, þar sem áhættan er mögulega minni. Þá væri æskilegt að skilgreina fleiri valkosti miðað við mismunandi stærð baðlóns og gestafjölda til að meta álag vegna auðlindanýtingar, sem og álag vegna fráveitu og mögulegrar mengunar.

Niðurlag

Umhverfis- og orkustofnun hefur kynnt sér matsáætlun vegna uppbyggingar hótels og baðstaðar í Hoffelli í Nesjum og hefur gert ýmsar athugasemdir við það hvernig framkvæmdaraðili hyggst vinna að umhverfismati framkvæmdarinnar og hvaða atriðum stofnunin telur að gera þurfi frekari skil eða hafa sérstaklega í huga við umhverfismat framkvæmdarinnar. Má þar helst nefna:

- Nýting heits og kalds vatns, magn og möguleg umhverfisáhrif
- Áhrifamat á vatnshlot
- Mat á áhrifum náttúruvár á framkvæmd, m.a. með tilliti til aukinnar hættu á mengun.
- Valkostagreiningu, fjölga þarf valkostum m.t.t. hættu af náttúruvá og mögulegum mengunaráhrifum.

Virðingarfyllst,

María Guðmundsdóttir

Teymi leyfa og umsagna

Þorbjörg Sigfúsdóttir

Teymi leyfa og umsagna

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar Ég, Ásgrímur Ingólfsson, íbúi í Austur-Skaftafellssýslu, náttúruunnandi og náttúrunotandi er á þeirri skoðun að á þessu stigi sé ekkert sem mælir á móti því að Bláa Lóninu hf verði heimilað að halda áfram með sín áform inn við Hoffellsjökul. Ég hef farið með fólki um fjöll og firnindi reyndar ekki gegn gjaldi og þekki náttúru sýslunnar þökkalega vel þó það geri mína skoðun svo sem ekki réttþærri en annarra. Mestur styrinn stendur um þá byggingu sem kemur til með að vera í og við jökulölduna sem myndast hefur fyrir framan Hoffellsjökulinn. Sú alda er um það bil 35he (mælt af loftmynd) en fyrirhugaðar byggingar eru áætlaðar 3800fm til 5500fm eða ca 1,5% af þessari einu jökulöldu og þar sem hefur nú þegar orðið talsverð röskun. Baðlón við jökulgarð og gestastofa 400-600 skápar, hámark 1500 gestir á dag. Heildarbyggingarmagn: 3.000 – 4.500 m² . Heildaryfirborð baðlóns utan byggingar: 800 – 1.000 m² . Til skoðunar er að staðsetja hluta baðlónsins inni í byggingu vegna vindkælingar. Gufubaðsaðstaða verður inni í byggingu. Gert er ráð fyrir 3-4 ólíkum klfum af bæði gufu og eimbaði. Gert er ráð fyrir um 1-3 hæðum. Hæsti punktur byggingar væri á pari við hæsta punkt öldunnar eða í kringum 62 m yfir sjávarmáli. Samkvæmt gögnum frá Náttúrufræðistofnun Íslands og Loftmyndum ehf má telja að í Austur-Skaftafellssýslu séu að minnsta kosti 10–12 skriðjökullar sem hafa greinilegar jökulöldur fyrir framan sig. Þeir helstu eru: Skaftafellsjökull, Svínafellsjökull, Falljökull, Virkisjökull, Kotárjökull, Fjallsjökull, Hrutárjökull, Heinabergsjökull, Fláajökull, Hoffellsjökull, Skálafellsjökull og Lambatungnajökull. Þó þessi smávægilegar röskun verði á þessari einu jökulöldu þá held ég að það verði engum til vansa, því þarna er þegar orðin talverð röskun. Bætt aðgengi fyrir alla, utanumhald og stjórnun gesta er bara til bóta Ef framkvæmdir Bláa Lónsins verður að veruleika þá er það mín skoðun að það yrði Vatnajökulþjóðgarði til framdráttar frekar en hitt. Framkvæmdarleysi í og við þjóðgarðinn hefur að mínu mati verið þjóðgarðinum til skammar. Hvernig tekið er á móti gestum þar sem aðstöðuleysið er oft á tíðum algert er engum til sóma. Ég sé engin rök fyrir því að okkar ágæti þjóðgarður gjaldfalli við þessar framkvæmdir frekar en margir aðrir þjóðgarðar í heiminum sem heimilað hafa framkvæmdir bæði innan sinna marka og í jaðri þeirra. Maður þarf ekki að vera lengi í leitavélum til að finna myndir af slíkum framkvæmdum. Það er mín skoðun að Bláa Lónið hafi vandað til verka við þær framkvæmdir sem þeir hafa staðið fyrir og kvíði ég því ekki að þessi framkvæmd verði eitthvað öðruvísi. Um þjóðgarðinn gildir einnig Atvinnustefna Vatnajökulþjóðgarðs frá 2019 . Þar segir m.a. að Vatnajökulþjóðgarður vill eiga gott samstarf við atvinnulífið og hafa eftirfarandi meginreglur í heiðri: Leitast er við að örva alla atvinnustarfsemi í Vatnajökulþjóðgarði eða í nágrenni hans ef hún samrýmist markmiðum hans, er viðeigandi með hliðsjón af sérstöðu þjóðgarðsins eða svæða innan hans og í samræmi við lög, reglugerð, stjórnunar- og verndaráætlun og önnur fyrirmæli sem við geta átt. Þar sem eitt af leiðarljósum Vatnajökulþjóðgarðs er að eiga gott samstarf við atvinnulífið og að leitast við að örva alla atvinnustarfsemi í Vatnajökulþjóðgarði eða í nágrenni hans ætti þessi framkvæmd að hugnast Vatnajökulþjóðgarði. Rétt er þó að benda á að þessi fyrirhugaða framkvæmd er ekki innan marka þjóðgarðsins. Að lokum vil ég benda í hið augljósa að þessi framkvæmd yrði mikil lyftistöng fyrir atvinnulíf í sýslunni allri. Það hefur lengi verið keppikefli sveitastjórna í Sveitarfélaginu Hornafirði að lokka ferðamenn austar og fá þá til að stoppa lengur. Það að formaður Svæðisstjórnar Vatnajökulþjóðgarðs sem er líka bæjarstjóri sveitarfélagsins sé jákvæður gagnvart fyrirhuguðum framkvæmdum Bláa Lónsind er ekkert nema eðlilegt og beinlínis hans skylda því verkefnið er samfélaginu mikilvægt. Svæðisstjórn Vatnajökulþjóðgarðs ber að hafa atvinnustefnu þjóðgarðsins eins og aðrar stefnur hans að leiðarljósi og aftur, verkefnið er ekki innan þjóðgarðsins en vissulega í jaðri hans. Mér finnst vægast sagt einkennilegt hvað margir setja sig upp á móti framkvæmdinni þegar ekki liggur fyrir umhverfismat eða álit Skipulagsstofnunar. Þegar það liggur fyrir hélt ég að fylkingarnar færu í skotgrafirnar. Ásgrímur Ingólfsson íbúi á Hornafirði .

Höfundur: Ásgrímur Ingólfsson

Sent inn þann: 27.11.2025

Viðhengi:

67.1.Hoffell umsögn.pdf

Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar

Ég, Ásgrímur Ingólfsson, íbúi í Austur-Skaftafellssýslu, náttúruunnandi og náttúrunotandi er á þeirri skoðun að á þessu stigi sé ekkert sem mælir á móti því að Bláa Lóninu hf verði heimilað að halda áfram með sín áform inn við Hoffellsjökul. Ég hef farið með fólki um fjöll og firnindi reyndar ekki gegn gjaldi og þekki náttúru sýslunnar þokkalega vel þó það geri mína skoðun svo sem ekki réttþærri en annarra.

Mestur styrinn stendur um þá byggingu sem kemur til með að vera í og við jökulölduna sem myndast hefur fyrir framan Hoffellsjökulinn. Sú alda er um það bil 35he (mælt af loftmynd) en fyrirhugaðar byggingar eru áætlaðar 3800fm til 5500fm eða ca 1,5% af þessari einu jökulöldu og þar sem hefur nú þegar orðið talsverð röskun.

Baðlón við jökulgarð og gestastofa 400-600 skápar, hámark 1500 gestir á dag. Heildarbyggingarmagn: 3.000 – 4.500 m². Heildaryfirborð baðlóns utan byggingar: 800 – 1.000 m². Til skoðunar er að staðsetja hluta baðlónsins inni í byggingu vegna vindkælingar. Gufubaðsaðstaða verður inni í byggingu. Gert er ráð fyrir 3-4 ólíkum klefum af bæði gufu og eimbaði. Gert er ráð fyrir um 1-3 hæðum. Hæsti punktur byggingar væri á pari við hæsta punkt öldunnar eða í kringum 62 m yfir sjávarmáli.

Samkvæmt gögnum frá **Náttúrufræðistofnun Íslands** og **Loftmyndum ehf** má telja að í **Austur-Skaftafellssýslu** séu að minnsta kosti **10–12 skriðjökullar** sem hafa greinilegar jökulöldur fyrir framan sig. Þeir helstu eru: **Skaftafellsjökull, Svínafellsjökull, Falljökull, Virkisjökull, Kotárjökull, Fjallsjökull, Hrútárjökull, Heinabergsjökull, Fláajökull, Hoffellsjökull, Skálafellsjökull og Lambatungnajökull**. Þó þessi smávægilegar röskun verið á þessari einu jökulöldu þá held ég að það verði engum til vansa, því þarna er þegar orðin talverð röskun. Bætt aðgengi fyrir alla, utanumhald og stjórnun gesta er bara til bóta

Ef framkvæmdir Bláa Lónsins verður að veruleika þá er það mín skoðun að það yrði Vatnajökulþjóðgarði til framdráttar frekar en hitt. Framkvæmdarleysi í og við þjóðgarðinn hefur að mínu mati verið þjóðgarðinum til skammar. Hvernig tekið er á móti gestum þar sem aðstöðuleysið er oft á tíðum algert er engum til sóma.

Ég sé engin rök fyrir því að okkar ágæti þjóðgarður gjaldfalli við þessar framkvæmdir frekar en margir aðrir þjóðgarðar í heiminum sem heimilað hafa framkvæmdir bæði innan sinna marka og í jaðri þeirra. Maður þarf ekki að vera lengi í leitarvélum til að finna myndir af slíkum framkvæmdum. Það er mín skoðun að Bláa Lónið hafi vandað til verka við þær framkvæmdir sem þeir hafa staðið fyrir og kvíði ég því ekki að þessi framkvæmd verði eitthvað öðruvísi.

Um þjóðgarðinn gildir einnig Atvinnustefna Vatnajökulsþjóðgarðs frá 2019. Þar segir m.a. að Vatnajökulsþjóðgarður vill eiga gott samstarf við atvinnulífið og hafa eftirfarandi meginreglur í heiðri: Leitast er við að örva alla atvinnustarfsemi í Vatnajökulsþjóðgarði eða í nágrenni hans ef hún samrýmist markmiðum hans, er viðeigandi með hliðsjón af sérstöðu þjóðgarðsins eða svæða

innan hans og í samræmi við lög, reglugerð, stjórnunar- og verndaráætlun og önnur fyrirmæli sem við geta átt.

Þar sem eitt af leiðarljósum Vatnajökulshjóðgarðs er að eiga gott samstarf við atvinnulífið og að leitast við að örva alla atvinnustarfsemi í Vatnajökulshjóðgarði eða í nágrenni hans ætti þessi framkvæmd að hugnast Vatnajökulshjóðgarði. Rétt er þó að benda á að þessi fyrirhugaða framkvæmdi er **ekki** innan marka þjóðgarðsins.

Að lokum vil ég benda í hið augljósa að þessi framkvæmd yrði mikil lyftistöng fyrir atvinnulíf í sýslunni allri. Það hefur lengi verið keppikefli sveitastjórna í Sveitarfélaginu Hornafirði að lokka ferðamenn austar og fá þá til að stoppa lengur. Það að formaður Svæðisstjórnar Vatnajökulshjóðgarðs sem er líka bæjarstjóri sveitarfélagsins sé jákvæður gagnvart fyrirhuguðum framkvæmdum Bláa Lónsind er ekkert nema eðlilegt og beinlínis hans skylda því verkefnið er samfélaginu mikilvægt. Svæðisstjórn Vatnajökulshjóðgarðs ber að hafa atvinnustefnu þjóðgarðsins eins og aðrar stefnur hans að leiðarljósi og aftur, verkefnið er ekki innan þjóðgarðsins en vissulega í jaðri hans. Mér finnst vægast sagt einkennilegt hvað margir setja sig upp á móti framkvæmdinni þegar ekki liggur fyrir umhverfismat eða álit Skipulagsstofnunar. Þegar það liggur fyrir hélt ég að fylkingarnar færu í skotgrafirnar.

Ásgrímur Ingólfsson íbúi á Hornafirði

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Ég, Guðbjartur Hafsteinsson íbúi, rekstaraðili í ferðapjónustu og náttúruunnandi í sveitafélaginu Hornafirði vill setja niður nokkra punkta um þessi byggingaráform í Hoffelli.

Það er margt jákvætt við þessi byggingaráform

Nefna má þá staðreynd að aðgengi fyrir flest alla mun batna að svæðinu.

Eldra fólk og hreyfihamlaðir geta komið og skoðað svæðið við góðar aðstæður, því þetta mun þjónusta flesta landsmenn og ferðamenn sem koma á svæðið.

Það hefur sýnt sig í gegnum áratugina að samgöngur og aðgengi að landinu okkar hefur batnað til muna þar sem ýmiskonar uppbygging hefur farið fram.

Landið okkar er ekki einkamál fárra aðila sem langar að njóta landsins, meðal annars á stórum jeppum, þylum, göngufólk í toppformi ofl. Þetta verkefni stuðlar að því að sem flestir fái góðan aðgang og þjónustu á svæðinu.

Sá mikli heiðursmaður, Ómar Ragnarsson hefur sýnt okkur náttúruperlu og fallega landið okkar í gegnum áratugina sem fáir hafa séð og jafnframt sýnt okkur hvað góðar samgöngur eru mikilvægar og allir fái að njóta lands okkar.

Einnig má nefna að þetta er atvinnuskapandi verkefni sem skapar mörg störf fyrir íbúa sveitafélagsins og önnur tengd fyrirtæki. Einnig er gott og nauðsynlegt að hafa fjölbreytt fyrirtæki, stór og smá í sveitafélaginu.

Þetta allt býr til sterkara samfélag og byggðakjarna sem leiðir af sér að samgöngur verða bætтар enn fremur í framtíðinni. Til dæmis má nefna snjómokstur, flugsamgöngur og vegasamgöngur sem hafa verið sterk í huga íbúa sveitafélagsins undanfarin

ár. Í áratugi hafa stjórnvöld verið að ræða landsbyggðamál, hvað væri hægt að gera fyrir byggðirnar til að styrkja

þær. Það er staðreynd að uppbygging í bæjum og sveitum landsins hefur stóreflst við komu ferðamanna og þetta verkefni mun styrkja okkar byggð hér enn frekar.

Einnig má nefna að það er einstakt tækifæri að fræða fólk um náttúruna og þá umræðu sem er í dag um loftslagsmál og taka málefnalega umræðu. Þetta er góður staður til þess og líka til að sýna fólki aðstæður og sjá breytingar á náttúrunni í gegnum áratugina á þessu svæði.

Þetta verkefni er nú í umhverfismati, svo munu allar helstu stofnanir og bæjaryfirvöld fjalla um þetta verkefni.

Lesi má stefnu Vatnajökulspjóðgarðs að þar er nú margt sem styður við þessi byggingaráform.

Einnig kemur fram að ekki er búið að ákveða nákvæma staðsetningu bygginga þar sem undirbúningsvinnu er ekki lokið.

Framkvæmdaðilar hafa fundað með stjórnendum þjóðgarðsins og svæðisráðs og lagt til óskir um samráð og gott samstarf, þannig að við verðum líka að trúa og treysta á okkar stofnanir sem fjalla um þessi mál af

rökum, en ekki út frá tilfinningum einum saman.

Ég styð þessi byggingaráform.

Höfundur: Guðbjartur Hafsteinsson

Sent inn þann: 28.11.2025

Mál nr. 1476/2025 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Umsögn Náttúrustofu Suðausturlands fylgir hér sem viðhengi.

Höfundur: Lilja Jóhannesdóttir

Sent inn þann: 28.11.2025

Viðhengi:

69.1.Umsogn_NatturustofaSuðausturlands_matsaetlun_Hoffell.pdf

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík



B.t. Þórdísar Stelli Erlingsdóttur

Höfn í Hornafirði, 28 nóvember 2025

Efni: Umsögn Náttúrustofu Suðausturlands um matsáætlun uppbyggingar hótels og baðstaðar við Hoffell í Nesjum (mál 1476/2025).

Bláa Lónið hf. áformar uppbyggingu vegna ferðaþjónustu við Hoffell í Nesjum í Sveitarfélaginu Hornafirði. Uppbyggingin er áformuð á tveimur svæðum, annars vegar hótél og veitingaþjónusta á skógarsvæði við bæjarstæði Hoffells (svæði I) og hins vegar baðlón við Hoffellslón með búningsklefum, stoðrymum, veitingasölu, verslun og sýningarhaldi/gestastofu (svæði II). Allt að 120 gistiherbergi eru ráðgerð að verða byggð í hótelinu, þ.e. 240 gestir. Einnig er gert ráð fyrir 400-600 skápum í búningsklefum baðlónsins og að hámarki 1.500 baðgestir geti heimsótt staðinn á hverjum degi. Áætlanir gera ráð fyrir að 150 starfsmenn komi til með að starfa við ferðaþjónustuna. Í framkvæmdum er gert ráð fyrir að leggja vatnslagnir og rafkapla meðfram vegi ef aðstæður leyfa. Leitast verður við að leggja vatnslagnir með þeim hætti að rask verði sem minnst og að rekstraröryggi verði sem best. Gert er ráð fyrir að affall frá baðlóni verði leitt í hreinsikerfi, til að mynda í gegnum síudúk og loks í viðtaka sem ekki hefur verið skilgreindur. Einnig er gert er ráð fyrir tveimur hreinsistöðvum þar sem að þjónusta er annars vegar baðlón og hins vegar hótél.

Svæðið inn við Hoffellsjökul

Svæðið umhverfis Hoffellsjökul er skráð á náttúruminjaskrá sem "[Aðrar náttúruminjar](#)" (C-hluti). Á vef [Náttúrufræðistofnunar](#) segir „C hluti er skrá yfir náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa eða friða. Í lögnum er lögð áhersla á að byggja upp skipulegt net verndarsvæða til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni, jarðbreytileika og fjölbreytni landslags.“

Um svæðið umhverfis Hoffellsjökul ([náttúruminjar](#) nr 631) segir:

„Umhverfi Hoffellsjökuls, Hornafjarðarbæ (áður Mýrahr.), A-Skaftafellssýslu. (1) Viðborðsdalur norðaustan undir Viðborðsfjalli og Sandmerkurheiði austur að línu úr Selhvammi um Svínafellsfjall í Miðfell. Til norðurs ráða vatnaskil inn að Goðaborg. (2) Stórbotið landslag umhverfis skriðjökul. Kjarrlendi, jarðhitavottur er í Vandræðatungum. Jaðarlón framan við Svínafellsjökul, minjar um hopun jökuls. Djúpberg í Svínafellsfjalli og Geitafelli (Umhverfisstofnun, e.d.).“

Fyrirhugaðar framkvæmdir við Hoffellslón, þ.e. baðlónið ásamt tilheyrandi aðstöðu, veitingaþjónustu og sýningarhaldi/gestastofu, er inni á því svæði sem er tilnefnt í náttúruminjaskrá. Þá eru áform um að raska jarðminjum á borð við jökulgarða, sem er ein af forsendum skráningar svæðisins á náttúruminjaskrá.

Einnig er framkvæmdin ekki í samræmi við 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, þ.e. *Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni*, þá sérstaklega liðir;

a. að varðveita skipulega heildarmynd af jarðfræðilegum ferlum og fyrirbærum sem gefa samfellt yfirlit um jarðsögu landsins,

b. að vernda jarðmyndanir sem eru sérstakar eða einstakar á lands- eða heimsvísu,

d. að varðveita landslag sem er sérstætt eða fágætt eða sérlega verðmætt vegna fagurfræðilegs og/eða menningarlegs gildis,

Vegna nálægðar fyrirhugaðrar framkvæmdar við Vatnajökulspjóðgarð er mikilvægt að tekið sé mið af stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins. Einnig er Vatnajökull og umhverfi hans sem mynda Vatnajökulspjóðgarð á heimsmínjaskrá Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO). Líkt og segir í matsáætlun liggur framkvæmdarsvæðið upp að mörkum Vatnajökulspjóðgarðs en samkvæmt skilgreiningu í kafla 9.9 í stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins teljast slík svæði til grannsvæða Vatnajökulspjóðgarðs.

Í stjórnunar- og verndaráætlun er fjallað um að helsti áningarstaður á Hoffellssvæðinu verði Hoffellslón og gert sé ráð fyrir frekari uppbyggingu göngustíga og stækkun bílastæðis. Svæðið er skilgreint sem göngusvæði og ekki er gert ráð fyrir annarri starfsemi á svæðinu. Vegurinn inn að Hoffellsjökli flokkast sem F2, þ.e. „illfær vegur/slóð fær öflugum fólksbílum og stærri bílum. Lækir og smáár óbrúaðar.“ Tekið er fram að ákjósanlegt sé vegurinn verði í því ástandi að flokkast sem F1, þ.e. „seinfær vegur/slóð, fær allri almennri umferð að sumarlagi. Stórir lækir og ár brúaðar.“

Af þessu má dæma að framtíðaráform fyrir Hoffell felast í lágstemmdri uppbyggingu þar sem gestir geta notið ósnortinnar náttúru og upplifað stórbrotna jöklasýn í kyrrð og fámenni. Fyrirhuguð framkvæmd er ekki í samræmi við fyrrnefnd ákvæði þar sem áætluð er töluvert umfangsmeiri uppbygging með tilheyrandi raski á náttúru auk mikillar aukningar á umferð sem raskar kyrrð svæðisins og spillir þannig upplifun gesta þjóðgarðsins. Eru áformin þvert á stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs þar sem segir:

„Mikilvægt er að umferð, starfsemi og framkvæmdir á grannsvæðum þjóðgarðsins taki mið af nálægð við þjóðgarðinn og að þar sé gætt ytrustu varúðar svo að náttúra þjóðgarðsins spillist ekki né heldur upplifun gesta hans“.

Landsskipulagsstefna 2024-2038

Í kafla 2.2.1 í matsáætluninni er fjallað um landsskipulagsstefnu sem er í gildi auk aðgerðaráætlunar fyrir árin 2024-2028. Fjallað er um að sú áhersla sem helst varðar framkvæmdina sé áhersla C.7: Skipulag um uppbyggingu ferðaþjónustu gæti að varðveislu þeirra gæða sem hún byggist á.

1. Við skipulagsgerð í dreifbýli verði leitast við að greina sérstöðu, styrkleika og staðaranda svæðis með tilliti til tækifæra í ferðaþjónustu.
2. Í skipulagi verði hugað að varðveislu landslags, bæði náttúrulegs og manngerðs, sem aðdráttarafls fyrir ferðamenn. (D)
3. Skipulagsákvæðanir um ferðaþjónustu og ferðamannastaði byggist á gögnum um þolmörk náttúru, innviða, ferðamanna, samfélags og efnahags. (D)
4. Uppbygging ferðaþjónustu miði að því að nýtast jafnt íbúum á svæðinu og ferðamönnum. (D, Þ)

5. Skipulagsáskvarðanir um uppbyggingu ferðapjónustu og ferðamannastaða taki mið af áfangastaðaáætlunum landshlutanna. (D, Þ, H)
6. Við skipulagsgerð í þéttbýli verði leitast við að greina sérstöðu, styrkleika og staðaranda svæða með tilliti til tækifæra í ferðapjónustu. (Þ)
7. Skipulagsáskvarðanir um uppbyggingu ferðapjónustu og ferðamannastaða byggist eins og kostur er á gögnum um þolmörk innviða, ferðamanna, samfélags og efnahags. Sérstaklega sé hugað að áhrifum ferðamennsku á húsnæðismarkað og þjónustuframboð. (Þ)

Það er þó ekki síður áhersla A.4: Skipulag stuðli að verndun og varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni, sérstæðrar náttúru og menningarminja. Sem varðar framkvæmdina þá sérstaklega;

4. Við skipulagsgerð í dreifbýli verði lögð áhersla á að varðveita náttúru og menningarminjar sem hafa staðbundið eða víðtækara gildi út frá sögu, náttúruferi eða menningu og að viðhalda líffræðilegri fjölbreytni. (D stendur fyrir dreifbýli)
5. Við skipulagsgerð verði gætt að því að byggð gangi ekki að óþörfu á svæði sem eru verðmæt vegna náttúruverndar og að frístundabyggð verði almennt á afmörkuðum samfelldum svæðum sem skerði ekki mikilvæg eða viðkvæm svæði með tilliti til náttúruverndar. (D) (Þingsályktun um landsskipulagsstefnu, 2024).

Landið við Hoffellsjökul og Hoffellslón er mótað af jöklinum og jökulánum sem frá honum runnu. Svæðið sjálft er gömul askja sem jöklar ísaldar hafa rofið og skilið við með slíkum hætti að við blasa innviðir megineldstöðvar, með djúpbergssinnskotum og berggöngum, misgengjum og ummyndunum eftir jarðhita. Eru fáir staðir á Íslandi þar sem við blasa slík ummerki jafn aðgengilegir.

Hoffellsjökull hefur mótað landið og látið eftir sig jarðmyndanir og ummerki sem gera kleift að rekja framvinduna þegar jökullinn hlóð upp jökulgarðinn sem markar hámarkstöðu hans um 1890. Jökulminjar við Vatnajökul þykja sérstakar vegna hinna virku landbreytinga sem eru að eiga sér stað og eru óvenju aðgengilegar miðað við það sem almennt gerist erlendis. Þess vegna eru þessi svæði gríðarlega mikilvæg fyrir kennslu og rannsóknir.

Framkvæmdarsvæði baðlónsins raskar náttúru svæðisins, ekki síst jökulgarðinum sjálfum sem segir merka sögu jökulsins og er áþreifanlegt ummerki um hop hans. Líkt og segir í matsáætluninni „óvíða er hægt að sjá með jafn skýrum hætti áhrif loftlagsbreytinga á þróun jökla, á við Hoffell“. Hægt er að koma í veg fyrir rask á þessari einstöku náttúrusmíð t.d. með því að færa staðsetningu baðlónsins til að mynda utar á aurana við bæjarstæði Hoffells. Þannig má einnig minnka framkvæmdasvæðið til muna og draga þannig verulega úr umhverfisáhrifum af framkvæmdinni.

Vatnshlot

Líkt og fram kemur í kafla 2.2.4 í matsáætlun er Hoffellslón ekki skráð sem vatnshlot í vatnavefsjá. Hoffellslón ætti þó að vera það en skv. „Vatnaáætlun Íslands 2022-2027“ á stöðuvatn að teljast sem afmarkað vatnshlot ef það er 0,5 km² að flatarmáli eða stærra (Umhverfisstofnun, 2022). Hoffellslón var orðið stærra að flatarmáli en 2 km² árið 2018 (Snævarr Guðmundsson o.fl., 2019) og ætti því að vera skráð vatnshlot. Einnig bendum við á að áhrifamat á vatnshlot skuli taka til alls vatns á svæðinu, óháð því hvort það hafi verið skilgreint sem vatnshlot.

Ásýnd lands

Í kafla 3.1.2 í matsáætluninni segir „Bygging baðlónsins er fyrirhuguð norðan megin við jökulgarðinn til þess að halda bæði ásýnd inn dalinn óskertu ásamt því að gestir fái að njóta útsýnis yfir jökulinn og jökullónið“. Hér er ekkert minnst á bílastæði en hins vegar segir í kafla 3.6 að bílastæði verði sunnan við jökulgarðinn og látið falla að landslagi. Ef reiknað er með 2,6 ferðamönnum í bíl, sem er meðaltal fjöldi ferðamanna í bíl á einkabílum (Rögnvaldur Ólafsson, 2014), má gera ráð fyrir að við Hoffellslón þurfi 154- 231 bílastæði aðeins fyrir gesti baðlónsins hafi það 400-600 skápa, þá er ekki tekið með bílastæði fyrir starfsfólk, gesti sýningarinnar og/eða veitingaþjónustu eða aðra gesti sem sækja svæðið heim án þess að nýta ferðaþjónustu sem Bláa Lónið býður upp á.

Núverandi bílastæði við Hoffellsjökul, er látlaust malarplan og rúmar örfáa bíla. Því mun stækkun bílastæðisins vera töluverð. Bílastæði sem þarf að rýma í það allra minnsta 150 bíla er á bilinu 4400-4500 m² (0,45 ha) og það mun breyta ásýnd á landið til muna sama hvort horft sé inn dalinn, frá jökulgarðinum, frá gönguleiðum á Geitafellsbjörgum eða útsýnispalli á þaki fyrirhugaðs mannvirkis.

Fugla- og dýralíf

Í matsáætlun er talað um að í úttekt á fuglalífi sé kannað hvort gæsir og/eða álftir nýti svæðið að vori, einkum tún. Einnig er nefnt að Náttúrustofa Austurlands hafi skrásett fugla með beinum talningum í einni vettvangsferð í júní 2025. Auk þess er gert ráð fyrir hausttalningu um mánaðamótin september/október, 2025, þar er ekki lýst hvaða aðferðum verður beitt eða hvað verður talið. Mikilvægt er að meta varp á framkvæmdarsvæðinu öllu og á áhrifasvæði þess á varptíma en þar gætu verið fuglar í varpi, svo sem heiðlóa og spói. Báðar þessar tegundir eru viðkvæmar fyrir mannvirkjum og finnast í minna magni í nánd við sumarhús, vegi og skógrækt (Aldís Erna Pálsdóttir, 2022). Tegundirnar heiðlóa og spói eru metnar í nokkurri hættu (VU) á valista yfir íslenska fuglastofna (Náttúrufræðistofnun, 2025) og flokkast til ábyrgðartegunda Íslands, en það eru tegundir þar sem um 20% af Evrópustofni nýtir Ísland til varps eða kemur hér við á ferðum sínum (Náttúrufræðistofnun, e.d.).

Þegar meta á umfang búsvæðis sem kann að skerðast vegna framkvæmdarinnar er mikilvægt að horfa ekki aðeins á það svæði sem fer undir mannvirki heldur einnig það sem kann að verða fyrir jaðaráhrifum. Rannsóknir á áhrifum vega á fugla hafa sýnt að þéttleiki (fjöldi/flatarmál) lóupræls, heiðlóu, þúfuttlings, jaðrakans, stelks og spóa lækkar marktækt eftir því sem fjarlægð í veg (>250 sumardagsumferð (SDU)) minnkar og eru áhrifin mest næstu 200 m við veginn (Böðvar Þórisson o.fl. 2020). Til að setja þessar upplýsingar í samhengi við framkvæmdina sem hér um ræðir er þar gert ráð fyrir að hámarki 1.500 baðgestum á dag. Ef reiknað er með 2,6 ferðamönnum í bíl (Rögnvaldur Ólafsson, 2014) má áætla að 417 bílar á dag keyri inn að Hoffellsjökli. Þar sem allir sem heimsækja lónið þurfa síðan að keyra sama veginn til að yfirgefa svæðið má gera ráð fyrir umferð sem nemur 833 SDU. Þá er ekki gert ráð fyrir annarri umferð, svo sem ferðum starfsfólks, safngesta og annarra gesta sem ætla ekki að nýta ferðaþjónustu Bláa Lónsins.

Til samanburðar fóru að meðaltali 38 bílar á dag í Hoffell yfir háönn (ca 7. júlí-10. ágúst) árið 2022 (Gyða Þórhallsdóttir, 2023). Meðalfjöldi bíla á dag yfir vor, háönn og haust (2. júní -14. september) var einungis 34,5 (69 SDU). Út frá þessu má álykta að umferð inn að Hoffellsjökli tólfaldist við framkvæmdina og fari upp fyrir 250 SDU sem er það mark þar sem marktæk neikvæð áhrif verða á þéttleika fyrrnefndra fuglategunda í a.m.k. 200 m fjarlægð frá veg.

Ef meta á hvaða dýr önnur en fuglar nýta svæðið er matsáætluninni ábótavant þar sem gert er ráð fyrir að horfa eftir dýralífi samhliða vistgerðis úttekt í einni vettvangsferð. Dýr eru hreyfanleg og því ekki hægt að meta hvort þau noti svæðið með einni heimsókn. Hugsanlegt er að hér megi nota gögn sem þegar hefur verið safnað, t.d. vöktun Náttúrustofu Austurlands á hreindýrum. Einnig gætu gögn um refaveiðar hjá Sveitarfélaginu Hornafirði nýst í slíkt mat.

Jökulminjar

Í kafla 4.4 *Jarðmyndanir* segir „Greint verður frá því hversu stórum hluta jökulgarðsins verður raskað, miðað við heildarstærð allra jökulgarða innan þjóðgarðsins.“ Samanburður sem þessi er vafasamur þar sem jökulgarðar eru mismunandi og einungis lýsandi um atburðarás sinna skriðjökla. Það er fjölbreytnin sem er mikilvæg til skilnings á hegðun jökla. Þótt Vatnajökull sé að bráðna þá er saga og viðbrögð hvers og eins skriðjökuls sérstök. Þetta má m.a. sjá að viðbrögð eru ekki þau sömu við t.d. Breiðamerkurjökul og Hoffellsjökul. Þetta má sjá á mismunandi tíma hámarks stæðar skriðjökla og hve hratt þeir rýrna. Einnig má sjá að viðbrögð Svínafellsjökuls í Nesjum, sem er samfastur Hoffellsjökli hafa verið ólík viðbrögðum þess síðarnefnda.

Samfélagsleg áhrif

Til að kanna samfélagsleg áhrif framkvæmdirnar eru nefndar í matsáætlun tvær rannsóknir frá árinu 2016 þar sem viðtöl voru tekin í febrúar, mars og maí það ár. Vegna þess að fjöldi ferðamanna á Íslandi og þjónusta í kringum þá hefur aukist hratt síðasta áratug er óvíst hvort rannsóknir frá fyrri hluta árs 2016 endurspegli viðhorf heimamanna gagnvart ferðapjónustu árið 2025. Samkvæmt ferðamálastofu komu 2.287.300 ferðamenn til Íslands með flugi og ferjunni Norrænu árið 2024 (Ferðamálastofa, e.d.). Til samanburðar komu 1.289.140 erlendir ferðamenn með flugi og Norrænu árið 2015 (Ferðamálastofa, e.d.) sem er 77,4% aukning. Er það fyrir utan fjölda ferðamanna sem kemur með skemmtiferðaskipum. Djúpvogur er næsta höfn við Hoffell þar sem skemmtiferðaskip leggjast að. Árið 2015 komu þar 600 gestir með skemmtiferðaskipum en árið 2024 komu þangað 64 sinnum fleiri farþegar af skipum en árið 2015, eða 38.600 farþegar (Ferðamálastofa, 2025).

Svæðið í Sveitarfélaginu Hornafirði hefur auk þess orðið sí vinsælla hjá ferðamönnum á síðustu árum og er einn helsti áfangastaðurinn Jökulsárlón. Ef rýnt er í gögn frá Jökulsárlóni má sjá að aukningin þar er meiri en á landsvísu. Þar fjölgaði heildarfjölda gesta yfir árið úr 448.181 árið 2015 í 884.380 árið 2022 eða um 88,4%. Ef skoðuð er aukning í heildarfjölda gesta í júlí frá 2015 til 2022 er hún 137% í júlí ($n_{2015}=87.871$ gestir; $n_{2022}=120.868$ gestir) og 140% í ágúst ($n_{2015}=87.803$; $n_{2022}=123.191$) (Gyða Þórhallsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson, 2018; Gyða Þórhallsdóttir, 2023). Benda má á niðurstöður úr íbúakönnun landshlutanna og samantekt niðurstaðna fyrir Sveitarfélagið Hornafjörð. Í síðustu úttekt var í fyrsta sinn spurt um afstöðu til fjölda ferðamanna í heimabyggð og benda niðurstöðurnar til þess íbúar sveitarfélagsins upplifi að í heimabyggð séu of margir ferðamenn fremur en of fáir og gildir það þvert á aldurshópa. Einnig er meðaltal sveitarfélagsins hærra en landsmeðaltal (Nýheimar Þekkingarsetur, e.d) sem er merki um að íbúar sveitarfélagsins finni meira fyrir ágangi ferðamanna en íbúar á landsvísu.

Augljóst er að mikil breyting hefur orðið í ferðamennsku á þeim árum sem liðið hafa síðan viðhorf heimamanna var kannað og óvíst að upp komi sömu niðurstöður nú. Óviðunandi er að nýta svo gömul gögn, líkt og rannsóknirnar frá árinu 2016, til að meta samfélagsleg áhrif framkvæmdarinnar.

Mengun

Lítið er fjallað um hugsanlega mengun í matsáætlun og er mengun ekki einn þeirra þátta sem áætlað er að leggja mat á í kafla 4. *Mat á umhverfisáhrifum*. Samkvæmt gr. 11, mgr. 3a í reglugerð nr. 1381/2021 Reglugerð um umhverfismat framkvæmda og áætlana skal koma fram eftir umfangi og eðli framkvæmdar í matsáætlun „greining á því hvaða þættir framkvæmdar og starfsemi, sem henni fylgir, séu líklegir til að valda umhverfisáhrifum og lýsing á þeim, s.s. stærð og gerð mannvirkja, framleiðsluferlum, magni og gerð mengunarefna og hljóðstigi frá starfsemi“. Enn fremur stendur í gr.15, mgr. 1e. að fram skuli koma eftir umfangi og eðli framkvæmdar í umhverfismatsskýrslu „áætlun um losun (mengun vatns, lofts og jarðvegs, hávaða, titring, ljós, hita o.s.frv.) og um tegund og magn úrgangs á framkvæmda- og rekstrartíma“ (Reglugerð um umhverfismat, 2021). Er því mikilvægt að í matsáætlun sé áætlað að leggja mat á mengun, einnig hljóð- og ljósmengun af framkvæmdinni á bæði framkvæmdar og rekstrartíma.

Rangnefni stofnanna

Í kafla 4: *mat á umhverfisáhrifum* ber á villum í heitum stofnana. Í kafla 4.3 er talað um að leitað hafi verið til Náttúrufræðistofnunar Íslands, en hún ásamt, Landmælingum Íslands og Náttúruvannsóknastöðinni við Mývatn voru sameinuð í Náttúrufræðistofnun þann 1. Júlí 2024. Fram kemur að Náttúrustofa Austurlands hafi skrásett fugla í vettvangsferð sinni á svæðið og seinna talað um að í vettvangsferðum muni Náttúrufræðistofnun Íslands einnig skrá ef hreindýra eða refa verður vart en líklega er hér aftur átt við Náttúrustofu Austurlands en ekki Náttúrufræðistofnun Íslands, í öllu falli ætti nafn þeirrar stofnunar að vera rétt, þ.e. Náttúrufræðistofnun. Í kafla 4.4 er talað um að Náttúrustofa Suðurlands hafi gert úttekt á jarðmyndunum en það var Náttúrustofa Suðausturlands sem framkvæmdi þá úttekt, þessi villa er einnig í töflu 1.3 í kafla 1.2.3 Umsjón með mati á umhverfisáhrifum.

Samantekt

Þegar framkvæmdir eru fyrirhugaðar á svæði sem er skráð í náttúruminjaskrá sem aðrar náttúruminjar (C-hluti) ætti að hafa í huga í hverju verndargildi svæðisins felst og forðast raska þeim náttúrufræðistofnum sem eru forsenda friðlýsingar svæðisins. Fyrirhuguð framkvæmd gerir ráð fyrir uppbyggingu á tveimur svæðum og er annað þeirra, þ.e. bílastæði og bygging fyrir baðlón, veitingasölu og sýningu (svæði II), innan svæðis sem skráð er á C-hluta náttúruminjaskrár. Gert er ráð fyrir að byggingin verði reist á innanverðum jökulgarðinum og raskar þar með þeim jökulminjum sem eru ein að forsendum friðlýsingar svæðisins.

Matsáætlun ætti að taka betur tillit til náttúruverndar, sérstaklega í ljósi staðsetningu svæðis II sem ekki er einungis innan svæðis sem skráð er á C hluta náttúruminjaskrár heldur liggur einnig upp að mörkum Vatnajökulspjóðgarðs. Hér hefur verið bent á ákvæði bæði landskipulagsstefnu 2024-2028 og stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs sem ætti að innlima í matsáætlun.


Bent hefur verið á nokkra þætti þar sem matsáætlun er ábótavant, þ.e. að reikna með því að Hoffellslón sé vatnshlot, áhrif bílastæðis á ásynd lands og betri gögn til mats áhrifa á dýralíf ekki síst um þær viðkvæmu fuglategundir sem þar gætu verið í varpi. Í matsáætlunninni sem hér er kynnt þarf að endurskoða hvernig mat á samfélagslegum áhrifum er skoðað og er óásættanlegt að styðjast við rannsóknir frá fyrri hluta árs 2016 til að meta viðhorf heimamanna gagnvart ferðapjónustu. Það þarf að leiðrétta rangnefni stofnanna sem tilgreindar eru í kafla 4: *mat á*


umhverfisáhrifum og síðast en ekki síst er æskilegt að leggja mat á hugsanlega mengun frá framkvæmdinni á bæði framkvæmdar- og rekstratíma.


Ljóst er að fyrirhuguð framkvæmd auki verulega umsvif manna á svæðinu, ekki aðeins á framkvæmdartíma heldur einnig rekstrartíma. Umferð bifreiða og fjöldi ferðamanna mun aukast til muna og áætluð er umfangsmikil uppbygging stórra mannvirkja á svæðinu. Skapar þetta margfalt álag á náttúru svæðisins, áreiti þeirra dýra sem nýta svæðið eykst og spillir framkvæmdin því yfirbragði sem svæðið býr yfir, þ.e. náttúran, kyrrðin og fámennið. Með því að færa staðsetningu baðlónsins að bæjarstæði Hoffells má draga verulega úr raski og truflun vegna reksturs fyrirhugaðar ferðapjónustu, þannig minnkar auk þess framkvæmdarsvæðið sem dregur verulega úr umhverfisáhrifum.

Með mikilli uppsveiflu í ferðapjónustu síðasta áratug og aukningu ferðamanna til landsins, ekki síst í Sveitarfélaginu Hornafirði, fara svæðum líkt og umhverfi Hoffellsjökuls fækkandi. Svæði þar sem fólk getur notuð útivistar í næði frá ágangi ferðamanna, þar sem náttúran og kyrrðin fær að ríkja.

Virðingarfyllt, f.h. Náttúrustofu Suðausturlands


Lilja Jóhannesdóttir, forstöðumaður


Snævarr Guðmundsson, sviðsstjóri


Hólmfríður Jakobsdóttir, sérfræðingur

Heimildir

Aldís Erna Pálsdóttir. (2022). *Effects of land conversion in sub-arctic landscapes on densities of ground-nesting birds* [doktorsritger, Háskóli Íslands]. Opin vísindi.

<https://opinvisindi.is/server/api/core/bitstreams/43e1e2fa-8d5f-4a09-aeaf-f8f6868a0174/content>

Böðvar Þórisson, Aldís E. Pálsdóttir og Tómas G. Gunnarsson. (2020). *Áhrif vega á þéttleika fugla*.

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi. <https://wp-beta.vegagerdin.is/wp-content/uploads/2023/11/1800-659-ahrif-vega-a-thettleika-fugla.pdf>

Ferðamálastofa. (2025). *Komur skemmtiferðaskipa á Íslandi*.

<https://www.maelabordferdathjonustunnar.is/skemmtiferdaskip>

Ferðamálastofa. (e.d.). *Heildarfjöldi erlendra farþega*. <https://www.ferdamalastofa.is/is/gogn/fjoldi-ferdamanna/heildarfjoldi-erlendra-ferdamanna>

Gyða Þórhallsdóttir. (2023). *Fjöldi í Vatnajökulsþjóðgarði 2018 til 2022 – Talningar*. Vatnajökulsþjóðgarður.

<https://www.ferdamalastofa.is/static/research/files/talningar-i-vatnajokulsthjodgardir-2018-2022.pdf>

Gyða Þórhallsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson. (2018). *Fjöldi gesta í Vatnajökulsþjóðgarði frá upphafi talninga út árið 2017*. Vatnajökulsþjóðgarður.

<https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/17028/vjp-fjoldi-gesta-april2018.pdf?sequence=1>

Náttúrufræðistofnun. (2025). *Válisti fugla 2025*.

<https://www.natt.is/is/midlun/utgafa/valistar/fuglar/valisti-fugla-2025>

Náttúrufræðistofnun. (e.d.). *Forgangstegundir fugla*.

<https://www.natt.is/is/midlun/utgafa/natturuminjaskra/forgangstegundir-fugla>

Nýheimar Þekkingarsetur. (e.d). *Niðurstöður úr Íbúakönnun landshlutanna í Sveitarfélaginu Hornafirði 2023*. https://nyheimar.is/wp-content/uploads/2024/06/lbuakonnun_Hornafjordur.pdf

Reglugerð um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 1381. (2021).

<https://island.is/reglugerdir/nr/1381-2021>

Rögnvaldur Ólafsson. (2014). *Hvernig nota má umferðartalningar til að meta fjölda ferðamanna*.

Rannsóknarráðstefna Vegagerðarinnar 2014. https://wp-beta.vegagerdin.is/wp-content/uploads/2025/06/hvernig_ma_notu_umferdataalningar_til_ad_meta_fjolda_ferdamanna-1.pdf

Snævarr Guðmundsson, Helgi Björnsson, Finnur Pálsson, Eyjólfur Magnússon, Þorsteinn Sæmundsson og Tómas Jóhannesson. (2019). Terminus lakes on the south side of Vatnajökull ice cap, SE-Iceland. *Jökull* 69, 1-34.

Umhverfisstofnun. (2022). *Vatnaáætlun Íslands 2022-2027*. [https://ust.is/library/sida/haf-og-vatn/Vatnaaetlun%202022-2027%20-%20Copy%20\(1\).pdf?_gl=1*tl6l0y*_ga*MTE3NjkzMjM5NC4xNzYyNDM3OTU3*_ga_9DDCYHZBX6*_czE3Njl1MjY0MzckbzUkZzEkdDE3Njl1MjY3NTYkajYwJGwwJGgw](https://ust.is/library/sida/haf-og-vatn/Vatnaaetlun%202022-2027%20-%20Copy%20(1).pdf?_gl=1*tl6l0y*_ga*MTE3NjkzMjM5NC4xNzYyNDM3OTU3*_ga_9DDCYHZBX6*_czE3Njl1MjY0MzckbzUkZzEkdDE3Njl1MjY3NTYkajYwJGwwJGgw)

Umhverfisstofnun. (e.d.). *Náttúruminjaskrá: Austurland*.

<https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/austurland/>

Þingsályktun um landsskipulagsstefnu fyrir árin 2024–2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024–2028, nr. 16/154. (2024). <https://www.althingi.is/alttext/154/s/1724.html>

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Landvarðafélagið leggst alfarið gegn uppbyggingu hótels og baðstaðar á Hofelli í Nesjum. Fyrirhuguð framkvæmd er í andstöðu við gildi félagsins um öfluga náttúruvernd og öruggt aðgengi allra að ósnortnum víðernum í náttúru Íslands. Félagið er staðfast í þeirri trú að við berum skyldu gagnvart komandi kynslóðum sem og heimsbyggðinni til að varðveita þau einstöku náttúrugæði sem fyrirfinnast á Íslandi.

Landvarðafélagið telur auðséð að:

- Uppbyggingin gangi gegn lögum um náttúruvernd.
- Uppbyggingin sé á landsvæði sem er innan C-hluta náttúruminjasrár.
- Uppbyggingin sé í andstöðu við gildandi Landskipulagsstefnu.
- Fyrirhugaðar framkvæmdir og áætluð umferð og aðsókn séu umfram þolmörk svæðisins.
- Uppbyggingin samræmist ekki stjórnun- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs.

Í ljósi ofangreindra atriða hvetur Landvarðafélagið framkvæmdaraðila til að endurskoða fyrirhugaða uppbyggingu og falli frá fyrirhugaðri röskun á Hoffelli í Nesjum, sem myndi hafa neikvæð og óafturkræf áhrif á náttúru Íslands. Landvarðafélagið telur að fyrirhugaðar framkvæmdir skerði gæði og verndargildi þjóðgarðsins. Félagið hvetur yfirvöld og hlutaðeigandi stofnanir til að standa vörð um náttúru þjóðgarðsins og markmið um vernd hans. Einnig hvetur Landvarðafélagið yfirvöld og hlutaðeigandi stofnanir til að opinbera öll samskipti sem hafa átt sér stað varðandi fyrirhugaða framkvæmd.

Ítarleg umsögn Landvarðafélagsins má finna í viðhengi.

Höfundur: Magnús Hallur Jónsson

Sent inn þann: 29.11.2025

Viðhengi:

70.1.Umso`gn_Landvarðafe`lagsins_Hoffell.pdf

Reykjavík, 29. nóvember 2025

Umsögn Landvarðafélags Íslands við kynningu á matsáætlun: Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar Mál nr. 1476/2025

Inngangur

Landvarðafélagið leggst alfarið gegn uppbyggingu hótels og baðstaðar á Hofelli í Nesjum. Fyrirhuguð framkvæmd er í andstöðu við gildi félagsins um öfluga náttúruvernd og öruggt aðgengi allra að ósnortnum víðernum í náttúru Íslands. Félagið er staðfast í þeirri trú að við berum skyldu gagnvart komandi kynslóðum sem og heimsbyggðinni til að varðveita þau einstöku náttúrugæði sem fyrirfinnast á Íslandi.

Samantekt

Landvarðafélagið telur auðséð að:

- Uppbyggingin gangi gegn lögum um náttúruvernd.
- Uppbyggingin sé á landsvæði sem er innan C-hluta náttúruminjasrár.
- Uppbyggingin sé í andstöðu við gildandi Landskipulagsstefnu.
- Fyrirhugaðar framkvæmdir og áætluð umferð og aðsókn séu umfram þolmörk svæðisins.
- Uppbyggingin samræmist ekki stjórnun- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs.

Athugasemdir

Náttúruverndarlög

Landvarðafélagið vill draga sérstaka athygli að X. kafla náttúruverndarlaga og leggur áherslu á að þeim verði fylgt til hins ýtrasta þegar kemur að umhverfismati á fyrirhugaðri röskun svæðisins. Landvarðafélagið telur ljóst að áform um uppbyggingu í Hoffelli samræmist ekki lögum um náttúruvernd og vonast til þess að þau sem geri umhverfismatið geri sér það ljóst.

Tilætluð uppbygging er í eða nálægt mikilvægum og gömlum birkiskóg. Slíkir skógar njóta verndar í lög um náttúruvernd nr. 60/2013, X. kafli [61. gr.] Aukinheldur, innan framkvæmdasvæðisins eru lítið röskuð votlendissvæði sem njóta verndar. Slík votlendi eru öflugar náttúrulegar kolefnisgryfjur sem gegna afar mikilvægu hlutverki í bindingu og geymslu kolefnis. Í þessum sama skógi hafa einnig fundist friðaðar og verndaðarvendaðar plöntur sbr. auglýsingu nr.1385 um friðun æðplantna, mosa og fléttna frá 18. nóvember 2021 - viðauki I og viðauki III.

C-hluti náttúruminjaskrár

Stór hluti framkvæmdasvæðisins er á C-hluta náttúruminjaskrár og hefur vegna jarðsögu sinnar og landmyndunarferla hátt verndargildi. Náttúrufræðiverndarstofnun hefur bent á í bréfi til Sveitarfélagsins Hornarfjarðar frá 14.02.2025 að „að réttast væri að stækka Vatnajökulspjóðgarð svo að hann nái yfir þá jarðminjaheild sem jökuláreyrar, jökulgarðar, lón og jökull mynda“. Það skýtur því skökku við að fara í framkvæmdir af þessari stærðargráðu á þessu náttúrufarslega mikilvæga svæði.

Landskipulagsstefna

Í gildandi landsskipulagsstefnu er tekið fram að varðveita eigi fjölbreytt og verðmætt landslag, svo sem óbyggð víðerni og landslagsheildir. Þrátt fyrir að svæðið sem um ræðir sé ekki innan Vatnajökulspjóðgarðs tilheyrir það sömu landslagsheild og þjóðgarðurinn. Landslag svæðisins er með mjög hátt verndargildi og rask á því myndi ekki einungis hafa áhrif á verðmæti svæðisins heldur einnig verðmæti þjóðgarðsins, sem er á Heimsminjaskrá UNESCO.

Þolmörk

Ljóst er að framkvæmdin mun leiða af sér stórauðna umferð inn á svæðið. Til viðbótar við þá 1500 baðgesti og starfsfólk sem færir daglega um svæðið mun aukið aðgengi einnig auka almenna umferð annarra gesta. Á svæðinu eru mjög viðkvæmar vistgerðir og jarðminjar og mun öll þessi umferð ógna þolmörkum svæðisins, til viðbótar við það rask sem verður af sjálfum framkvæmdunum. Landvarðafélagið telur að þessi þáttur sé ekki tekin nægilega vel fyrir í tillögu að matsáætlun, en telur brýnt að það sé gert. Þá sé einnig skortur á tillögum að mótvægisáðgerðum vegna mögulegra áhrifa.

Stjórnar og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs

Í stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs frá 2022 kemur fram mikilvægi þess að framkvæmdir innan grannsvæða þjóðgarðsins “taki mið af nálægð við þjóðgarðinn og að þar sé gætt ýtrustu varúðar svo að náttúra þjóðgarðsins spillist ekki né heldur upplifun gesta hans”. Ljóst er að framkvæmdirnar sem um ræðir stangast á við markmið þjóðgarðsins um verndun náttúru svæðisins. Landvarðafélagið telur að fyrirhugaðar framkvæmdir skerði gæði og verndargildi þjóðgarðsins. Félagið hvetur yfirvöld og hlutaðeigandi stofnanir til að standa vörð um náttúru þjóðgarðsins og

markmið um vernd hans. Einnig hvetur Landvarðafélagið yfirvöld og hlutaðeigandi stofnanir til að opinbera öll samskipti sem hafa átt sér stað varðandi fyrirhugaða framkvæmd.

Landvarðafélagið vill benda á skýrslu frá 2009 um grannsvæði UNESCO heimsminja (*World Heritage and Buffer Zones* gefið út í mars 2009 af UNESCO World Heritage Centre) og að athugað verði hvaða afleiðingar uppbygging á mörkum Þjóðgarðsins hefur á stöðu Vatnajökulsþjóðgarðs á UNESCO heimsminjaskránni.

Lokaorð

Í ljósi ofangreindra atriða hvetur Landvarðafélagið framkvæmdaraðila til að endurskoða fyrirhugaða uppbyggingu og falli frá fyrirhugaðri röskun á Hoffelli í Nesjum, sem myndi hafa neikvæð og óafturkræf áhrif á náttúru Íslands.

Fyrir hönd Landvarðafélags Íslands,



Magnús Hallur Jónsson



Hlynur Aðalsteinsson

Mál nr. 1476/2025 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Höfundur: Helgi Björnsson

Sent inn þann: 29.11.2025

Viðhengi:

71.1.Hoffellsjökull lok.docx

Athugasemd vegna fyrirhugaðra byggingarframkvæmda við jaðar Hoffellsjökuls í Nesjum.

Á Mýrum og Nesjum í Austur-Skaftafellssýslu er einstakt landslag þar sem skriðjökklar frá Vatnajökli teygja sig niður að byggð. Hvergi í heiminum finnst annað eins nábyli jökla og sveitar. Þessu landslagi ætti ekki að spilla með byggingarframkvæmdum við jökuljaðrana. Framan við Hoffellsjökul er varðveitt skýr jarðsaga sem rekja má aftur til landnáms Íslands. Hún sýnir framrás og hop jökulsins, jökulhlaup og sveiflur í takt við loftslagsbreytingar (sjá Jöklaveröld: náttúra og mannlíf, 2004). Mannvirkjagerð myndi auk landslags raska aldagömlum sporum jökulsins og rjúfa samfellda frásögn um viðbrögð hans við loftshlagsbreytingum. Ég tel því brýnt að allar byggingarframkvæmdir við Hoffellsjökul verði svo fjarri jökulöldunni og jökullóninu að þær skaði hvorki umhverfi jökulsins né trufli samfellda jarðsögu sem er skráð í jarðlögum framan við jökulinn.

Góðfúslega, Helgi Björnsson, 061242-3849

Jöklaveröld: náttúra og mannlíf, ritstj. Helgi Björnsson, Egill Jónsson og Sveinn Runólfsson, 2004, Skrudda.

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Í viðhengi er greinargerð þar sem farið er yfir matsáætlun Bláa lónsins vegna fyrirhugaðra framkvæmda á jörðinni Hoffelli á suðurmörkum Vatnajökulspjóðgarðs. Þar er bent á íslensk lög, reglur, áætlanir o.fl. sem taka þyrfti mið af færi framkvæmdin í umhverfismat og einnig á alþjóðleg viðmið um þjóðgarða og verndarsvæði. Fjallað er um sérstöðu og sögu Hoffells og settar fram nokkrar athugasemdir við matsáætlunina og einnig stjórnslu og skipulag sem varða framkvæmdina. Farið er fram á að fallið verði frá hugmyndum um framkvæmdir við jökullónið og lagt til að landeigendur bjóði nyrsta hluta Hoffellsdals sem viðbót við Vatnajökulspjóðgarð.

Ólafur S. Andrésen, Sigrún Helgadóttir
Þverási 21, 110 Reykjavík

Höfundur: Sigrún Helgadóttir

Sent inn þann: 29.11.2025

Viðhengi:

72.1.Aths vid Hoffellslon.pdf

Matsáætlun

Ábendingar um efnistöð og áherslur við mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á jaðri Vatnajökulsþjóðgarðs í landi Hoffells

1. Lög, reglur og áætlunir

Lög um náttúruvernd (nr. 60/2013). Taka þarf tillit til fjölmargra greina náttúruverndarlaga: Markmiðsgreina allra (sjá sérstaklega 3. gr.), meginreglna, reglna um almannarétt og náttúruminjaskrá, 46. gr. um víðerni, 47. gr. um þjóðgarða vernd þeirra og frjálsa för fólks, 54. gr. sem fjallar um starfsemi og framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, 56. gr. um friðun vistkerfa, 61. gr. um sérstaka vernd - og margar fleiri.

Náttúruminjaskrá, náttúruminjar. Náttúruminjaskrá er listi yfir verðmætustu náttúrusvæði Íslands og hefur fjalllendið við Hoffellsjökul lengi verið á skránni. Svæðin eru flokkuð í þrennt, A- friðlýst svæði, B-svæði sem ætlunin er að friðlýsa næstu fimm ár og C- svæði sem eru mikilvægar náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa eða friða. Nær helmingur framkvæmdasvæðis Bláa lónsins er á C-svæði Náttúruminjaskrár, klýfur sig inn í það alveg að þjóðgarðsmörkum og jafnvel yfir þau. (Sjá mynd 2.12. í Matsáætlun)

Árið 2005 kom út skýrsla sem Náttúrufræðistofnun vann fyrir Umhverfisráðuneytið; *Náttúrufar og náttúruminjar sunnan Vatnajökuls* (<https://utgafa.ni.is/skyrslur/2005/NI-05005.pdf>). Ritstjórar hennar voru Jón Gunnar Ottósson og Snorri Baldursson og fjölmargir sérfræðingar á sviði náttúrufræði komu að gerð hennar. Í skýrslunni er víða minnst á fjalllendið við Hoffellsjökul og bent á atriði sem augljóst er að taka þarf tillit til við mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðra framkvæmda Bláa lónsins þar. Svæðinu er líka lýst sérstaklega og lagt til friðlýsingar þess sem friðlands (sjá bls. 26 og 52-53).

Lög um Vatnajökulsþjóðgarð (nr. 60/2007) og reglugerð (nr. 300/2020). Eðlilega þarf að virða allar greinar laga um Vatnajökulsþjóðgarð svo og reglugerðar sem lögunum fylgir og máta þær við fyrirhugaðar framkvæmdir. Hér er bent sérstaklega á lagagreinar 14 og 15.

Í reglugerð þarf t.d. að athuga sérstaklega:

4. gr. um skilgreiningar s.s. á sjálfbærri ferðaþjónustu (nr. 8), sjálfbærri landnýtingu (nr. 9) og varúðarsjónarmiðum (nr. 12).

5. gr. um verndarstig og nokkra alþjóðasamninga um verndun.

31. gr. um mannvirkjagerð, efnistöku o.þ.h.

V. kafli reglugerðar er um atvinnutengda starfsemi og leyfisveitingar. Bláa lónið leggur áherslu á að starfsemi þess sé við þjóðgarðsmörk, þ.e. utan þeirra. Um það má deila því að þjóðgarðsmörk við jökulinn þarna miðast við jökuljaðar 1. júlí 1998 og síðan hefur jökullinn rýrnað. Ljóst er að fyrirhugaðar framkvæmdir og starfsemi Bláa lónsins munu hafa áhrif langt inn í þjóðgarðinn.

Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs (2022). Áætlunin er aðalstjórnþæki þjóðgarðsins og mat á umhverfisáhrifum framkvæmda á þjóðgarðsmörkum verður að taka fullt tillit til hennar.

Í Matsáætlun vegna fyrirhugaðra framkvæmda Bláa lónsins er gert ráð fyrir að alveg við jökullónið framan Hoffellsjökuls verði stórt baðlón, veitingaþjónusta og gestastofa með tilheyrandi búningasklefum, salernum, bílastæðum, vegum ... sem taki á mótí meira en 1500 manns á degi hverjum. Fróðlegt verður að sjá hvernig menn sjá fyrir sér að samræma þessar framkvæmdir, og öll

þau umsvif sem þeim fylgir, ýmsum markmiðum Stjórnunar- og verndaráætlunar þjóðgarðsins. Hér verða aðeins nefnd örfá dæmi úr áætluninni.

Verndaráætlun bls. 75:

„Þjóðgarðurinn vill, í samstarfi við ferðaþjónustuaðila og heimamenn, stuðla að uppbyggingu alþjóðlega vottaðrar ferðaþjónustu sem er sjálfbær og endurspeglar virðingu fyrir þeirri náttúru og þeim menningararfi sem þjóðgarðinum er falið að varðveita.“

...

„Landslag, jarðfræði og fjölbreyttar jarðmyndanir eru helsta aðráttarafl þjóðgarðsins ... Þessi náttúra er uppspretta tækifæra, meðal annars fyrir ferðaþjónustu í grannbyggðum þjóðgarðsins.

Lögð verður áhersla á fræðandi ferðamennsku þar sem gert er út á náttúruskoðun.“

Í Verndaráætlun er umfjöllun um jaðra skriðjökla, bls. 81-82.

„Við jaðra skriðjökla má finna margvíslegar jökulminjar sem vitna um rof og setframburð jökla og jökulvatna og hop og framrás jökla vegna loftslagsbreytinga eða framhlaupa. Meðal slíkra minja eru jökulgarðar, jökulsandar, jökulker, malarásar, hvalbök, jökulrákir og jökulgarðar.

Nokkrir skriðjökla og jaðarsvæði þeirra eru alveg eða að miklu leyti innan Vatnajökulsþjóðgarðs.

Jökulminjar við jaðra skriðjökla eru sérstaklega viðkvæmar fyrir röskun vegna þess að jarðlög eru laus í sér og í þeim er oft ís og aurbleyta.

...

Markmið:

Að vernda jökulminjar sem vitna um rof og setframburð jökla, hop þeirra og framrás og framrennsli jökulvatns, svo sem hvalbök, jökulrákir, malarása, jökulgarða, jökulsanda, ...

Skilmálar:

Óheimilt er að valda skemmdum á viðkvæmum jökulminjum og spilla ásýnd við jaðra skriðjökla, til dæmis við lagningu vega, göngustíga og annarra mannvirkja.“

Í Stjórnunar- og verndaráætlun er sérstaklega fjallað um Hoffell á bls. 149-150. Þar er gert ráð fyrir að Hoffellssvæðið verði skilgreint sem göngusvæði. Einnig að þótt helsti áningarstaður svæðisins verði við Hoffellslón, eigi bílastæði og salerni að vera fjær lóninu eða neðan öldunnar.

Um grannsvæði þjóðgarðsins segir í verndaráætlun (bls. 167)

„Grannsvæði Vatnajökulsþjóðgarðs eru þau svæði sem liggja að þjóðgarðinum, eru sýnileg frá honum eða eru hluti af landslags- eða vistheild hans. Mikilvægt er að umferð, starfsemi og framkvæmdir á grannsvæðum þjóðgarðsins taki mið af nálægð við þjóðgarðinn og að þar sé gætt ýrustu varúðar svo að náttúra þjóðgarðsins spillist ekki né heldur upplifun gesta hans. Sé um að ræða starfsemi eða framkvæmdir á grannsvæðum þjóðgarðsins, sem leyfisskyldar eru samkvæmt lögum, er mikilvægt að leita umsagnar stjórnar þjóðgarðsins áður en leyfi er veitt.“

Víðerni, skilgreining og kortlagning. Í ofanefndum plöggum er víða minnst á víðerni á Íslandi og mikilvægi þess að vernda þau sem kostur er.

Í náttúruverndarlögum segir í 3. gr. að standa skuli vörð um óbyggð víðerni Íslands og í 5. gr. eru óbyggð víðerni skilgreind:

„Svæði í óbyggðum sem er að jafnaði a.m.k. 25 km² að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja og að jafnaði í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflinum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum.“

Í 32. gr. þar sem fjallað er um vegi utan þjóðvega er sagt að þar skuli „... sérstaklega líta til þess hvort akstur á þeim sé líklegur til að ..., hafa neikvæð áhrif á landslag, víðerni og ásýnd lands eða hafa að öðru leyti í för með sér náttúruspjöll.“

Í 46. gr. segir að á friðlýstum víðernum skuli t.d.

„... viðhalda fjölbreyttu og óvenjulegu landslagi, víðsýni og/eða vernda heildstæð stór vistkerfi, og tryggja að núlifandi og komandi kynslóðir geti notið þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja.“

Í verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs er 8. kaflinn um mat á verndargildi og þar segir:

„Við mat á verndargildi tiltekinna svæða er einkum horft til náttúru- og menningarminja og hvort svæði fellur undir skilgreiningu um ósnortin víðerni.“

Kafla 9.2 á bls. 104 fjallar um skilgreind víðerni þjóðgarðsins og forsendur þeirra og áréttuð sú stefna að víðerni þjóðgarðsins skerðist ekki en stærsta víðerni þjóðgarðsins er jökullinn sjálfur.

Wildland Research Institute eða WRI kortlagði íslensk víðerni fyrir nokkrum árum. WRI er sjálfstæð stofnun við háskólann í Leeds í Englandi sem hefur kortlagt víðerni víða um heim og telst vera í fremstu röð alþjóðlega á því sviði (sjá: <https://www.vidernakort.is/>). Verðmætustu víðernin eru á korti þeirra sögð kjarnasvæði og merkt blá en græn víðernissvæði eru kölluð hjúpsvæði. Loks eru kortin merkt gul á jaðri víðerna, kölluð umskiptasvæði, þar sem land er tiltölulega ónsortið. Á korti WRI er Hoffellslón, næsta nágrenni þess og jökulaldan merkt með grænum lit víðernis og stutt er í bláa litinn bæði sunnan lónsins og norðan þess. Gulur litur umskiptasvæðis er svo utan við jökulölduna en fjöllin umhverfis halda sínum bláa og græna lit. (Sjá map.is, ýmis kortagögn, víðerniskort.)

Ljóst er að ef hugmyndir Bláa lónsins um baðlón við jökullónið, með þeim framkvæmdum og umsvifum sem þeim fylgja, yrðu að veruleika myndu víðerni á þessu svæði skerðast mikið. Mannvirki og umferð yrðu áberandi af öllum gönguleiðum í fjöllum umhverfis lónið og þar með teldust þau ekki lengur víðerni. Þögnin sem nú er aðeins rofin af brestum í jöklinum og einstaka (mann)fuglum hyrfi í skarkala mannmegðar og hávaða sem fylgir fólki og farartækjum þeirra.

2. Alþjóðastofnanir sem setja viðmið um verndarsvæði

Alþjóðanáttúruverndarsamtökin – IUCN. Náttúrulegir ferlar, svo sem vatn sem rennur og fuglar sem fljúga, virða ekki landamæri. Náttúruvernd krefst því alþjóðlegrar samvinnu sem var fljótt ljóst í Evrópu þar sem eru mörg lönd og smá. Tvær styrjaldir komu þó í veg fyrir stofnun slíkra samtaka allt til ársins 1948 þegar Alþjóðanáttúruverndarsamtökin (IUCN – International Union for Conservation of Nature) voru stofnuð í Frakklandi með það að markmiði að styrkja aðgerðir til náttúruverndar.

Hugmynd að þjóðgördum varð hins vegar til í Bandaríkjunum á 19. öld. Evrópubúar, sem komu frá þéttbýlu og gjörnýttu svæði, æddu yfir landið sem virtist óendanlegt og í kjölfar landnáms þeirra voru víðáttumiklir skógar ruddir, landflæmi lögð undir landbúnað og fjöldi vísunda og annarra villtra dýra drepinn. Eftir að nokkur svæði höfðu verið tekin frá þar sem bannað var að nema land og búa en hins vegar ýtt undir ferðamennsku var farið að stofna sambærilega þjóðgarða víðar í „nýja heiminum“ s.s. í Kanada og Ástralíu. Hins vegar var ekki auðvelt að stofna slík svæði í Evrópu. Þar hafði verið búið frá ómunatíð á öllu aðgengilegu landi og því breytt verulega ekki síst í kjölfar iðnbyltingar. Samfara stækkun borga jókst þrýstingur hjá fólki að fá aðstöðu til útivistar í

fjallendi og á lítt byggðum svæðum og svo fór að þjóðir eins og Bretar hófu að stofna „þjóðgarða“ sem ekki uppfylltu þau skilyrði sem í upphafi voru sett um slík svæði.

Árið 1959 fóru Sameinuðu þjóðirnar fram á það við IUCN að samtökin gerðu lista yfir þjóðgarða og önnur friðlýst svæði svo að ná mætti einhvers konar yfirsýn yfir ástand náttúru og náttúruverndar í heiminum. Síðan þá hefur IUCN leitast við að skilgreina ýmsar gerðir friðlýstra svæða og flokka þau eftir umfangi og gæðum friðlýsingar.

Flokkun og skilgreiningar IUCN hafa mótað íslensk náttúruverndarlög og mismunandi gerðir friðlýstra svæða frá upphafi því að dr. Sigurður Þórarinsson, sem var brautryðjandi í íslenskri náttúruvernd og höfundur fyrstu íslensku heildarlaganna um náttúruvernd, kynnti sér náttúruvernd erlendis og þar á meðal starfsemi IUCN.

Náttúruvernd í heiminum á mjög í vök að verjast af ýmsum ástæðum. Fá lönd hafa meiri möguleika en Ísland að friðlýsa svæði sem falla inn í mikilvægustu flokka IUCN, flokka I um friðlönd og II um þjóðgarða. Mikilvægt er að framkvæmdir og umsvif á friðlýstum svæðum og við þau verði ekki til þess að þau „falli um flokk“. Framkvæmdaaðilar verða því að sýna fram á að svo verði ekki.

Heimsminjaskrá Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO). Það er verðmætur heiður fyrir stað eða fyrirbæri að komast á Heimsminjaskrá UNESCO og ekki sjálfgefinn. Sýna þarf fram á einstaka sérstöðu svæðis og mikilvægi þess. Ferli viðurkenningarinnar krefst mikillar og vandaðrar vinnu, bæði við umsókn hennar og við að yfirfara umsóknina og meta.

Erlendis er jafnan mikil áhersla lögð á jaðarsvæði þjóðgarða og þau gjarnan skilgreind og um þau sérstakar reglur. Slík umræða fór stundum fram þegar var verið að fjalla um stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs og einnig þegar verndaráætlun hans hefur verið rædd. Sambærileg umræða virðist hafa farið fram þegar verið var að meta umsóknina um heimsminjaskráningu Vatnajökulsþjóðgarðs og þar verið ákveðið að gera ekki kröfu um sérstaka vernd jaðarsvæða. Nefnd eru fjögur atriði sem talin eru nægja til þess að jaðarsvæði séu óhult og meðal þeirra eru 3. gr. náttúruverndarlaga.

Getur framkvæmdaaðili sýnt fram á að mörk og jaðarsvæði við Hoffell verði virt í samræmi við væntingar UNESCO þegar ákveðið var að mæla með Vatnajökulsþjóðgarði inn á heimsminjaskrá?

3. Sérstaða Hoffells

IUCN-flokkur VI. Langmesti hluti Vatnajökulsþjóðgarðs fellur undir skilgreiningu þjóðgarðs, þ.e. IUCN-flokk II. Örlítil svæði þar sem var hefðbundinn búskapur þegar þjóðgarðurinn var stofnaður er þó flokkaður í VI. flokk og er Hoffell eitt þeirra svæða. Munu fyrirhugaðar framkvæmdir Bláa lónsins þar falla undir skilgreiningu þess flokks um: „... sjálfbæra landnýtingu náttúrulegra vistkerfa í tengslum við landbúnað og ferðaþjónustu“?

Unaðsútivist? Jökullón eru heillandi og fólk sækir í þau til að upplifa sérstaka náttúru, horfa, hlusta og njóta kyrrðar, – eiga unaðsútivist. Sú var tíð að þannig mátti njóta Breiðamerkurlóns, en það er liðin tíð og kríuvarpið líka löngu horfið. Unaðsútivistar mátti um tíma njóta við Fjallsárlón en nú eru líka bátar og skarkali þar. Og þannig hafa friðsælu lónin „horfið“. Hoffellslón er þó eftir. Mátulega auðvelt er að komast að því, þeir komast sem vilja og gefa sér tíma. Gangi áætlanir Bláa lónsins eftir glatast Hoffellslónið líka og miklu meira en það. Afmarkað framkvæmdasvæði lokar dalnum og hindrar aðkomu annarra en þeirra sem eru á vegum

fyrirtækisins (þótt framkvæmdaaðilar reyni að halda öðru fram). Þangað yrði ekki hægt að sækja unaðsútivist og margir hefðu því ekki lengur neitt þangað að gera.

Menningarsaga Hoffells. Í Matsáætlun eru nefndar nokkrar gamlar tóftir og minjar sem er ágætt og eðlilegt að taka tillit til. En merkilegir þættir í menningarsögu 20. aldar eiga rætur í Hoffelli og á þær hefur ekki verið minnst.

Upphaf jöklarannsókna á Íslandi. Snemma vors 1936 lagði mikill leiðangur upp frá Hoffelli. Með hjálp heimamanna fóru leiðangursmenn upp allan Hoffellssjökul til að komast inn á jökulhvelið sjálft. Leiðangursstjórar voru Hans W. Ahlmann, prófessor við Stokkhólmsháskóla og heimsfrægur jöklafræðingur, og Jón Eyþórsson veðurfræðingur og ákaflega vinsæll fræðimaður, síðar stofnandi Jöklarannsóknafélags Íslands, formaður þess í áratugi og brautryðjandi í mikilvægum og merkilegum rannsóknum Jöklarannsóknafélagsins. Í leiðangrinum voru líka fjórir ungir menn, tveir Íslendingar og tveir Svíar og var annar Íslendingurinn Sigurður Þórarinsson sem var nemandi Ahlmanns í Svíþjóð. Þetta var hinn svo kallaði Sænsk-íslenski Vatnajökulsleiðangur sem hóf störf sín með sjö vikna dvöl á Vatnajökli við ýmiss konar rannsóknir við harla frumstæðar aðstæður og oft í mjög slæmu veðri. Þá héldu fjórir leiðangursmanna til síns heima en eftir urðu Sigurður og annar Svíinn, Carl Mannerfelt, og héldu rannsóknunum á jöklinum áfram í tvo mánuði. Þeir tjölduðu við Hoffell og gerðu þaðan út á jökulinn. Örkuðu ótal sinnum upp og niður jökulinn og fóru stundum upp á hájökulinn í nokkurra daga leiðangra. Næstu tvö sumur kom Sigurður aftur til nokkurra vikna rannsókna á jöklinum og var þá alltaf í Hoffelli þegar hann var ekki á jöklinum sjálfum.

Niðurstöður rannsókna á Vatnajökli birtust í fjölmörgum vísindagreinum. Þeim var síðan safnað í bók, *Vatnajökull Scientific Results of the Swedish-Icelandic Investigations 1936-37-38* sem var lengi vel grundvallarrit á þessu sviði. Einnig hefur mikið verið skrifað almenns eðlis um leiðangurinn. Ahlmann skrifaði sjálfur ákaflega skemmtilega bók sem var þýdd á íslensku og kom út 1979, *Í ríki Vatnajökuls á hestbaki og skíðum*. Sigurður Þórarinsson skrifaði margar greinar í Lesbók Morgunblaðsins árið 1946 undir yfirskriftinni *Í veldi Vatnajökuls*. Í bókinni *Jöklaveröld* sem kom út árið 2004 er víða minnst á þennan leiðangur og ber þar hæst grein Carls Mannerfelt um upplifun sína, *Hundalíf á Vatnajökli*. Og loks má nefna ævisöguna, *Sigurður Þórarinsson Mynd af manni* sem Sigrún Helgadóttir skrifaði og kom út 2021. Þar er fjallað um þennan tíma í lífi Sigurðar og byggt að miklu leyti á dagbókum hans. Fjölmargar myndir eru til úr þessum leiðöngurum sem margar segja miklu meira en mörg orð.

Það væri sannarlega við hæfi að halda á lofti brautryðjandastarfi og árangri Sænsk-íslenska Vatnajökulsleiðangursins og minnst hans, ekki bara í gestastofum heldur líka á vettvangi við Hoffell og jökulinn.

Áhrifarík og heillandi náttúra. Sigurður Þórarinsson fór fyrst um sveitirnar sunnan Vatnajökuls sumarið 1935 þá 23 ára gamall. Næstu þrjú sumur var hann þar langdvölum og síðar fór hann þar um hvenær sem færi gafst. Í dagbókum sínum lýsir hann oft fjálglega fegurð landsins og merkilegheitum. Ekki er vafi á að dvöl Sigurðar í sveitunum sunnan Vatnajökuls höfðu mótandi áhrif á hann og hafa átt ríkan þátt í að gera hann að þeim náttúruverndarmanni sem hann var. Sigurður barðist fyrir náttúruvernd á Íslandi í ræðu og riti, var aðalhöfundur fyrstu náttúruverndarlaga landsins og sat í Náttúruverndarráði frá stofnun þess svo lengi sem hann lifði.

Það væri kaldhæðnislegt ef núverandi eigendur Hoffells virtu þar einskis þau náttúruverndarsjónarmið, reglur og lög sem sett hafa verið til að verja þau verðmæti sem búa í merkilegri, fjölbreyttri og nær óraskaðri náttúru Hoffellsjökuls og landsins í nágrenni hans.

4. Nokkrar viðbótar athugasemdir og umsagnaraðilar

Valkostir. Í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, 22. gr. c er gerð krafa um:

“lýsingu og mat á raunhæfum valkostum sem framkvæmdaraðili hefur kannað og upplýsingar um helstu ástæður fyrir þeim valkosti sem var valinn, með tilliti til umhverfisáhrifa framkvæmdarinnar...”

Ljóst er að annar valkosturinn sem framkvæmdaaðili setur fram, svo kallaður “núllkostur”, er ekki raunhæfur valkostur eins og kveðið er á um, heldur yfirlýsing um allt eða ekkert. Framkvæmdaaðila ber að setja fram raunverulega og raunhæfa valkosti, ekki síst þegar líklegt er að “aðalvalkostur” hafi veruleg umhverfisáhrif í för með sér. Augljóst er að færsla baðlóns o.fl. af Svæði 2 á Svæði 1 eða á einhver enn önnur svæði á þegar ræktuðu eða röskuðu landi, og nær bæjum og nær upptökum vatns, hefur margvíslega kosti. Gera verður kröfu til þess að slíkir valkostir verði skoðaðir rækilega.

Valkosturinn sem fjallað er um krefst ekki aðeins vegalagningar fyrir þungaumferð um dalinn sem bryti í bága við þau verndarmarkmið sem gilda fyrir svæðið, heldur yrði líka að leggja vatnslagnir fyrir heitt og kalt vatn, skolp og affallsvatn langar leiðir.

Náttúruvá. Í Matsáætlun segir:

“Framkvæmdin er ekki talin til þess fallin að hafa áhrif á náttúruvá á svæðinu og því verður náttúruvá ekki hluti þeirra umhverfisþátta sem lagt verður mat á í umhverfismatinu.”

Líklega er það rétt að framkvæmdin sjálf sé þess ekki umkominn að hafa áhrif til náttúruvár en hins vegar sýnist ljóst að þarna geti válegir náttúrulegir atburðir orðið og því hlýtur að þurfa að gera ráð fyrir að svo gæti orðið. Gert er ráð fyrir nokkrum mannfjölda fjarri byggð, á sumri sem vetri, þar sem samgöngur geta brugðist og skyndileg vá brostið á nær fyrirvaralaust vegna veðurs, flóða eða jafnvel öskufalls úr eldgosi og við hopandi jökla koma skriður úr fjöllum sem steypast niður á jökla og í jökullón. Framangreind atriði kalla á ítarlega umfjöllun um mögulega náttúruvá og hamfarir með sýn framyfir næstu aldamót.

Umsagnaraðilar. Nokkrir umsagnaraðilar eru lögboðnir svo sem:

Náttúruverndarstofnun.
Náttúrufræðistofnun.
Vatnajökulsþjóðgarður.
Náttúruverndarnefnd sveitarfélagsins.
Heimsminjaskrá UNESCO og IUCN.

Einnig eru eftirfarandi aðilar mikilvægir umsagnaraðilar:

Ferðafélag Íslands.
Samtök um náttúruvernd á Austurlandi.
Landvernd.
Jöklarannsóknafélag Íslands.
Jarðfræðistofnun Háskóla Íslands.
Lif- og umhverfisverndarstofnun Háskólans.
Almannavarnir.
Náttúrugrið.
Náttúruverndarsamtök Íslands.
Ungir umhverfissinnar.
Ferðamálasamtök og yfirvöld ferðamála.

5. Stjórnsýsla og skipulag

Hagsmunaárekstrar. Sveitarstjórn sveitarfélagsins Hornafjarðar á mikilla hagsmuna að gæta hvað varðar svo stóra framkvæmd í sveitarfélaginu, ekki síst fjárhagslega, en ber jafnframt ríkar skyldur varðandi skipulag og samfélagið allt. Sveitarstjóri Hornafjarðar hefur opinberlega lýst yfir stuðningi við framkvæmdir í Hoffelli en haft var eftir honum í Bændablaðinu 13. júní 2024, bls. 18:

“Þetta er allavega frábært verkefni, sem á eftir að verða mjög mikil lyftistöng fyrir sveitarfélagið og allt nærumhverfið,“ og

“Þetta verður einstakt á heimsvísu, því get ég lofað miðað við það sem ég hef séð. Framtíðin er björt í Hornafirði,“ (<https://www.bbl.is/frettir/hundrad-ny-storf-i-hornafirdi>)

Á sveitarstjórnarfundi 9. janúar 2025 lagði Bláa lónið, framkvæmdaaðili í Hoffelli, fram óskir um leyfi til breytinga á aðalskipulagi sveitarfélagsins, ásamt skipulagslýsingu. Sveitarstjórn leitaði álits forsætisráðuneytis og í svari ráðuneytisins er skýrt tekið fram að leyfisveiting á þessu svæði falli ekki einungis undir sveitarstjórn heldur einnig Vatnajökulspjóðgarð og þurfi því að vera í samræmi við stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins.

Ekki þurfti sveitarstjóri að örvænta þótt ákvörðunarvaldið þarna væri ekki hans. Sami maðurinn er ekki bara sveitarstjóri í Hornafirði heldur líka formaður svæðisstjórnar Vatnajökulspjóðgarðs. Í síðarnefnda hlutverkinu er hann fulltrúi landsmanna í umboði umhverfisráðherra og er ætlað að standa vörð um ómetanlega náttúru þjóðgarðsins. Er ekki hér um hagsmunaárekstra að ræða? Sveitarstjórnann/formann svæðisstjórnar hlýtur að skorta hæfi í öðru ef ekki báðum hlutverkum. Náið samstarf sveitarstjórnar og framkvæmdaaðila kemur fram í Matsáætluninni en þar segir: “Samhliða vinnu við umhverfismat er unnið að breytingu á aðalskipulagi og nýjum deiliskipulagsáætlunum vegna framkvæmdarinnar.”

Úrelt Matsáætlun og óljóst skipulag? Á fundi umhverfis- og skipulagsnefndar sveitarfélagsins Hornafjarðar 1.10.2025 kom fram að framkvæmdaaðili hafi tekið ákvörðun um að minnka umfang framkvæmdarinnar við jökullónið og á fundargerð má skilja að fleiri breytingar hafi verið gerðar á áætlunum Bláa lónsins. Ef þetta er rétt þá er sú Matsáætlun sem lögð var fram í Skipulagsgátt mánuði seinna, og fjölmargir leggja nú vinnu í að gera athugasemdir við, úrelt og með röngum upplýsingum. Hana hefði ekki átt að leggja fram og hana ætti nú að draga til baka.

Lagt hefur verið fram til Skipulagsstofnunar ítarlega endurskoðað aðalskipulag fyrir sveitarfélagið Hornafjörð. Það hefur ekki enn öðlast gildi og þar er ekki gert ráð fyrir þeim breytingum sem framkvæmdaaðili fór fram á. Framlögð Matsáætlun er ekki einungis með röngum upplýsingum heldur einnig ótímabær, er hvorki í samræmi við núgildandi aðalskipulag né það aðalskipulag sem brátt tekur gildi. Samþykkt deiliskipulag er heldur ekki fyrir hendi.

Að lokum má spyrja hvort eðlilegt sé að sami aðili vinni aðalskipulag/deiliskipulag fyrir sveitarstjórn (í umboði almennings) og Matsáætlun/Umhverfismat fyrir framkvæmdaaðila, sérstaklega þegar framkvæmdaaðili og sveitarstjóri viðhafa ekki góða stjórnsýslu.

6. Niðurstaða

Hér hefur verið fjallað um þá varnargarða sem settir hafa verið upp utan um Vatnajökulsþjóðgarð og Hoffellssvæðið á suðurjaðri hans. Varnirnar hafa á löngum tíma verið settir saman af Alþingi, ráðuneytum, ríkisstofnunum, sveitarstjórnnum og stjórn og svæðisstjórn Vatnajökulsþjóðgarðs og jafnan með ráðgjöf frá innlendum sérfræðingum á ýmsum sviðum og alþjóðlegum samtökum sem sérhæfa sig í náttúruvernd, þjóðgördum og friðlýstum svæðum. Þessir garðar laga og reglna ættu að vera nægilega öflugir til að verja ómetanleg verðmæti svæðisins. Eða hvað?

Telur framkvæmdaaðilinn, Bláa lónið, sig ekki þurfa að taka tillit til sjónarmiða náttúruverndar og reynir með fjármagni sínu og áhrifum að brjóta glufur í garðana? Um er að ræða stöndugt fyrirtæki sem skilar eigendum sínum miklum arði og nýtur líka hárra styrkja af opinberu fé þegar áföll verða, heimsfaraldur geisar eða hraunrennsli ógna endurbyggjanlegum mannvirkjum þess.

Aðeins hefur verið skoðuð matsáætlun fyrirhugaðra framkvæmda en þó er augljóst að ekki þarf að fara út í mikla og kostnaðarsama vinnu við umhverfismat til að komast að þeirri niðurstöðu að framkvæmdirnar eins og þeim er þar lýst myndu eyðileggja á óafturkræfan hátt ómetanleg náttúruverðmæti þjóðarinnar.

Falla ætti þegar frá þessum framkvæmdunum og Bláa lónið að setja metnað sinn í að skipuleggja Hoffell á þann hátt að full virðing sé borin fyrir lögum og reglum, menningu og sögu, landi og lífi og ægifagurri náttúru þar sem fólk fengi notið unaðsútivistar um ókomna tíð. Eðlilegt væri að landeigendur byðu nyrsta hluta Hoffellsdals sem viðbót við Vatnajökulsþjóðgarð.

Ólafur S. Andrésón, Sigrún Helgadóttir
Þverási 21, 110 Reykjavík

Um höfunda:

Ólafur S. Andrésón er fyrrverandi prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands. Hann hefur verið og er virkur í ýmsum náttúruverndarsamtökum.

Sigrún Helgadóttir er líffræðingur með sérstaka menntun í nýtingu náttúruauðlinda með áherslu á þjóðgarða og útivistarsvæði. Hún var lengi landvörður, fyrsti formaður Landvarðafélags Íslands, vann í nokkur ár hjá Náttúruverndarráði einkum að stýringu friðlýstra svæða og menntunar landvarða. Hún tók þátt í stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs með þátttöku í ráðstefnum og nefndarstörfum og sat um tíma í stjórn þjóðgarðsins. Hún hefur skrifað mikið um þjóðgarða, verndaráætlun um Þjóðgarðinn í Jökulsárgljúfrum og ýmsar greinar en einnig bækur um Jökulsárgljúfur (2008) og Þingvelli (2011). Sigrún hefur skrifað margt um náttúruvernd á Íslandi og sögu hennar meðal annars í ævisögu Sigurðar Þórarinssonar sem kom út árið 2021.

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Ég, Tinna Rut Sigurðardóttir, íbúi í Nesjum, bæjarfulltrúi, skólabílstjóri og skrifstofustjóri afþreyingarfyrirtækisins Glacier Journey, styð heilshugar að farið verði í framkvæmdir við Hoffellslón. Meðfylgjandi er umsögnin mín varðandi uppbygginguna í Hoffelli við Hoffellslón, sem og facebook pistill sem ég skrifaði um þetta tiltekna mál. Það fylgja einnig myndir af umræddum jökulgarði.

Höfundur: Tinna Rut Sigurðardóttir

Sent inn þann: 30.11.2025

Viðhengi:

73.1.Umsögn.pdf

73.2.Uppbygging við Hoffellslón.pdf

Ég, Tinna Rut Sigurðardóttir, íbúi í Nesjum, bæjarfulltrúi, skólabílstjóri og skrifstofustjóri afþreyingarfyrirtækisins Glacier Journey, styð heilshugar að farið verði í framkvæmdir við Hoffellslón.

Ég hef mikinn hag af því að samfélaginu okkar vegni vel og dafni, sveitarfélagið eflist og innviðir innan þess verði enn betri.

Fjölbreytt ferðaþjónusta er lykill í þeirri vegferð sem Sveitarfélagið Hornafjörður er í, að vera framúrskarandi í móttöku gesta og eftirsóknarverður staður til þess að búa á.

Uppbygging baðstaðar inn við Hoffellslón mun ekki skerða upplifun fólks af svæðinu, þessi uppbygging mun öllu fremur bæta þá upplifun til muna. Þetta er ég viss um vegna þess að ég fer reglulega með hópa ferðamanna inn að Hoffellslóni og það sem situr eftir hjá þeim er sagan. Ég var svo heppin að hafa farið í ferð með fyrri landeiganda og veit því söguna og get frætt fólk. En fólk sem kemur þarna á eigin vegum getur eingöngu giskað í eyðurnar.

Núna þegar maður fer inn að lóni þá mætir manni bílastæði fyrir framan jökulgarðinn, vegur uppá hann og svo bílastæði þar ofan á, göngustígar eru útum allt í allar áttir og því gjörsamlega ótækt að halda því fram að þarna sé ósnortin náttúra. Þessi jökulgarður er mjög langur og verður ekki hreyfður nema á þeim stað sem hann er nú þegar allur raskaður. Fræðsla um svæðið er í algjöru lágmarki og því ekki mikil upplifun fyrir fólk að koma þangað, það er svo mikilvægt að segja söguna, sýna frá breytingunni sem hefur orðið á svo stuttum tíma, búa til almennilega upplifun fyrir fólk, upplifun sem gleymist ekki. Hoffellslón er ekkert einstakara en öll hin jökullónin okkar sem eru þó nokkur í sveitarfélaginu. En með þessari uppbyggingu er hægt að gera þetta svæði að einu eftirsóknarverðasta jökullóni Íslands, á eftir Jökulsárlóni auðvitað.

Byggingin sem hýsir veitingastað, baðstað og jöklasýningu mun vera lágreist og nær ekki upp fyrir jökulgarðinn þegar þú ekur að honum inn dalinn. Þú munt því aldrei sjá bygginguna fyrr en þú ert eiginlega komin inn í hana.

Umsagnir sem hér hafa borist varðandi Tröllasmiði, hreindýr og annað sem virðist vera skrifað af einhverjum sem aldrei hafa stigið fæti á svæðið er þeim til skammar myndi ég segja. Rannsóknin sem vísað er í varðandi Tröllasmiðinn sýnir það að enginn Tröllasmiður fannst inn í Hoffellsdal og því engar líkur á að þetta muni raska þeirra búsvæðum nokkuð og því með ólíkindum að það sé reynt að draga þetta upp til að búa til mótrök við uppbyggingunni. Svo er það þetta með hreindýrin og að þau forðist mannabyggð/ferðamannastaði um 15km radíus og að öllum líkindum svelta útaf þessari uppbyggingu er líka það furðulegasta sem ég hef lesið lengi. Rannsókn frá gönguskíðasvæði í Noregi, sem á ekkert sameiginlegt með svæðinu og hreindýrunum hér. Hreindýrin hér lifa í góðu samneyti við okkur, þau eru í garðinum hjá mér akkúrat núna á meðan ég skrifa þessa

umsögn, kl 18:02 sunnudaginn 30.nóvember, og á sama afleggjara og ég bý á er stórt hótél. Svo vita það allir sem hafa ekið um Breiðamerkursand að hreindýrin þar eru í hundraða tali og öll mjög nálægt Jökulsárlóni, sem er einmitt einn stærsti ferðamannastaðurinn okkar í sveitarfélaginu. Ég vil því bara biðja ykkur sem vinnið þetta umhverfismat að hrífast ekki of auðveldlega með umsögnum frá fólki sem hefur enga þekkingu á svæðinu, enga hagsmuni að gæta og/eða umsögnum með engin almennileg rök önnur en að þeim finnist að þau geti aldrei notið náttúrunnar í Hoffellsdal og lóni eða hreinlega á Íslandi aftur eftir þessa uppbyggingu.

Við verðum að horfa fram á veginn og byggja upp í takt við samtímann, við þurfum að segja söguna og taka betur á móti ferðamönnum og heimafólki. Þessi uppbygging er einmitt það, lyftistöng fyrir alla ferðaþjónustu á svæðinu sem og fyrir okkur heimamenn.

En ég ætla ekki að hafa þetta lengra, ég læt hinsvegar fylgja með Facebook pistil sem ég skrifaði um daginn og myndir af jökulgarðinum umrædda.

Ég styð þessa uppbyggingu heilshugar og ég er handviss um að Bláa Lónið mun byggja þetta upp af einstakri virðingu við náttúruna og taka ævistarf fyrri landeiganda upp á nýtt plan, af þeirri virðingu sem svæðið á skilið.

Við þurfum ekki fleiri áfangastaði eins og Jökulsárlón, sem er okkur öllum til háborinnar skammar.

Uppbygging við Hoffellslón.

Það hefur nú líklega ekki farið framhjá nokkrum manni undanfarin misseri að Bláa Lónið hyggst fara í uppbyggingu á baðlóni, jöklasýningu og veitingasölu inn við Hoffellslón ásamt hótélbyggingu framar í dalnum.

Ég tel að það hljóti að reynast mörgum erfitt að viðurkenna að þeir séu bara frekar jákvæðir og jafnvel spenntir fyrir uppbyggingunni við Hoffellslón þar sem umræðan undanfarið hefur hreinlega verið á þann veginn að hér sé um svo svakalega náttúrunið að ræða að annað eins hafi bara ekki sést og sé hreinlega bara brot gegn mannkyninu að leyfa þessa uppbyggingu. En þar sem að ég er nú með frekar breitt bak og þoli það alveg að fólk sé ósammála mér þá ætla ég bara að leyfa mér að viðra mínar skoðanir á þessu máli og jafnvel að hrekja rangfærslur sem ég hef heyrt undanfarið um þessa uppbyggingu. Ég elska íslenska náttúru og bara náttúruna allsstaðar, en ég elska líka að sjá heiminn þróast og byggjast upp. Það er nefnilega þannig að einu sinni var ekkert og nú er fullt. Af því að einhverjir byggðu það upp.

Það hefur skapast mjög hávæð umræða í kringum þessa uppbyggingu. Það gleymist samt alveg í umræðunni að þessi uppbygging er gríðarleg lyftistöng fyrir afþreyingu í sveitarfélaginu og samfélagið í heild. Afþreying sem samfélagið hefur verið að bíða eftir í fjölda ára. Það er einfaldlega ekki nóg að vera með gistingu og ævintýraafþreyingu nær eingöngu.

Við þurfum að byggja upp áfangastað sem dregur fólk til sín. Jöklarnir laða fólk til sín, en það hefur ekki verið nóg til þess að fá fólk til þess að dvelja hér í lengri tíma. Fólk sem kemur hingað vill fræðast um náttúruna, jökla og samfélagið og það er hreinlega ekki nóg um fræðslu né aðgengi að þessum náttúruperlum eins og er. Við erum ekki öll svo heppin að hafa fulla færni til gangs og því er bætt aðgengi fyrir öll eitthvað sem ég hlakka mjög til að sjá gerast hér. Metnaðarfull uppbygging með aðgengi fyrir öll sem býður fólki upp á fræðslu um jöklana og svæðið í kring er nákvæmlega það sem Hoffellsjökull og Hoffellslón eiga skilið.

Bláa Lónið hefur komið að þessari uppbyggingarhugmynd með framkomu sem ég tel til fyrirmyndar. Þeir hafa sett þetta verkefni upp af mikilli fagmennsku, með virðingu fyrir náttúrunni og jákvæðum samfélagsáhrifum. Þeir hafa framtíðarsýn og njóta þeir góðs af ævistarfi fyrri landeiganda og með því munu þeir tryggja að uppbyggingin verði okkur öllum til fyrirmyndar í fræðslu og þjónustu við heima- og ferðamenn.

Frá því að Bláa Lónið kynnti fyrstu drög að uppbyggingu fyrir íbúum sveitarfélagsins, bæjarstjórn og svæðisráði suðursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs hefur margt breyst, þeir fóru með athugasemdirnar beint inná vinnuborð hjá sér til nánari mótunar.

Talað var um að þessi framkvæmd mætti ekki hamla almennu aðgengi að svæðinu, ef fólki langaði að ganga um svæðið óhindrað þá ættu þau að mega það, því það væri búið að vera þannig í fjölda mörg ár. Þannig verður það, það mega öll koma þangað. Það er ekki verið að fara að hindra neinn í að fara í göngu uppá fjall, skauta á ísilögðu lóninu eða tína ber í Geitafelli. Munurinn er kannski sá að þegar þú ert búinn að skauta eða ganga, þá getur þú farið inn og fengið þér heitt kakó og/eða látið fara vel um þig í heitu baðlóninu. Bláa lónið hefur formlega óskað eftir samstarfi við Vatnajökulsþjóðgarð um að bæta gönguleiðir og fræðslu um svæðið.

Það er einnig talað um að ekki megi raska jökulgarðinum og hafa verið háværar athugasemdir um að það rask sem sé þar nú þegar sé smávægilegt. Það er hinsvegar töluvert rask þar nú þegar, slóði uppá jökulgarðinn, bílastæði ofan á honum og fyrir framan, sem og gönguleiðir á honum og allt í kring, útum allt í allar áttir. Það er því nú þegar óafturkræft rask þarna og ekki hægt að bera því við að þarna sé ósnortin náttúra, allavega ekki þar sem byggingin er fyrirhuguð. Það er mjög stór hluti jökulgarðsins ósnertur og verður þannig áfram. Þegar þú ekur inn dalinn þá verður ekki risastór bygging sem mætir þér og skemmir útsýnið þitt að jöklinum. Þvert á móti tekur jökulgarðurinn á móti þér og byggingin er staðsett innan við hann á því svæði sem er raskað nú þegar eins og sést á meðfylgjandi myndum.

Byggingarmagnið hefur breyst töluvert frá fyrstu drögum, gisting sem fyrirhuguð var inn við lón var tekin út og herbergjafjöldi fækkað. Nú er hótelið fyrirhugað framar í dalnum og það er áætlað að byggja allt að 120 herbergi. Hótel með gæðaviðmið sem finnst ekki hér á svæðinu, við höfum vissulega mjög góð hótél, en þetta hótél er fyrirhugað í allt öðrum flokki. Það er ekki fyrir alla að gista á lúxushótelum, en staðreyndin er sú að það eru margir sem gista eingöngu á lúxushótelum og eru engin slík hér á svæðinu. Þessir ferðamenn hafa flogið hingað með þyrlum eða einkaflugvélum, farið í jökla-ævintýraferð og flogið svo í burtu héðan aftur.

Í sveitarfélaginu er boðið upp á allskonar gistimöguleika, það eru tjaldsvæði, gistiheimili og margskonar hótél. Með því að bjóða upp á afþreyingu á borð við baðlón við Hoffellslón geta allir þessir ferðamenn og heimamenn farið þangað, slakað á, notið náttúrunnar og fengið fræðslu um jöklana og svæðið. Afþreying sem er ekki í boði neinsstaðar annarsstaðar.

Það er mjög langt í næsta baðlón, til vesturs á Flúðum og til austurs á Egilsstöðum. Það er því mjög gott framfaraskref í þjónustu í okkar sveitarfélagi að byggja upp flott baðlón hér.

Bláa Lónið vill að öllum í samfélaginu gangi vel, það er allra hagur af sterku samfélagi. Þeir vilja versla við matvælaframleiðendur í sveitarfélaginu, þeir vilja vera með handunnar vörur

úr sveitarfélaginu til sölu, þeir vilja byggja upp enn betra samfélag með okkur. Þeir vilja byggja upp framúrskarandi áfangastað í frábæru sveitarfélagi.

Samlegðaráhrif svona uppbyggingar eru gríðarleg. Við þurfum afþreyingu nær Höfn til þess að laða ferðamanninn lengra austur á land og halda honum lengur á svæðinu. Það er engum blöðum um það að fletta að mjög margir ferðamenn keyra frá Vík að Jökulsárlóni og aftur tilbaka samdægurs, enda er of lítið annað sem heldur ferðamanninum á svæðinu okkar þegar búið er að skoða Jökulsárlón og fara í einhverskonar jökla- eða ævintýraferð.

Við þurfum líka að hugsa um samfélagið okkar, við þurfum líka afþreyingu. Eitthvað til þess að brjóta upp hversdagsleikann og þá er frábært að fá æðislegt baðlón með útsýni á heimsvísu til að láta líða úr okkur eftir annasama viku eða erfiðan mánuð.

Ferðamenn koma til Íslands til þess að njóta náttúrunnar, það þýðir hinsvegar ekki að það megi ekki standa að uppbyggingu í náttúrunni. Það þarf að vanda vel til verka og byggja upp af virðingu við náttúruna og samfélagið. Staðsetningin á baðlóninu er valin vegna þess að þarna er einstakt tækifæri til þess að byggja upp áfangastað sem mun laða fólk til sín. Það er ekki sambærilegt að byggja upp baðlón í dalnum eða inn við Hoffellslón.

Aðgengi að lóninu eða Geitafelli er ekki sjálfsagður hlutur. Þrátt fyrir að þetta sé náttúra Íslands og að við viljum flestöll ferðafrelsi þá þarf að viðhalda slóðum og slóðinn inn að Hoffellslóni er einn af þeim sem rennur í sundur nokkrum sinnum á ári, hann verður ófær nema kannski fyrir þá sem eru á stórum breyttum jeppum. Það er ekki fólksbílafært þarna nema af því að landeigendur lagfæra slóðann. Það er engin skylda landeiganda að halda slóðanum þangað færum fyrir hvern sem vill, við höfum verið mjög heppin með það að landeigendur hafa séð um að halda slóðanum opnum fyrir okkur hin.

Ef landeigandi má ekki byggja á þegar röskuðum jökulgarði, af hverju má hann byggja á jökulaur, við rætur fjalls, við hlið stöðuvatns, á mosavöxnu undirlendi, í mýri, í lægð eða uppi á hæð ?

Meðfylgjandi eru myndir af umræddum jökulgarði, þar sést ansi stórt bílastæði ofan á jökulgarðinum og annað fyrir framan hann sem og töluvert magn af gönguleiðum á honum og innan við hann þvers og kruss. Áætlað byggingarsvæði er þar sem gönguleiðirnar eru innan við jökulgarðinn. Augljóslega ósnortin náttúra. Jafnframt er bílastæðið víst ekki rask vegna þess að það geymir sögu. Það má líklega aldrei skrifa nýja sögu.

Ég vil bara enda þetta á að benda á að ef við byggjum ekki upp í takt við þróun samtímans, þá endum við með annað Jökulsárlón í höndunum. Ég er nokkuð viss um að ekkert okkar horfi stolt á uppbygginguna við Jökulsárlón og vonumst eftir fleiri svoleiðis áfangastöðum.







Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Ég tel að verkefnið muni skila jákvæðum áhrifum til langs tíma, efla ferðaþjónustu á svæðinu auka framboð af fjölbreyttum gæðum og skapa andrúmsloft fyrir framfarir og uppbyggingu. Þetta er verkefni sem gefur spennandi fyrirheit um blómlegt og samstillt samfélag þar sem fólk, náttúra og framtíð hugsa saman

Höfundur: Sigfús Már Þorsteinsson

Sent inn þann: 30.11.2025

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Umsögn um fyrirhugaða uppbyggingu við Hoffell

Ég vil með þessari umsögn lýsa yfir afstöðu til þeirrar uppbyggingar sem fyrirhuguð er í Hoffelli. Að mínu mati getur verkefnið, ef vel er að staðið, orðið bæði Hornfirðingum og gestum svæðisins til mikilla hagsbóta – **að því gefnu að náttúruvernd og vönduð landnýting verði ávallt höfð í fyrirrúmi.**

Hoffell og næsta nágrenni eru einstök náttúruperla, og mikilvægt er að allri uppbyggingu sé hagað þannig að hún skerði ekki þá upplifun sem jafnt heimamenn sem gestir sækja í inni í Hoffelli. **Náttúran verður að halda sínu yfirbragði**, og mannvirki þurfa að falla sem best að landslagi og sjást sem minnst frá jökullóninu og helstu útsýnispunktum.

á þessu stigi málsins áður en umhverfismat hefur farið fram get ég ekki séð að það sé neitt sem bendi til annars að náttúran fái að njóta sýn áfram og fólk áfram geta sótt í að iðka útivist á svæðinu með betra aðgengi fyrir alla en er í dag.

betur er farið yfir hvernig málið horfir við mér í viðhengi:

Höfundur: Ágúst Elvarsson

Sent inn þann: 30.11.2025

Viðhengi:

75.1.Umsögn_Hoffell_AE.pdf

Ágúst Elvarsson, Rekstrarstjóri Jökulsárlóns Ferðaþjónustu ehf.

Umsögn um fyrirhugaða uppbyggingu við Hoffell

Ég vil með þessari umsögn lýsa yfir afstöðu til þeirrar uppbyggingar sem fyrirhuguð er í Hoffelli.

Að mínu mati getur verkefnið, ef vel er að staðið, orðið bæði Hornfirðingum og gestum svæðisins til mikilla hagsbóta – **að því gefnu að náttúruvernd og vönduð landnýting verði ávallt höfð í fyrirrúmi.**

Hoffell og næsta nágrenni eru einstök náttúruperla, og mikilvægt er að allri uppbyggingu sé hagað þannig að hún skerði ekki þá upplifun sem jafnt heimamenn sem gestir sækja í inni í Hoffelli. **Náttúran verður að halda sínu yfirbragði**, og mannvirki þurfa að falla sem best að landslagi og sjást sem minnst frá jökullóninu og helstu útsýnispunktum.

Að mínu mati eru fjölmörg tækifæri falin í verkefninu:

1. Bætt aðgengi og aukin upplifun fyrir alla

Ef vel tekst til getur uppbyggingin:

- bætt aðgengi að svæðinu fyrir fleiri hópa, m.a. eldra fólk og hreyfihamlaða og bíla sem komast sjaldnast inn að lóninu vegna slæms vegar
- aukið öryggi þeirra sem fara um svæðið

Með bættu aðgengi ættu enn fleiri að geta notið þess að fara á skauta, berjamó eða annara gæðastunda í dásamlegri náttúru.

Það er grundvallaratriði að almenningur eigi áfram **óhindraðan aðgang** að svæðinu, óháð því hvort fólk hyggst heimsækja baðlón eða ekki.

2. Tækifæri til að skapa einstakan og sjálfbæran áfangastað

Ef baðlónið og tengd mannvirki verða hönnuð í sátt við umhverfið má með rétttri nálgun skapa:

- Einstakan áfangastað á heimsvísu með stórbrotnu útsýni yfir jökullón og skriðjökul,
- upplifun sem byggir á náttúrunni og mannvirkjum sem falla að henni
- tækifæri til fræðslu og vitundarvakningar um jarðsögu, loftslagsbreytingar og sérstöðu svæðisins.

Þetta má gera **án þess að raska verndargildi svæðisins**, svo lengi sem byggingaráform eru vönduð og tekin í samráði við fagaðila og aðra hlutaðeigandi. Hafa ber í huga að það hefur ekki enn farið fram umhverfismat. Og því með öllu ótímabært fyrir aðila að lýsa því yfir að svæðið verði skemmt. Á þessu stigi málsins er ekkert sem bendir til annars en að framkvæmdaraðili vilji gera þetta eins vel og hægt er, enda er ekki hagur neins sem vill selja aðgengi að upplifun í íslenskri náttúru skemmi náttúruna sjálfa.

3. Samfélags- og atvinnuávinningur

Uppbyggingin hefur möguleika til að:

- styrkja atvinnulíf á svæðinu,
- stuðla að heilsársrekstri í ferðaþjónustu,
- skapa fjölbreytt störf og efla stoðir byggðar í Sveitarfélaginu.

Þetta er í góðu samræmi við markmið Vatnajökulsþjóðgarðs um að:

- **styðja byggð og atvinnuuppbyggingu í nágrenni þjóðgarðsins,**
- **hvetja til sjálfbærrar nýtingar náttúrugæða,**

Lokaorð

Með því skilyrði að:

- náttúruvernd sé í fyrirrúmi,
- aðgengi almennings sé tryggt og aldrei takmarkað,
- byggingar falli sem best að landslaginu og sjáist sem minnst frá jökullóninu,
- og reksturinn byggji á sjálfbærni og virðingu fyrir náttúru og sögu staðarins,

tel ég að uppbyggingin við Hoffell geti orðið **mikið tækifæri**, bæði fyrir Hornafjörð og fyrir alla þá sem vilja njóta náttúru svæðisins til framtíðar. Hornfirðingar eiga líkast til kost á því að í sveitarfélaginu verði til áfangastaður fyrir ferðamenn sem á sér engan líka um heim allan og verði samfélaginu og landinu öllu til mikils sóma.

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Undirritaður, Br. Tryggvi Árnason sem starfaði í rúma tvo áratugi við þjónustu við íbúa og gesti Hornfjarðar sem sveitarstjóri og síðan við uppbyggingu á ferðaþjónustu svæðisins.

Fyrirhugað uppbygging í Hoffelli er nauðsynleg viðbót við þá miklu uppbyggingu sem hefur verið í Austur Skaftafellssyslu frá árinu 1985 þegar uppbygging á afþreyingu fyrir ferðamenn og aukna gístiaðstöðu og annari þjónustu.

Fyrirhugaðar framkvæmdir í Hoffelli er enn ein fjöður i hatt svæðisins sem á eftir að styrkja ferðaþjónustuna og atvinnulífið ti frambúðar í samkeppni við aðra landshluta og laða á svæðið bæði íbúa og ferðamenn og bæta mannlíf svæðisins.

Br. Tryggvi Árnason

Höfundur: Brynjólfur Tryggvi Árnason

Sent inn þann: 30.11.2025

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Ég, undirritaður Hjörvar Ingi Hauksson, íbúi í Nesjum, hef áhuga á að koma skoðun minni á fyrirhuguðu verkefni Bláa Lónsins við Hoffell á framfæri.

Ég vil með þessu skila jákvæðri umsögn um fyrirhugaða uppbyggingu og leggja áherslu á þau jákvæðu áhrif sem framkvæmdin getur haft á samfélagið í sveitarfélaginu Hornafirði. Uppbygging af þessari stærðargráðu er afar mikilvæg fyrir svæði sem byggir afkomu sína á fjölbreyttum atvinnuháttum, traustum innviðum og sterkum búsetuskilyrðum. Með því að Bláa Lónið hyggist ráðast í framkvæmdir í Nesjum skapast einstakt tækifæri til að efla atvinnulíf, fjölga störfum og tryggja meiri stöðugleika fyrir íbúa.

Bláa Lónið hefur víða reynst öflugur drifkraftur í ferðaþjónustu, og á Höfn og í Nesjum má búast við að verkefnið stuðli að aukinni verðmætasköpun fyrir marga ólíka atvinnugreinar. Slík uppbygging leiðir yfirleitt til fjölbreyttari starfa, aukinna tekna til sveitarfélagsins og sterkari rekstrarstöðu þeirra sem þegar starfa í ferðaþjónustu, byggingariðnaði, veitingarekstri og öðrum tengdum greinum. Með því að laða að stærri hóp gesta eykst eftirspurn eftir gistingu, þjónustu og afþreyingu á öllu svæðinu, sem skilar sér í jákvæðum áhrifum fyrir bæði minni og stærri rekstraraðila. Þvert á það sem oft er haldið fram dregur öflugur aðdráttarafl ekki úr umsvifum minni fyrirtækja heldur bætir þau, þar sem ferðamenn dvelja lengur og nýta sér fjölbreyttari þjónustu þegar svæði fær sterkan og þekktan lykilkpátt eins og Bláa Lónið.

Uppbyggingin hefur einnig jákvæð áhrif á búsetuskilyrði á svæðinu. Þegar stór og traustur atvinnurekandi sýnir áhuga á fjárfestingu eykst trú á framtíð byggðarinnar og það skapar hvata fyrir ungt fólk til að setjast að og fyrir fjölskyldur að sjá framtíðarmöguleika á svæðinu. Slíkar framkvæmdir geta líka leitt til betri þjónustu, svo sem öflugra skólastarfs, stöðugri verslunarreksturs og bættrar heilbrigðisþjónustu, einfaldlega vegna þess að fjölgun íbúa og aukin umsvif skapa sterkari grunn.

Til viðbótar verður að telja það jákvætt að stór framkvæmd kallar á endurbætur á mikilvægum innviðum. Vegakerfi, aðkoma, rafmagn, fráveita og önnur grunnkerfi verða eðlilega tekin til endurskoðunar og styrkingar, sem gagnast ekki bara verkefninu heldur öllum íbúum og rekstraraðilum í Nesjum og á Höfn. Slíkar umbætur hefðu að líkindum ekki orðið nema með slíkri fjárfestingu og því má segja að sveitarfélagið fái mikilvæga innviðaupbyggingu án þess að bera fullan kostnað af henni sjálf.

Þá má nefna að Bláa Lónið hefur almennt sýnt fagmennsku og metnað í umhverfismálum, og ef sveitarfélagið setur skýr skilyrði um vistvæn vinnubrögð, landslagsvernd og sjálfbærni er full ástæða til bjartsýni að framkvæmdin verði vel unnin og falli vel að náttúru og umhverfi svæðisins. Það er því vel hægt að vera jákvæður gagnvart verkefninu og samt tryggja að allri fagmennsku sé fylgt eftir.

Í heildina litið tel ég þessa uppbyggingu mikil tækifæri fyrir sveitarfélagið Hornafjörð. Hún eflir atvinnulíf, styrkir búsetuskilyrði, bætir innviði, fjölgar störfum og lyftir Nesjum og Höfn upp sem einum áhugaverðasta og eftirsóttasta áfangastað á Íslandi. Ég styð verkefnið og tel það vera raunhæft og jákvætt skref í átt að sterkari framtíð fyrir allt samfélagið.

Höfundur: Hjörvar Ingi Hauksson

Sent inn þann: 30.11.2025

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Ég starfa í ferðaþjónustu hér á Hornafirði og sé daglega hvernig gestir okkar sækja í gæði, ró og sterkar upplifanir. Það eru einmitt þessir verðmætari kunnar sem halda ferðaþjónustunni á svæðinu á góðri braut og vilja þjónustu sem stendur undir nýjum standard. Að mínu mati getur uppbygging við Hoffellslón orðið mikilvægt skref í þá átt.

Við eigum marga frábæra staði í sveitarfélaginu og ég sé þetta verkefni sem eðlilega og jákvæða viðbót við það sem þegar er sterkt. Ef vel er staðið að hönnun og framkvæmd er hægt að gera þetta í sátt við umhverfið og skapa upplifun sem styður bæði samfélagið, atvinnulífið og þá náttúru sem við öll metum.

Höfundur: Gísli Karl Ágústsson

Sent inn þann: 30.11.2025

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Svínafell í Örafum, 30 nóvember 2025.

Athugasemd við auglýsta tillögu að uppbyggingu á baðlóni í landi Hoffells í sveitarfélaginu Hornarfirði.

Auglýst í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar 3.11.2025.

Það er mat Hollvina Hornafjarðar að halda eigi uppbygginu á baðlóni frá ósnortinni náttúru. Geitafellsbjörg og Hoffellslón eru dýrmætar náttúruminjar og útivistarsvæði. Það er einstakt fyrir skólabörn og íbúa Hornafjarðar að geta upplifað og notið sérstakra náttúruminja í sínu nánasta umhverfi.

Skriðjökklar og jökulgarðar einkenna landslagið í Austur-Skaftafellssýslu, íbúar sýslunnar hafa glímt við jökulár og framrás skriðjökla í gegnum aldirnar. Nú eru allar jökulár sýslunnar brúaðar sem auðveldar aðgengi að jökulminjum. Jöklarnir laða á hverju ári mörg hundruð þúsunda ferðamanna. Náttúra landsins hefur fram til þessa verið það aðdráttarafli sem dregur ferðamenn til landsins og þar með knýr ferðaþjónustuna. Yfir 80% ferðamanna koma vegna sérstöðu landsins. Óröskuð náttúra er gullegg til framtíðar. Rannsóknir staðfesta mikilvægi náttúrunnar í hugum Íslendinga.

Það er fáheyrt að skoða megi frá láglendi jökulminjar frá 1890. Þegar framrás skriðjökla á sögulegum tíma var sem mest. Óröskuð náttúra er auðlind Skaftfellinga sem og allra landsmanna. Því er mikilvægt að uppbygging ferðaþjónustu verði ekki í eða svo nærri jökulöldunni og jökullóninu að órofin jarðsaga eða náttúra beri skaða af.

Jökulgarðar við Hoffellsjökul eru í næsta nágrenni við Vatnajökulþjóðgarð, sem er á heimsminjaskrá UNESCO. Það eitt og sér ætti að takmarka alla uppbyggingu í jaðri þjóðgarðsins, **sem eru gersemar á heimsvísu**. Hollvinir Hornafjarðar telja það afar brýnt að fundinn verði annar staður til uppbyggingar á baðlóni í landi Hoffells og skynsamlegast að það verði á landi sem nú þegar hefur verið raskað.

Virðingarfyllst,

fyrir hönd Hollvina Hornafjarðar,

Ragnar Frank Kristjánsson, Katrín Birna Þráinsdóttir, Anna Kjartansdóttir.

Höfundur: Ragnar Frank Kristjánsson

Sent inn þann: 30.11.2025

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Hér eru athugasemdir okkar varðandi matsáætlun fyrir Mál 1476 / 2025; Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar.

Brynja Dögg Friðriksdóttir
Helga Valgerður Friðriksdóttir
Sveinn Heiðar Friðriksson

Höfundur: Brynja Dögg Friðriksdóttir

Sent inn þann: 30.11.2025

Viðhengi:

83.1.Athugasemdir við matsáætlun - Mál 1476:2025 Hoffell í Nesjum .pdf

Athugasemdir varðandi matsáætlun Mál 1476 / 2025 Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 3. nóvember 2025 þar sem óskað var umsagnar almennings og stofnanna vegna matsáætlunar fyrir Hoffell í Nesjum – Uppbygging hótels og baðstaðar.

Líkt og fram hefur komið munu fyrirhugaðar framkvæmdir vegna uppbyggingar ferðþjónustu Bláa lónsins í Hoffelli verða á tveimur aðskildum svæðum sem svo eru nefnd í matsáætluninni (bls. 33):

Svæði I: Hótel og veitingaþjónusta á skógarsvæði
Á skógræktarsvæðinu, vestur undir Hoffellsfjalli, verður byggð upp hótलगisting og veitingaþjónusta. Fjöldi gistiherbergja verður allt að 120.

Svæði II: Baðlón við Hoffellslón, veitingaþjónusta og gestastofa

Athugasemdir þessar snúa fyrst og fremst að fyrirhuguðu baðlóni, gestastofu, veitingaþjónustu og bílastæði á svæði II, sem er inn við Hoffellslón, enda mun sú framkvæmd fela í sér gríðarlegt og óafturkræft rask á jökulöldunni við Hoffellslón, og náttúruna í næsta nágrenni.

Hoffellsjökull og náttúran í kring er einstakt svæði með tilliti til jökulsins, mismunandi bergtegunda og jökulminja, gróðurs og dýralífs. Árlega dregur svæðið að sér þúsundir gesta, bæði heimamanna og erlendra ferðamanna, sem eru þangað komin til að upplifa einstaka náttúrufegurð og kyrrð. Sérstaða svæðisins umfram t.d. önnur nærsvæði skriðjökla í Austur-Skaftafellssýslu er einmitt ekki hvað síst kyrrðin og fámennið en gestir eru þar öllu jafna í fámennum hópum, enda hefur massatúrisminn ekki enn náð þangað. Jökulurðin markar mestu stöðu Hoffellsjökuls eins og hann var um 1890, og eins og hvert mannsbarn sér þá hefur jökullinn rýrnað gífurlega mikið síðan. Hoffellsjökull hopar líkt og aðrir jöklar og ásýnd jökulsins mun breytast mikið og hann mun rýrna enn meira, gangi spár um hlýnun jarðar eftir. Fyrirhugaðar framkvæmdir og byggingar við Hoffellslón eru gríðarlega umfangsmiklar og munu - hvernig sem á það er litið - valda óafturkræfri breytingu á landslaginu líkt og helstu tölur um byggingamagn gefa til kynna í matsáætluninni (bls. 36).

Baðlón við jökulgarð og gestastofa 400-600 skápar, hámark 1500 gestir á dag.

Heildarbyggingarmagn: 3.000 – 4.500 m²

Heildaryfirborð baðlóns utan byggingar: 800 – 1.000 m². Til skoðunar er að staðsetja hluta baðlónsins inni í byggingu vegna vindkælingar.

Gufubaðsaðstaða verður inni í byggingu. Gert er ráð fyrir 3-4 ólíkum klefum af bæði gufu og eimbaði.

Gert er ráð fyrir um 1-3 hæðum. Hæsti punktur byggingar væri á pari við hæsta punkt öldunnar eða í kringum 62 m yfir sjávarmáli.

Gert er ráð fyrir að staðsetja stoðrymi á fyrstu hæð eða í kjallara.

Hugmyndir Bláa lónsins fela í sér að fella byggingarnar að miklum hluta inn í eða við jökulölduna, sem útleggst í raun bara á einn veg, að jökulaldran verði grafin í sundur fyrir þær byggingar sem þar mun rísa sem verði síðan huldar að framkvæmdum loknum. Svo umfangsmikil framkvæmd á einfaldlega ekkert erindi í jafn viðkvæmu landslagi og þarna er, og munu gjörbreyta allri ásýnd svæðisins, sama hversu „vel falin“ byggingin verður, þegar hún verður fullkláruð.

Þá kemur einnig fram að hluti baðlónsins verði innandyra, sem í sjálfu sér kemur ekki á óvart enda óvíða jafn kalt og hvasst á þessu svæði í hánorðanátt að vetri. Undirrituð vilja einnig benda á að part úr ári, er aðeins sól á þessu svæði stuttan part úr degi, eða þar til sól fer að síga og gengur bakvið Svínafellsfjallið. Þar af leiðir að svæðið er í raun í skugga frá sólu stóran part úr degi yfir dimmasta tíma ársins.

Fyrirhugaðar framkvæmdir Bláa lónsins á svæði II er í c-hluta á Náttúruminjaskrá og flokkast því undir svæði sem tilefni er til að friða eða friðlýsa, sökum þess hversu einstakar náttúru- og jökulminjar eru á svæðinu. Það er fyrirhuguð hótélbygging á svæði I hins vegar ekki og það færi mun betur að baðlónið, gestastofan og veitingaþjónustan væri sameinuð hótélbyggingunni sem ráðgerð er á svæði I, eða í það minnst að aðrir möguleikar væru skoðaðir fyrir staðsetningu baðlóns og gestastofunnar.

Það er mikilvægt að allar upplýsingar um þessar fyrirhuguðu framkvæmdir Bláa lónsins í Hoffelli séu skýrt framsettar og þeir einstaklingar sem fjalla um þær geri það á skýran hátt. Því verður ekki hjá því komist að gagnrýna bæjarstjóra Hornafjarðar, Sigurjón Andrésson, fyrir villandi framsetningu í pistli sem hann birti nýverið á vefsíðu sveitafélagsins, þar sem öllu svæðinu er grautað saman undir Hoffell. Hér eru dæmi:

Eitt af því sem við sjáum gerast með uppbyggingu á baðstað í Hoffelli er að laða fleiri gesti austar á landið.

(...)


Fyrstu hugmyndir um baðstaðinn í Hoffelli gera ráð fyrir að þar verði glæsileg jöklasýning. Sú sýning mun byggja á Jöklasýningunni sem þegar er til staðar í Hoffelli...¹

Baðstaðurinn verður ekki í Hoffelli, samkvæmt því sem fram kemur í matsáætlun sem hér er til umræðu, heldur verður baðlónið, gestastofa og veitingaþjónusta inn við Hoffellslón við Hoffellsjökul. Frá Hoffelli og inn að Hoffellsjökli eru um 4 km, en aðalmunurinn er sá að Hoffellslón og Hoffellsjökull er í c-hluta náttúruminjaskrár en það er Hoffell ekki. Það er því einfaldlega ekki hægt að tala um þessar fyrirhuguðu framkvæmdir Bláa lónsins eins og þær verði allar staðsettar í Hoffelli.

Umhverfismat

Það er jákvætt að unnið verði umhverfismat fyrir þessa fyrir huguðu framkvæmd, og það er óskandi að matið verði ítarlegt og nái til fjölmargra þátta. Við mat á áhrifum framkvæmdarinnar á ásýnd og landslag (bls. 45, mynd 4.1), þá eru aðeins nefndar fjórar tillögur að sjónarhornum sem er einfaldlega of lítið. Undirrituð leggja til að einnig verði bætt inn í mat á ásýnd og landslag á þeim stöðum sem eru merktir með gulum punktum - og horft verði til baðlónsins og bygginganna:

¹ Hoffell - uppbygging í sátt við náttúru og samfélag, pistill Sigurjóns Andréssonar, bæjarstjóra á Hornafirði: <https://www.hornafjordur.is/stjornsysla/sveitarfelagid/frettasafn/hoffell-uppbygging-i-satt-vid-natturu-og-samfelag>



Eins er mikilvægt að fram fari mat á ljósmengun og ekki hvað síst hljómengun vegna þeirra miklu umferðar sem mun aukast um þetta svæði. Gert er ráð fyrir allt að 120 bíla bílastæði við Hoffellslón. Það er hins vegar hvergi að finna upplýsingar í matsáætluninni um það hversu mikil umferð er talin verða á þessi svæði, hvorki til og frá hótelinu á skógræktarsvæðinu né upp að baðlóninu við Hoffellslón. Miðað við fjölda herbergja á hótelinu og allt að 1500 gesti á dag í baðlón og gestastofu er ljóst að umferðarþungi frá þjóðvegi og inneftir að Hoffelli og Hoffellsjökli mun aukast gríðarlega frá því sem nú er með tilheyrandi umferðarhávaða fyrir íbúa sem búsettir eru á svæðinu sem og gesti sem vilja sækja í kyrrð og náttúrufegurð inn við jökul.

Í matsáætluninni kemur fram að í umhverfismatsskýrslu verði lagt mat á samfélagsleg áhrif framkvæmdarinnar og áhrif hennar á ferðþjónustu og útivist á svæðinu (bls. 47). Til þess verður m.a. stuðst við gögn og rannsóknir sem eru tæplega áratuga gamlar. Það mun ekki gefa rétta mynd að styðjast við svo gömul gögn um áhrif ferðþjónustu á samfélög einfaldlega af því að fjöldi ferðamanna hefur stóruaukist á þeim árum sem liðin er frá því að gögnin voru unnin 2016. Samkvæmt Ferðamálastofu var heildarfjöldi ferðamanna á Íslandi tæplega 1,8 milljón árið 2016² og árið 2024 voru þeir tæplega 2.300.000.³ Upplifun Íslendinga af ferðamönnum hefur einnig breyst eftir því sem ferðamönnum hefur fjölgað líkt og fram kemur í skýrslu Ferðamálastofu frá 2024 (bls.55) um viðhorf Íslendinga til ferðamanna og ferðþjónustu 2023;

Viðhorf landsmanna til ferðamanna og ferðþjónustu hafa tekið breytingum frá síðustu könnun. Fækkað hefur í hópi þeirra sem telja ferðþjónustuna efnahagslega mikilvæga og eru jákvæðir í viðhorfum til áhrifa

² Heildarfjöldi ferðamanna 2016 samkv. tölum Ferðamálastofu: <https://www.ferdamalastofa.is/is/um-ferdamalastofu/frettir/heildarfjoldi-ferdamanna-2016>

³ Heildarfjöldi ferðamanna 2024 samkv. tölum Ferðamálastofu: <https://www.ferdamalastofa.is/is/gogn/fjoldi-ferdamanna/heildarfjoldi-erlendra-ferdamanna>

ferðapjónustu á atvinnufjölbreytni, samfélag og efnahag. Þá hefur ónæði vegna ferðamanna einnig aukist lítillega. Dregið hefur úr almennri ánægju með ferðapjónustu í samfélaginu sem og trú íbúa á sjálfbærni ferðapjónustunnar. Þá hefur hlutfall landsmanna sem þykir fjöldi ferðamanna vera of mikill að sumri og vetri til aldrei verið hærra.⁴

Að lokum

Hoffellsjökull og náttúran við jökulinn er einstakt svæði sem er vinsælt meðal heimamanna og erlendra ferðamanna. Aðdráttarafl svæðisins er ekki hvað síst kyrrðin og fámennið sem þar er, og óvída er hægt að finna jafn merkilegar jökulminjar, sögur af sambúð manna við jökulinn, fjölbreytt gróðurfar og búsetusvæði fugla og hreindýra. Í nútímasamfélagi þar sem hraði og áreiti dynur á fólki alla daga, þá er kyrrð og náttúrufegurð eitt það verðmætasta sem við eigum. Náttúran við Hoffellsjökul og Hoffellslón er einstök og eitt helst aðdráttarafl svæðisins er einmitt það, kyrrð og náttúrufegurð. Fyrirhugaðar framkvæmdir á þessu svæði munu gjörbreyta upplifun ferðamanna og heimafélks af svæðinu, umferðarhávaði mun aukast gríðarlega og byggingamagn og baðlón mun valda óafturkræfanlegum raski á landslaginu og þeim jökulminjum sem þar eru. Það er því mikilvægt að vanda mjög til verka við umhverfismat og kanna þau víðtæku áhrif sem fyrirhugaðar framkvæmdir munu hafa á jökulölduna, náttúruna og lífríkið á þessu svæði.

It only comes now to my attention that some changes to the municipal plan were being done, while institutions such as the national park should have been inviting the public to comment on this matter. This allows developers to say that "this project is in line with local planning documents for the area". With such project, it always feels like citizen voices are always raised either too early or too late, but are far too often ignored.

P.29. 2.2.4.

It seems important to provide more information as to which human interventions will be involved in relation to road-work in the area, and whether flood barrier and other visually impactful interventions are expected to be made in the area, as well as which road will be built, and the origin of material used for such construction. The impact on local hydrology and flood system is important to document for such a project.

P.30. 2.2.5

Air, noise and light pollution will also have an impact within the park boundary due to the close proximity of the project, which can negatively affect ecosystems and the experience of visitors in the area. Furthermore, the development planned in Svæði II seems to conflict with the goals of the national park as stated in section 2.2.5, as the project will impact a landform which is partly included within the park boundary, thereby altering the ecological integrity of the park. The development of bathing facilities and restaurant is not in line with the management plan for the area, with only mention of “toilet facilities”, which are expected to be away from the resting area. Development in the moraine area would go against the goal of the park of protecting glacial monuments formed by the erosion and deposition of glaciers and reflect their retreat and readvances.

P.33. 3.1.1 Svæði I

I don't have any major objection to the development of hotel accommodation and catering services in the forestry area, west of Hoffellsfjall for up to 120 guest rooms, but I have some comments on the building design and visual impacts, which I will present for section 3.3.

P.33-34. 3.1.2. Svæði II.

I strongly oppose all ideas of building a bathing resort on the moraine formed by Hoffellsjökull due to the disturbance of such natural heritage which is among the **youngest landforms on earth** and clear evidence of the **glaciological and climatological history** of this area.

I am also against locating such a large resort within a 500m radius of the terminal moraine as no matter how nice it is made for its users, I think that it will have a negative impact on the experience of current users and non-customers (e.g. people who just come to enjoy nature, peace and quiet) for the following reasons:

- The **visual impacts of the building and the scope of developments** considered will distract people from the natural qualities of the area and **interfere** with their experience of the site. It will take more effort to extract oneself from the **awareness of infrastructure** and the **number of people**.
- The experience to reach the site by arriving on a **large, paved, busy parking lot** is very different and has less charm than reaching the end of a **discrete gravel road** with a **simple parking** area delineated by a few rocks. It is visually **less appealing** and has the effect of ramping up people's expectations about what is to be seen while reducing the feeling of **being off-beaten track**.
- It has been argued that the project will make the site more accessible for all. However, the presence and scale of buildings and road infrastructure, combined with the number of people will **reduce the wilderness experience** that people can have. In order to have a similar experience, people will need to walk **further away from the site**, making **wilderness less accessible**, especially for people that are not in good shape or with reduced mobility.
- The project will **reduce non-customers' feeling of fulfillment**, as they can get the impression of missing something if they can't afford to get there, either due to lack of time or money. It is currently very easy to return from Hoffellslón with full satisfaction and contentment on how one enjoyed the scenery, even without walking far or staying for a long time. The project would **enhance the experience of customers at the expense of others**.
- Even though the geothermal baths are technically located on private land, the lagoon and the scenery, which is the **resource used for profit**, is largely under public ownership. The way in which we can access and enjoy these public lands will change as we'll have much more of a

feeling on trespassing on a **private company's business** and it will "feel like" a privatization of public lands and of the view on the glacier.

- The location of the resort at the end of the road leading to the lagoon is **imposing on all visitors** the presence of a **large parking lot, shop, restaurant, geothermal lagoon and visitor center in a large building complex** that can accommodate such services and require a lot of staff.
- SUGGESTION: Moving the resort further away from the moraine, ideally by about 1 km (or even just 300m or so), could help **separating traffic going to the baths from others who simply seek contact with nature** or pursue outdoor activities.
- The scope of developments considered involves **far too much disturbance** to be considered **appropriate** in this place, where **only small structures providing basic services should be considered** to retain as much of the natural and wilderness qualities of the area as possible.
- SUGGESTION: Perhaps **downscaling onsite facilities** to a few affordable hot pots and a sauna with a view along with a **tiny wooden cabin** for toilets and changing facilities, located so that it doesn't spoil the view. Any plans for a full-scale bathing resort would just feel out of touch with the delicate nature surrounding the site and should therefore be **moved further away from the terminal moraine**, ideally by about 1 km, but even 300m would make a big difference.
- **Visibility of buildings, bathing facilities and vehicles** from the **viewpoints** on the **top of the moraine and along Geitafellsbjörg** is far too high with the current location and should be minimized as much as possible, by downscaling the project and relocating it further away from the moraine. I emphasize that **the view from the trail along Geitafellsbjörg** is most important to retain its attractiveness. Consequently, it would be ideal if the facilities and parking lot were hardly noticed from the upper parts of the trail system.
- It is extremely important that the moraine system stays as untouched as possible so that it can retain all of its **educational value** as the **clearest evidence** of the **glaciological and climatological history** of the area.

I find it very misleading to assert that the location of the building on the North side of the moraine is intended to keep the view into the valley intact, considering that the first thing that will meet the eye of any visitor is a large parking lot for up to 400-600 visitors. I also want to point out that the parking lot is not shown on any of the maps/3D-views, which makes it difficult for those who comment to fully grasp the scope of development that are being considered there.

I generally welcome the idea of using the roof of a building as a viewing platform open to the public.

When it comes to the capacity of as many people as possible to continue to enjoy what the area has to offer, I want to emphasize that the planned development will jeopardize the wilderness qualities of the area, by reducing their capacity to "enjoy nature and solitude without disturbances from human structures or traffic of motorized vehicles" as worded in the Nature Conservation Act 60/2013.


In terms of exact location of the lagoon, I would like to draw an absolute red line on the terminal moraine formed by Hoffellsjökull.

SUGGESTION: Aside from Svæði I, the ideal location for such a project of geothermal lagoon would be in my opinion about 1-1,5 km away from the moraine, near the alluvial fan of Kráksgil where a decent view on the glacier can still be found and where the vegetation could be used to reduce the visual impacts of facilities. More importantly, this would ensure that traffic going to the baths is separated from those that visit Hoffellslón to be in contact with nature or pursue outdoor activities. This is my

preferred location which would help retain the values of the area, deliver a geothermal bath with a view on a glacier, and minimize impacts on wilderness and recreational uses.

SUGGESTION: If it is really important to be able to “sell the view” on the lagoon, then I would recommend building a small wooden cabin with changing facilities and toilets next to Geitafellsbjörg, and have maybe 1-2 small hot-tubs and perhaps even a sauna facing the lagoon, which would be much more suitable in scale and spirit with the natural qualities of the area.

SUGGESTION: As I suspect that developers will still want to include a proposal by the lagoon, I will then suggest another alternative which is slightly better than the one proposed, by moving it 250m away from the moraine, and towards the East/Southeast, as close to the mountain as possible, to minimize visual impacts on viewpoints from the trail on top of Geitafellsbjörg. By doing so, a very decent view on the lagoon and glacier is still provided from the baths, the facilities would rest on the base of the hill, and the parking lot would be in front of it, near the junction where the track leads to the valley East of Geitafellsbjörg. One could even imagine that all facilities would be on the ground floor, with a viewing platform on top of the building, and small stair-like trail leading higher up on the hill where a couple of other hot pots or saunas could be located and blend in the scenery (offering a better, overlooking view). All such designs could use a fully reversible setup to facilitate restoration of pre-construction conditions if needed. Rocky outcrops could be used as natural barrier from the weather and sight to minimize visual impacts. Buildings would be more visible from the access route compared to the proposed plan, but visual impacts would be minimized by downsizing the facilities and removing catering services, and culturally sound traditional designs will be used so that the appearance of the building would feel authentic and appropriate in such settings.



P.36. 3.2.

This section about the project aims does not specify how the project will provide researchers with increased access to the area, as well as facilities for scientists in the area.

P.36. 3.3.

SUGGESTION: I would like to suggest a reduction of the hotel building height to 2 floors to minimize landscape impacts on the surrounding area and make it blend better into the scenery. Traditional or culturally sound designs are desirable for this kind of building, e.g. using turf or corrugated iron for part of the designs. Get inspired by Selfoss new town center rather than Kerlingarfjöll or Fosshotel Glacier Lagoon.

As mentioned, the current location for the bathing resort is most unsuitable.

As mentioned, the scope of the project with 400-600 lockers is clearly excessive, as well as the building size. Considering that once the project is completed there might be further expansion, I want to emphasize that I will still find something designed for 150-200 people excessive for this type of site.

The total building area and building height seem excessive.

P.40. 3.10.

I am glad to hear that the scope of the project was reduced, but this should not mean that the current version is already a compromise. The fact that an earlier version of the project was more impactful is irrelevant to the evaluation of the current version of the project. The strategy of asking for more than what is aimed is commonly used by developers in land-use conflicts to give project opponents the illusion of a compromise.

SUGGESTION: I would like to encourage developers to drop the idea of building the bathing facilities in the moraine and suggest instead to evaluate an option that would be about 250 m away from it and another one which would be 1-1.5 km away from it to receive public comments on these different options.

P.42. 4.1.

Wilderness impacts are missing from the list, as it is not limited to landscape and appearance, but also includes human traffic and perceptions. I recommend having wilderness impacts as a whole separate category where it is thoroughly assessed as this is very important for tourism in Iceland.

P.44. 4.4.

Regarding the uniqueness and scientific value of geological features, talking about the disturbance of the moraine in relation to their full extent within the national park seems irrelevant. It is not because something is common in Iceland that it does not hold value.

P.45-46. 4.5.

There is no viewpoint from the moraine which is the area used by >90% of visitors to this location.

SUGGESTION: I recommend adding at least two viewpoints on the moraine, as well as a third one within the first 100-250m of the trail going up towards Geitafellsbjörg from the moraine, at least for the geothermal lagoon.

Information is lacking regarding the method used for wilderness impacts. How will wilderness impacts be quantified with the Wilderness Map made by the WRI? Is there a plan to overlap viewshed polygons over the map with the WQI classes or to compute corrections to the WQI based on the changes induced by the project? How do the developers justify the choice of wilderness map/method compared to others (e.g. Ostman et al., 2021; INPA & EAI, 2019)?

SUGGESTION: I recommend also conducting qualitative research on visitors and domestic users to probe their opinion regarding the development of such a bathing resort, as shops and restaurants are seen as the least appropriate structure type in wilderness areas (see chart in Bishop, 2024 - p.39).

P.47. 4.7.

It would be very informative to get an idea of the carbon footprint induced by the operation of the facilities, based on resulting road traffic from staff and visitors. Likewise, an estimation of the carbon footprint of the project due to different phases would be very informative, but it seems like it is considered here as marginal and not quite in the scope of an EIA.

P.48. 4.9.

SUGGESTION: I would like to refer to Art. 3.e. of the Nature Conservation Act 60//2013 (*Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni.*) which talks about safeguarding the uninhabited wilderness of the country (*að standa vörð um óbyggð víðerni landsins*), and refer to the legal definition in Article 5.19 “*Svæði í óbyggðum sem er að jafnaði a.m.k. 25 km² að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja og [að jafnaði]²⁾ í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflinum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum*”, where I encourage developers to reflect if within a 5 km radius of the site are some places where those conditions are met and how these areas will be impacted by the project.

References:

Bishop, M. V. (2024). Wilderness Mapping in Iceland – Overview and comparative analysis of methods. https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/URN/2024_Wilderness_Mapping_in_Iceland.pdf

Ostman, D. C., & Árnason, Þ. (2021). Landslagsáhrif vindorkuvera - þróun aðferðafræði til greiningar og mats [Landscape impact of wind farms - development of a methodology for analysis and assessment]. https://www.ramma.is/media/rannsoknir/OstmanArnason2021_Landslagsahrif_vindorkuvera_RA4.pdf

Icelandic National Planning Agency, & Environment Agency of Iceland. (2019). Kortlagning víðerna á miðhálandinu. Tillögur að útfærslu viðmiða. https://www.landsskipulag.is/media/pdf-skjol/Kortlagning_viderna_Skyrsla_verkefnishops_14102019_sam.pdf

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Ég, Erla Guðný Helgadóttir, mótmæli fyrirhugaðri framkvæmd baðlóns við Hoffellsjökul og jaðar Vatnajökulsþjóðgarðs, sem fjallamenskukennari, jöklajarðfræðingur og náttúruverndarsinni.

Svæðið er einstök náttúrugræmi á heimsvísu þar sem heimamenn og ferðamenn njóta ósnortinnar náttúru og kyrrðar í faðmi jökuls, lóns, birkiskógar og fjalla. Vatnajökulsþjóðgarður er á heimsminjaskrá, og framkvæmdir sem breyta ásýnd og umferð á svæðinu á svo afgerandi hátt munu vafalaust stofna þeirri mikilvægu nafnbót í hættu. Landslagsheild eins og sú sem finnst við Hoffellslón er ekki jafnalgeng og mörgum gæti virst. Hún er einstök, á Íslandi og á heimsvísu, en sömuleiðis aðgengileg fyrir öll til þess að njóta.

Það eru ótal ástæður fyrir því að ekki sé álitlegt að byggja mannvirki með stöðuga viðveru innan jökulgarða og við jökullón. Ég legg til að sveitarfélög, Vatnajökulsþjóðgarður og íslenska ríkið setji heildstæða stefnu um framtíð uppbyggingar við jaðar þjóðgarðsins, við jökuljaðra og jaðar jökullóna. Það skal metið m.t.t. sérstöðu landslagsheilda, náttúruverndarlaga, jöklabreytinga, breytilegrar náttúru jökulgarða, skriðufalla svo fátt eitt sé nefnt. Ekkert slíkt mat hefur verið lagt á þessa fyrirhuguðu framkvæmd þar sem þeir þættir sem nefndir eru að framan eru teknir til greina.

Að öðrum kosti legg ég til að baðlónið verði fært upp að fyrirhuguðu hóteli, þar sem byggð er nú þegar.

Þannig mega sérkenni svæðisins halda sér áfram, í þágu almennings og náttúrunnar sjálfrar.

Höfundur: Erla Guðný Helgadóttir

Sent inn þann: 01.12.2025

Mál nr. 1476/2025 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Í viðhengi er umsögn Náttúrufræðistofnunar.

Höfundur: Snorri Sigurðsson

Sent inn þann: 01.12.2025 , **Fyrir hönd:** Náttúrufræðistofnun

Viðhengi:

87.1.Umsögn Náttúrufræðistofnun Matsáætlun Hoffell í Nesjum.pdf



Skipulagsstofnun

Borgartún 7b

105 REYKJAVÍK

Ísland

Garðabær, 1. desember 2025

Málsnúmer: 202511-0002

SS

Efni: Hoffell í Nesjum – uppbygging hótels og baðstaðar. Matsáætlun.

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun, dags. 3. nóvember 2025 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um matsáætlun fyrir framkvæmd Bláa Lónsins hf. á uppbyggingu hótels og baðstaðar við Hoffell í Nesjum í Sveitarfélaginu Hornafirði.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matsáætlunina og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Um tilkynningarskylda framkvæmd er að ræða, en ákveðið var að framkvæmdin færi strax í mat á umhverfisáhrifum og því engin fyrirspurn um matsskyldu send til Skipulagsstofnunar. Matsáætlunin er því fyrsta tækifærið sem umsagnaraðilar hafa til að veita ábendingar um áformaða framkvæmd til Skipulagsstofnunar. Hins vegar hefur Sveitarfélagið Hornafjörður sett til kynningar skipulags- og matslýsingar vegna breytinga á aðalskipulagi og tveggja deiliskipulagsáætlana, fyrir Hoffell II og Hoffellslón. Náttúrufræðistofnun veitti sameiginlega umsögn um þessi tengdu skipulagsmál, til sveitarfélagsins, þann 14. febrúar 2025 og er vísað í þá umsögn hér á eftir.

Bláa Lónið hf. áformar uppbyggingu á ferðapjónustu við Hoffell í Nesjum í Sveitarfélaginu Hornafirði. Framkvæmdasvæðið er í Sveitarfélaginu Hornafirði, við Hoffellsfjall, í um 19 km fjarlægð frá Höfn. Framkvæmdasvæðið liggur við mörk Vatnajökulspjóðgarðs, skammt frá er skriðjökullinn Hoffellsjökull og við enda hans er Hoffellslón. Um er að ræða uppbyggingu á tveimur svæðum innan framkvæmdasvæðisins, annars vegar hótél og veitingapjónustu nálægt bæjartorfu Hoffells á svæði sem er nokkuð skógi vaxið, og hins vegar baðlón við Hoffellslón sem stefnt er að því að byggja inn í jökulgarð sem liggur að jaðri Hoffellslóns.

Í matsáætluninni er góð lýsing á staðháttum þ.m.t. yfirlit yfir náttúrufar s.s. jarðfræði og gróðurfar, greint er frá verndarstöðu svæðisins en hluti framkvæmdasvæðis er innan marka svæðis sem skráð er á C-hluta náttúruminjasrár auk þess að liggja við mörk Vatnajökulspjóðgarðs og fjallað er um tengsl við ýmsar áætlanir s.s. skipulagsáætlanir Sveitarfélagsins Hornafjarðar sem og stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs, Áfangastaðaáætlun Suðurlands o.fl.

Framkvæmdinni er lýst í þriðja kafla matsáætlunar. Vestur undir Hoffellsfjalli þar sem skógræktarreitir er í dag, er stefnt að byggja upp hótélgistingu og veitingapjónustu með allt að 120 gistiherbergjum. Lítil sem engin frekari umfjöllun er um þetta uppbyggingarsvæði í framkvæmdalýsingunni.

Ítarlegri umfjöllun er um baðlónið sem áformað er að reist verði við Hoffellslón. Þar er gert ráð fyrir byggingu sem hýsir móttöku, sýningarhald, verslun, veitingapjónustu, búningasklefa með 400-600 skápum og svo baðlaugum. Þar mun fara fram fræðsla í sérstakri gestastofu. Byggingin er fyrirhuguð



norðan megin við jökulgarðinn en nákvæm staðsetning baðlónsins innan jökulgarðsins liggur ekki fyrir enn og verið er að bíða jarðtæknirannsókna sem fyrirhugaðar eru að ljúki fyrir árslok. Fýsileiki þess að mannvirki sé byggt inn í jökulgarðinn er enn óvissuþáttur. Því liggja ekki fyrir myndir eða lýsingar á áformuðu útliti eða hönnun baðlónsins. Fyrir framan jökulgarðinn er áformað bílastæði auk þess sem stígakerfi verður mótað á svæðinu. Áætlað er að vatn fyrir baðlónið verði sótt úr borholum sem eru staðsettar nálægt bæjartorfu Hoffells þar sem er jarðhiti, og að vatnslagnir fyrir heitt vatn verði lagðar með vegi ef aðstæður leyfa. Mögulega þarf að bora meira eftir heitu vatni. Ekki kemur fram hvaðan kalt vatn verður sótt. Affall frá baðlóninu er stefnt að verði leitt í hreinsikerfi og viðtaka, en ekki kemur fram hvaða viðtaki það er. Annað frárennsli verður leitt í hreinsistöð sem reisa þarf en hvar hún verður staðsett kemur ekki fram. Einnig er gert ráð fyrir nýrri hreinsistöð fyrir hótelið við Hoffellstorfuna. Til stendur að styrkja aðkomuveg að Hoffellsjökli og þörf er á tilfærslu á honum vegna flóðahættu. Endanleg lega liggur ekki fyrir. Efnisþörf er ekki metin mjög mikil og að nýta megi efni sem til falli vegna framkvæmda en það sem vantar verði sótt í opnar námur.

Það vekur athygli að mati Náttúrufræðistofnunar að matsáætlun sé kynnt þrátt fyrir að óvissa sé til staðar um allmörg atriði er varða framkvæmdina en þó fyrst og fremst að óvissa sé enn um fýsileika þess að reisa mannvirki sem er byggt inn í jökulgarðinn í Hoffellslón. Lykilforsenda fyrir framkvæmd á þessu umhverfismati er bygging baðlónsins og velta má fyrir sér hvort skynsamlegra hefði ekki verið að fá fullvissu um að mannvirkjagerðin væri fýsileg áður en áfram væri haldið.

Fram kemur að í kjölfar umsagna sem bárust við skipulagslýsingu hafi verið fallið frá hugmyndum um hótलगistingu við jökulgarðinn og nú sé einungis baðlón til skoðunar. Einnig hefur verið fallið frá hugmyndum um byggingu vestan við áætlað hótél fyrir sýningarhald og bílastæði og að gestir í baðlóni yrðu fluttir á bílum að Hoffellslóni. Í staðinn er gert ráð fyrir bílastæði fyrir gesti lónsins (og annað ferðafólk) við jökulgarðinn.

Þótt framkvæmd hafi tekið breytingum er einungis einum aðalvalkosti stillt upp í matsáætluninni og svo núllvalkosti. Ekki er til skoðunar önnur staðsetning á baðlóni t.d. nær borholum og áætluðu hóteli á Hoffellstorfunni. Einungis er staðsetning baðlóns við Hoffellslón til skoðunar.

Í fjórða kafla er fjallað um þá umhverfisþætti sem áætlað er að meta í umhverfismatinu. Athuganir eru þegar hafðar á mörgum þeirra. Meðal annars hefur farið fram kortlagning á gróðurfari innan áhrifsvæðis framkvæmdarinnar, bæði með gervitungla- og loftmyndum og vettvangsvinnu. Stefnt er að kortleggja sérstaklega vistgerðir með hátt verndargildi og skrá vaxtarstaði sjaldgæfra æðplöntutegunda eins og við á. Fuglaathuganir hafa einnig þegar farið fram, bæði að sumri og hausti, og einnig var athugað hvort gæsir og áltir nýti sér svæðið að vori. Vistgerðakortlagning mun einnig nýtast til að leggja mat á fuglalíf og til að meta umfang búsvæða fugla sem gæti raskast. Í kafla 4.3. segir að Náttúrufræðistofnun muni skrá ef hreindýra eða refa verður vart en væntanlega er átt við Náttúrustofu Austurlands sem framkvæmir mest af fuglaathugunum ásamt Náttúrustofu Suðausturlands.

Varðandi jarðmyndanir og áhrif á þær hafa jarðfræðingar EFLU unnið minnisblað þar sem stuðst var við fyrirliggjandi gögn en stefnt er að frekari úttekt á jarðmyndunum með vettvangsferð og mun Náttúrustofa Suðurlands vinna þá úttekt. Hér er væntanlega átt við Náttúrustofu Suðausturlands. Sérstaklega verður kortlagt nákvæmlega jarðmyndanir við Hoffellslón og fjarkönnunargögn notuð til að varpa ljósi á hreyfingar Hoffellsjökuls. Viðkvæm svæði verða sérstaklega skilgreind. Greint verður frá þessari jarðfræðiúttekt í umhverfismatsskýrslu og frá jarðmyndunum og verndargildi þeirra. Einnig hve stórum hluta jökulgarðsins verði raskað með áformuðum framkvæmdum, væntanlega þegar nákvæm staðsetning mannvirkja liggur fyrir.



Áhrif á ásýnd og landslag verða metin með þrívíddarlíkönum til að meta sjónræn áhrif og tekið verður mið af fjölbreytileika og sérstöðu landslags og áhrif sem framkvæmdin hefur á útsýni metin út frá ýmsum sjónarhornum. Stuðst verður við leiðbeiningar GLVIA við mat á áhrif á landslag eins og hefð er orðin fyrir hérlendis. Þá verður lagt mat á áhrif á vatnshlot, en mikilvægt er að viðtakar fyrir affallsvatni úr baðlóni séu skýrt skilgreindir svo það sé hægt.

Sérstaklega mikilvægt er mat á áhrifum á verndarsvæði þar sem framkvæmdin er að hluta innan verndarsvæðis (C-hluta náttúruminjaskrár) og hefur áhrif á jarðminjar sem eru lykilforsenda þeirrar verndunar. Þá er framkvæmdasvæðið alveg við mörk Vatnajökulspjóðgarðs auk þess sem náttúrulegt skóglendi sem gæti fallið undir ákvæði sérstakrar verndar er á framkvæmdasvæðinu. Fleiri umhverfispættir verða metnir en þeir tengjast ekki fagsviði Náttúrufræðistofnunar og eru því ekki nefndir hér.

Náttúrufræðistofnun gerir í sjálfu sér ekki miklar athugasemdir við áformaðar rannsóknir og úttektir á náttúrufari og treystir mjög vel þeim fagaðilum sem koma þar við sögu. Aðferðafræðilýsingar eru þó alla jafna ekki sérstaklega nákvæmar í matsáætluninni t.d. varðandi bæði gróður- og fuglaathuganir. Sumar rannsóknir hafa þegar farið fram og því full seint að koma með ábendingar en tekið er undir með athugasemd í umsögn Náttúrustofu Suðausturlands frá 28. nóvember 2025 að við mat á búsvæðatapi fugla þurfi að horfa til jaðaráhrifa til viðbótar við mat á beinu raski sem og skoða hvernig aukin umferð bíla og fólks geti haft áhrif. Mjög jákvætt er að stefnt sé að ítarlegri greiningu á verndargildi jarðmyndana en gagnlegt væri að fá frekari upplýsingar um hvaða matskerfi verður stuðst við þegar kemur að mati á verndargildi einstakra jarðmyndana og jarðminjaheilda. Jákvætt er að stefnt sé að því að meta áhrif framkvæmdar á sérstöðu Vatnajökulspjóðgarðs og markmið verndunar hans en huga þarf vandlega að sérstöðu Hoffelsjökulssvæðisins, þeirra náttúruminja og landslags sem þar er að finna, og gildi þess fyrir náttúruvernd sem og sem áfangastaður þjóðgarðsins.

Náttúrufræðistofnun vill þó á þessu stigi koma á framfæri þeirri afstöðu sinni, líkt og hún hefur gert í umsögn sinni til Sveitarfélagsins Hornafjarðar um skipulagsáætlanir þessu tengt, að hún telur að hlífa ætti jökulgarðinum fyrir framan Hoffellslón fyrir raski og að þessi áformaða framkvæmd um baðlón eigi illa við á þessum stað. Jökullinn, lónið, jökulgarðurinn og jökuláreyrar undir merkjum áhrifum frá hinni fornu megineldstöð, Geitafellseldstöð, skapa ásamt umgjörð fjalla einstaka jarðminja- og landslagsheild á svæðinu, sem er undir vernd enda með mjög hátt verndargildi. Rannsóknargildi svæðisins er einnig hátt enda Hoffellsjökull og nágrenni verið vinsælt og mikilvægt jöklarannsóknasvæði. Þessari heild verður óneitanlega raskað ef af uppbyggingu baðlóns inn í jökulgarðinn verður. Ljóst er að stefnt er að vandaðri hönnun og að fella mannvirki eins vel inn í umhverfið og hægt er, sem er vel, en töluvert rask er óumflýjanlegt og eðli svæðisins mun breytast með tilheyrandi áhrifum á verndargildi þess eins og það er í dag. Uppbygging á bílastæði mun einnig hafa áhrif á ásýnd þegar komið er á svæðið í suðri jafnvel þó baðlónið sjálft verði lítt sýnilegt úr suðri. Það fer þó eftir stærð og gerð bílastæðis að sjálfsögðu.

Að mati Náttúrufræðistofnunar væri æskilegra að finna baðlóninu annan stað í nágrenninu sem felur ekki í sér rask á jökulgarðinum og hefði verið áhugavert að sjá slíkan valkost sem hluta af umhverfismatinu. Eins og áður hefur komið fram er enn til staðar töluvert óvissa um forsendur og þar af leiðandi útfærslur fyrir þessari uppbyggingu í jökulgarðinum og því ljóst að vel ætti að vera hægt að skoða aðra valkosti.

Varðandi uppbyggingu hótels við Hoffellstorfuna er ljóst að rask mun verða á grónu landi en þótt nákvæm staðsetning liggja ekki fyrir bendir allt til þess að mannmótað gróðurlendi s.s. tún og ræktaðir skógar verði einna helst fyrir áhrifum. Stofnunin gerir því ekki athugasemdir við þá uppbyggingu en mun



að sjálfsgöðu kynna sér betur nákvæmari úttektir á náttúru svæðisins þegar þær liggja fyrir þar með talið á gróðurfari og fuglalífi.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við matsáætlunina.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

Mál nr. 1476/2025 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Umsögn LogS í viðh.

Höfundur: Páll Sigurðsson

Sent inn þann: 01.12.2025 , **Fyrir hönd:** Land og skógur

Viðhengi:

88.1.Hoffell í Nesjum, kynning matsáætlunar - umsögn LogS.pdf

Umsögn

Tilv. UX.1019(P)

Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b, 105 Reykjavík

sent í skipulagsgáttina



Land og skógur

Selfossi, 1. desember 2025

Efni: Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar, mat á umhverfisáhrifum. Kynning matsáætlunar, mnr. 1476/2025

Óskað var eftir umsögn stofnunarinnar. Frestur er til 1. desember 2025. Undirritaður hefur kynnt sér málið. Land og skógur tók í ársbyrjun 2024 við hlutverki Skógræktarinnar og Landgræðslunnar. Umsögnin er byggð á lögum um landgræðslu nr. 155/2018 og lögum um skóga og skógrækt nr. 33/2019.

Undirritaður gerir eftirfarandi athugasemdir:

1. Í matsáætluninni kemur fram að náttúrulegir birkiskógar á svæðinu njóti sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 61/2013. Það er þó svo að listi yfir þá birkiskóga hefur verið birtur¹, og eru birkiskógarnir í Hoffelli og Hoffellsdal ekki á þeim lista. Þ.a.l. teljast þeir ekki falla undir sérstaka vernd 61. gr. náttúruverndarlaga.

Engu að síður er full ástæða til að taka tillit til náttúrulegra birkiskóga við framkvæmdir, og við umhverfismat framkvæmda, enda er það í anda áður nefndra náttúruverndarlaga og laga um skóga og skógrækt, sem og laga um landgræðslu nr. 155/2018, að hlífa þeim við raski og vernda þá.

2. Allt skóglendi, hvort sem það er ræktaður skógur eða náttúrulegur birkiskógur, fellur undir **lög um skóga og skógrækt nr. 33/2019**. Lögin, þ.a.m. 19. gr. þeirra, taka með sama móti á náttúrulegum skógum og ræktuðum.

Í matsáætluninni kemur fram að til standi að reisa hótél í ræktaða skóginum vestan undir Hoffellsfjalli. Skógur sá er allur minni en 20 ha, en eflaust má með góðu móti koma fyrir byggingu þar, svo að vel fari. En í öllu falli þarf sú framkvæmd tvímælaust að fara eftir 19. gr. laga um skóga og skógrækt, sé svo í pottinn búið að ryðja þurfi burt skógi eða hluta hans.

3. Eðlilegt er að við umhverfismat séu metin umhverfisáhrif sem hljóttast af eyðingu ræktaðra skóga. Skógar eru oft skoðaðir sem vistgerðir, en það á traúðla við að skoða gildi ræktaðra skóga eingöngu út frá því hvort vistgerðin sem þeir teljast falla undir, sé með hátt eða lágt verndargildi. V.a.m. þá er í vistgerðaflokkun Náttúrufræðistofnunar ekki tekin afstaða til verndargildis ræktaðra skóga, og þeir því oft sagðir hafa ekkert verndargildi sem vistgerð. Ræktaðir skógar hafa engu að síður töluvert gildi fyrir umhverfið, (sbr. lög um skóga og skógrækt nr. 33/2019) þó svo að þeir séu ekki endilega hluti af hinu náttúrulega rófi vistgerða hér á landi: svo að eitthvað sé nefnt, þá hafa ræktaðir skógar þýðingu fyrir kolefni sem bundið er í þeim, og þeir eru sannarlega búsvæði tegunda, sem jafnvel eiga sér óvída búsvæði annarsstaðar, t.a.m. flækingsfugla. Það er því ósk undirritaðs að við umhverfismat framkvæmdanna verði með einhverjum hætti skoðuð áhrif þeirra á ræktaða skóginn utan þess ramma sem felst í kortlagningu vistgerða og verndargildi þeirra.

Undirritaður veitir nánari upplýsingar sé þess óskað, bestu kveðjur, f.h. Lands og skógar,

Páll Sigurðsson, skipulagsfulltrúi

pall.sigurdsson@landogskogur.is

Austurvegi 3, 800 Selfossi, gsm. 570-5550

¹ <https://island.is/s/land-og-skogur/frett/fyrsta-utnefning-serstaedra-birkiskoga> og <https://portal.land.is/portal/apps/experiencebuilder/experience/?id=5f8df357e6e6473db3341d59d747a862&page=Fors%C3%AD%C3%B0a>

Mál nr. 1476/2025 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Höfundur: Valgeir Ægir Ingólfsson

Sent inn þann: 01.12.2025 , **Fyrir hönd:** Vegagerðin - Austursvæði

Viðhengi:

90.1.Umsogn vegna mals nr.1476 20.pdf



Skipulagsstofnun

Borgartún 7b
105 Reykjavík

Umsögn Vegagerðarinnar um matsskyldufyrirspurn um uppbyggingu hótels og baðstaðar í landi Hoffells í Nesjum

Yðar tilvísun: 1476/2025

Vegagerðin hefur mótttekið tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar hótels og baðstaðar á landi Hoffells í Nesjum í Hornafirði, dags. 3. nóvember 2025.

Tilkynningin hefur verið rýnd af Vegagerðinni á grundvelli 20. gr. laga nr. 11/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlaða, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, sem felst í að stuðla að öruggum, sjálfbærum greiðum og hagkvæmum samgöngum.

Síða 1/2

Samkvæmt skýrslu eru skilgreind framkvæmdasvæði;

„Framkvæmdasvæðið er í Sveitarfélaginu Hornafirði, við Hoffellsfjall, í um 19 km fjarlægð frá Höfn. Framkvæmdasvæðið liggur við mörk Vatnajökulsþjóðgarðs, skammt frá er skriðjökullinn Hoffellsjökull og við enda hans er Hoffellslón.

Um er að ræða uppbyggingu á tveimur svæðum innan framkvæmdasvæðisins:

- Svæði I: Hótel og veitingaþjónusta á skógarsvæði.
- Svæði II: Baðlón við Hoffellslón með búningasklefum, stoðrymum, veitingasölu og sýningarhaldi/gestastofu“.

Vegagerðin óskar eftir að vegir sem falla undir eign Vegagerðarinnar verði sýndir og auðkenndir á korti.

Aðkoma að svæði II er sýnt að vegi sem tilgreindur er í skýrslu sem F vegur og tengist Miðfellsvegi (983-01) að fyrirhuguðu baðlóni við Hoffellslón (sjá mynd 1). Vegagerðin samþykkir ekki þá skilgreiningu vegar.

Vegagerðin óskar eftir samgöngumati samkvæmt leiðbeiningum hennar, þar sem fram komi m.a. fyrirhuguð viðbótarumferð á byggingartíma og á rekstartíma. Jafnframt þarf að koma fram áætluð þungaumferð.

Verði sótt um að vegur að Hoffellslóni verði flokkaður sem tengivegur að fjölförnum ferðamannastað skal vegurinn hannaður skv. veghönnunarreglum. Ef samgöngumat leiðir í ljós verulega aukna umferð er nauðsynlegt að endurhanna bæði héraðsveginn að núverandi Hringvegi og vegamót hans. Líklegt má telja að aukið umferðarmagn kalli á frekari breytingar svo sem að færa vegamót Miðfellsvegur (983) sem og að færa vegamót Hoffellsvegur (984) við núverandi Hringvegur frá brúarenda.

Vegagerðin

Suðurláun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Sem íbúi í Sveitarfélaginu Hornafirði, ferðamálafræðingur, landvörður og náttúruunnandi tek ég undir mótmæli allra hér að ofan.

Er lesið er yfir matáætlunina eru ýmis atriði sem renna sterkum stoðum undir það hvers vegna ætti að vernda svæðið gegn þessari framkvæmd.

Nálægð við Vatnajökulspjóðgarð virðist litlu máli skipta þar sem á að reisa stórt baðlónið á jökulgarði þvert á markmið stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins. Sem dæmi má nefna í kafla 2.2.6. þar sem tekið er fram skýrt dæmi úr fyrrnefndri Stjórnunar- og verndaráætlun; Jökulgarðar við jaðra skriðjökla eru jökulminjar sem vert er að vernda.

Í kafla 2.1.3. koma einnig fram upplýsingar um ýmsan gróður á Hoffellssvæðinu sem er undir ákveðinni vernd, svo sem náttúrulegt birki og lítt raskað votlendi. Til þess að gera þennan lista ennþá lengri og áhrifameiri, hafa þar einnig fundist sjaldgæfar fléttur og plöntur. Allt í einu eru áætlanir Bláa Lónsins um náttúruverndar vitundarvakningu farnar að snúast upp í andhverfu sína og stofna þessari einstöku náttúru í hættu.

Að auki virðist hugmyndin um að byggja stórt baðlón á jökulgarði við skriðjökul og jökullón, óhóflega mikil bjartsýni. Jöklar landsins eru lifandi fyrirbæri og með utanaðkomandi áhrifum eins og t.d. veðri og loftslagsáhrifum er landslagið í kringum þá svo sannarlega lifandi líka. Náttúruváin sem hangir yfir svæðinu er raunveruleg og skal ekki týnast í draumórum.

Ég hvet ykkur til þess að hlusta á þau fyrirtæki, stofnanir, samtök og einstaklinga sem hér hafa lagt orð í belg og gefið sínar rökstuddu umsagnir og athugasemdir um hvers vegna þessar áætlanir um baðlónið ættu að vera endurskoðaðar. Fyrrnefnd fyrirtæki, stofnanir og samtök hafa verið sett á fót til þess eins að standa vörð um okkar einstöku náttúru svo hún fái að njóta sín sem best og við skilum henni í sem besta standi fyrir komandi kynslóðir.

Að lokum vil ég einnig hvetja þau sem þessu stýra að fara í einn eða tvo könnunarleiðangra á Jökulsárlón, Fjallsárlón og að Svínafellsjökli til þess að athuga ástand jökulgarða sem þurfa að þola illviðri og mikinn ágang fólks. Lang best væri vissulega að slíkir leiðangrar væru farnir í ausandi rigningu og leysingum. Öll reynsla hlýtur að vera góð reynsla í svona ferli.

Höfundur: Lovísa Fanney Árnadóttir

Sent inn þann: 01.12.2025

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Mál nr. 1476-2025_Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar

Ég tek heilshugar undir umsagnir þeirra sem mótmæla áformum um uppbyggingu baðlóns, húsakosts, gestastofu annarra mannvirkja við Geitafellsbjörg og Hoffellslón eins og lýst er í máli nr. 1476-2025.

Um allt land er sótt að stöðum þar sem hægt er að svamla í heitu vatni, snæða mat og sötra góðvín í „ósnortinni náttúru“. Vandinn er sá að náttúran er ekki lengur ósnortin þegar pollurinn er manngerður, og reistar hafa verið byggingar og lagðir vegir til þess að greiða götu ferðamanna. Þetta segir sig sjálft og varpar um leið ljósi á mótsagnakennd viðhorf þeirra, sem véla um framkvæmdir í ósnortinni náttúru. Sveitastjórnir státa gjarnan af óspilltri náttúru en virðist ógerlegt að standast gylliboð fjárfesta sem þar sjá möguleika á arðbærum fjárfestingum.

Hliðstæð þróun á sér stað víða þar sem stjórnkerfið er veikburða. Til marks um það birtust í evrópskum fjölmiðlum þann 1. október síðastliðinn niðurstöður víðtækrar rannsóknar, sem sýna hvernig íbúar álfunnar tapa náttúrusvæðum á ógnarhraða, og mun hraðar en áður var talið.

Á vefsíðu Journalismfund Europe (<https://www.journalismfund.eu/green-to-grey>) er þessi rannsókn kynnt með eftirfarandi orðum, í lauslegri þýðingu:

„Frá grænu í grátt: Hvernig Evrópa sóar því litla sem hún á eftir af náttúrusvæðum

LISBON / IZMIR / ROVANIEMI – Í fyrstu rannsókn sinnar tegundar unnu 41 blaðamaður og vísindamaður frá 11 löndum að því að mæla náttúrutap um alla Evrópu með því að nota gervitunglamyndir og gervigreind.

Á árunum 2018 til 2023 missti Evrópa um það bil 9.000 km² af náttúru og ræktarlandi vegna mannvirkja – svæði sem er á stærð við Kýpur. Rannsóknin leiðir í ljós að óbyggt land hverfur allt að 1,5 sinnum hraðar en áður var talið. Árlega tapast 900 km² af náttúrusvæðum og 600 km² af landbúnaðarlandi.

Verkefnið greindi meira en 150.000 tilvik byggingarframkvæmda á vernduðu landi og skjalfesti hvernig smærri tjón – allt frá lúxusferðaþjónustu til íbúðakjarna – ógna samanlagt vistkerfum Evrópu, líffræðilegum fjölbreytileika og viðnámi gegn loftslagsbreytingum.“

Í umfjöllun breska blaðsins Guardians um fyrrnefnda rannsókn segir um framkvæmdir fyrir þá ofurríku á friðuðu svæði suður af Lissabon, í lauslegri þýðingu:

„Arena afhjúpar að í Portúgal hafi næstum 300 hektarar...af vernduðum sandöldum við Galé-ströndina nálægt Melides...tapast undir nýjan golfvöll á CostaTerra Golf and Ocean Club, þar sem fasteignir munu seljast fyrir um 5,6 milljónir punda.

Dvalarstaðurinn, sem enn er í byggingu, er annað heimili Evgeníu prinsessu og eiginmanns hennar, Jack Brooksbank, sem vinnur að framkvæmdunum. Byggt er á Natura 2000-landi, sem á að vera verndað samkvæmt reglugerðum ESB.

Dvalarstaðurinn lofar „evrópsku lúxuslífi“ á „síðustu ósnortnu Atlantshafsströnd Suður-Evrópu“. Talið er að golfvöllurinn, sem er 75 hektarar, muni nota allt að 800.000 lítra af vatni á dag til að viðhalda grasflötunum.“

Í umsögn sinni nr. 19 lýsir Harpa Barkardóttir náttúrunni við Hoffellslón þannig: „Hoffellslón og náttúran sem það umlykur er algjörlega einstök og þangað trúi ég ekki að komi sú manneskja sem ekki verður bergnumin af þeirri náttúruvegurð, djúpu kyrrð og friði sem þar ríkir.“

Á þessum helga stað ætlar Bláa Lónið að byggja baðlón og hótél fyrir ríka ferðamenn. Um leið hrifsar fyrirtækið til sín sneið af almannarýminu, sem allir geta nú notið, en eftir byggingu hótelsins og baðlónsins verða „bestu staðirnir“ aðeins aðgengilegir gegn ríflegu gjaldi. Ósnortinn verður náttúran auðvitað ekki því á henni verða unnar óafturkræfar skemmdir.

Mál nr. 1476/2025 í Skipulagsgátt

Mér finnst afar ámælisvert að sveitarstjórnarmenn skuli heimila óafturkræfar framkvæmdir við Geitafellsbjörg og Hoffellslón, svo einkafyrirtæki geti þjónað duttlungum ríkra ferðamanna, sem hér eru í skreppitúr. Auðvitað fer því fjarri að þeim sé einhver sáluhjálpi í að baða sig í íslenskum náttúruperlum!

Guðmundur Guðmundsson
Kt. 080854-4209

Höfundur: Guðmundur Guðmundsson

Sent inn þann: 01.12.2025

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Kristján Rúnar Hauksson

Sem íbúi á Hornafirði líst mér ákaflega vel á þessa framkvæmd og er hún vel ígrunduð, og verður þetta ákaflega mikil lyftistöng fyrir atvinnulífið.

Höfundur: Þórdís Stella Erlingsdóttir

Sent inn þann: 02.12.2025

Mál nr. 1476/2025 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Umsögn Veðurstofu Íslands 5. desember 2025

Höfundur: Þórdís Stella Erlingsdóttir

Sent inn þann: 05.12.2025 , **Fyrir hönd:** Veðurstofa Íslands

Viðhengi:

94.1.Umsögn - Skipulagsstofnun - Hoffell í Nesjum - svar VÍ.pdf

Skipulagsstofnun
Bt. Þórdísar Stellsu Erlingsdóttur

Dags. 1. desember 2025
Tilv. 5618-0-0005
Mál 2025-0278

Með erindi dags. 3. nóvember sl. óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn Veðurstofu Íslands um matsáætlun vegna áforma Bláa Lónsins að byggja upp ferðapjónustu við Hoffell í Nesjum í sveitarfélaginu Hornafirði.

Umsögn Veðurstofu Íslands er sem hér segir:

Á bls. 19 í matsáætluninni er getið um að skýrsla hafi verið unnin um náttúruvá á svæðinu. Sú skýrsla fylgir ekki áætluninni en nefnt er að niðurstöður hennar verði raktar í komandi umhverfismatskýrslu. Hefur þar verið hugað að mögulegri hættu af völdum jökulhlaupa, ofanflóða, veðurfars, og skyndilegrar kelfingar jökulsins. Svæðið er utan núverandi gosbeltis og takmörkuð hættu stafar af jarðskjálftum.

Veðurstofa Íslands hefur ekki athugasemdir við matsáætlun þessa að svo stöddu en leggur áherslu á að hönnun og bygging baðlóns uppi á jökulgarði hlýtur að kalla á sérstakar ráðstafanir, ef af verður. Því er mikilvægt að niðurstöður skýrslu um náttúruvá verði vandlega kynntar í komandi umhverfismatskýrslu.

Virðingarfyllt,
fh. Veðurstofu Íslands



Hlíf Sævarsdóttir
Sérfræðingur á rekstrarsviði

Mál nr. 1476/2025 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Umsögn Vegagerðarinnar 4. desember 2025

Höfundur: Þórdís Stella Erlingsdóttir

Sent inn þann: 05.12.2025 , **Fyrir hönd:** Vegagerðin - Austursvæði

Viðhengi:

95.1.Umsögn Vegagerðarinnar - Hoffell í Nesjum.pdf



Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b

105 Reykjavík

Umsögn Vegagerðarinnar um matsáætlun vegna uppbyggingar hótels og baðstaðar við Hoffell í Nesjum í Hornafirði

Yðar tilvísun: Mál nr. 1476/2025

Vegagerðin hefur fengið til umsagnar matsáætlun vegna fyrirhugaðrar ferðapjónustu við Hoffell í Nesjum í Hornafirði, dags. 31. október 2025.

Vegagerðin hefur rýnt matsáætlunina á grundvelli 20. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar að stuðla að öruggum, sjálfbærum, greiðum og hagkvæmum samgöngum.

Í matsáætluninni *Hoffell í Nesjum – uppbygging hótels og baðstaðar* kemur fram að fyrirhugað er að reisa 120 herbergja hótél og baðlón með veitingaaðstöðu, auk annarrar aðstöðu tengdri útivist og ferðamennsku, svo sem gestastofu með sýningu um jarðsögu svæðisins, göngustíga og upplýsingaskilti um náttúru- og menningarminjar.

Fram kemur í matsáætlun að við endanlega útfærslu á mannvirkjum og staðsetningum þeirra verður tekið tillit til niðurstaðna rannsókna í tengslum við umhverfismatið.

Í matsáætlun er greint frá því að unnið verði samgöngumat til að greina núverandi aðstæður við framkvæmdasvæðið, áætlaða ferðamyndun vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar og þau áhrif sem fyrirhuguð uppbygging kann að hafa á aðliggjandi vegakerfi. Vegagerðin styður áform um að vinna samgöngumat og þau efnistösk sem lýst er í kafla 4.7. Þá bendir Vegagerðin á að stofnunin stefnir að því að gefa út leiðbeiningar um gerð samgöngumats á næstu misserum.

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar
Hólmfríður Bjarnadóttir

Undirskrift

Síða 1/1

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Mál nr. 1476/2025 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Umsögn Heilbrigðiseftirlits Austurlands 9. desember 2025

Höfundur: Þórdís Stella Erlingsdóttir

Sent inn þann: 10.12.2025 , **Fyrir hönd:** Heilbrigðiseftirlit Austurlands

Viðhengi:

96.1.251209 Matsáætlun Hoffell í Nesjum - umsögn Haust.pdf

9. desember 2025

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Efni: Umsögn um matsáætlun – Hoffell í Nesjum, uppbygging hótels og baðstaðar

Með vísan í mál nr. 1476/2025 á skipulagsgátt, um uppbyggingu hótels og baðlóns við Hoffell í Nesjum. Skipulagsstofnun leitaði umsagna á grundvelli 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Þá var óskað eftir að leyfisveitendur skyldu í umsögn sinni gera grein fyrir þeim leyfum sem eru á starfssviði þeirra og framkvæmdin er háð.

Undirrituð hefur fyrir hönd Heilbrigðisnefndar Austurlands farið yfir matsáætlun vegna framkvæmdarinnar og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri. Í umsögninni er fyrst og fremst fjallað um þá málaflokka sem falla undir verkssviði heilbrigðiseftirlits með hliðsjón af lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir sem og reglugerðum sem á lögunum byggja.

Framkvæmd felur í sér uppbyggingu á tveimur svæðum, annars vegar baðlón með veitingasölu og sýningarsal og hins vegar 120 herbergja hóteli með veitingaþjónustu.

Baðlón

Gert er ráð fyrir baðlóni með búningsaðstöðu með 400-600 skápum og að hámarks fjöldi gesta sé 1500 gestir á dag. Heildaryfirborð baðlóns utan byggingar verður 800-1000m². Í matsáætlun kemur fram að gert sé ráð fyrir að baðlónið falli undir flokk afþreyingarlauga samkvæmt reglugerð um baðstaði í náttúrunni, nr. 460/2015.

Nánari upplýsingar vantar um endurnýjun baðvatns, vatnshreinsun, og meðhöndlun á affallsvatni. Fram kemur í matslýsingu að gert sé ráð fyrir að affall frá baðlóni verði leitt í hreinsikerfi, til að mynda í gegnum síudúk og loks í viðtaka.

Fráveita

Í framlögðum gögnum er gert ráð fyrir tveimur hreinsistöðvum og er mat á fjölda persónueininga samtals 960 PE. Tekið er undir mikilvægi þess að nánar sé gerð grein fyrir gerð, hönnun og staðsetningu hreinsistöðva í umhverfismatsskýrslu.

Gera þarf grein fyrir meðferð ofanvatns á svæðinu. Ekki er gert ráð fyrir að regnvatn eða ofanvatn þurfi sérstaka hreinsun. Mikilvægt er þó að tryggja að ofanvatni sé ekki veitt inn á fráveitukerfið, þar sem mikið rennsli við miklar rigningar getur skert virkni hreinsivirkja og valdið ofálagi á kerfinu.

Neysluvatn

Í matsáætlun skortir nánari umfjöllun um neysluvatn, þar á meðal uppruna vatns, áætlað vatnsálag og möguleg áhrif framkvæmdarinnar á vatnsöflun og vatnsvernd.

Stjórn vatnamála

Skýrt þarf að vera að þau framkvæmdaleyfi sem sveitarfélagið gefur út skulu vera í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og að áhrifamat vatnshlota þurfi að liggja fyrir áður en að

framkvæmdaleyfi sem og starfsleyfi heilbrigðisnefndar eru veitt. Að öðru leyti er vísað til umsagnar umhverfis- og Orkustofnunar er varðar stjórn vatnamála.

Starfsleyfi heilbrigðisnefndar

Fram kemur í matsáætlun að Heilbrigðiseftirlit Austurlands veitir starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsemi á framkvæmdatíma sem er leyfisskyld felur meðal annars í sér efnisnám og landmótun vegna frágangs efnistöku- og framkvæmdasvæða, steypustöð, verktakaaðstöðu og starfsmannabúðir, sbr. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Ef mötuneyti og/eða vatnsveita verður sett upp í tengslum við framkvæmdina gilda ákvæði matvælalaga nr. 93/1995 og slík starfsemi er jafnframt háð starfsleyfi Heilbrigðisnefndar Austurlands. Rekstur hótels, baðlóns og fráveitu er starfsleyfisskyldur skv. lögum nr. 7/1998. Heilbrigðisnefnd áskilur sér rétt til að setja skilyrði í starfsleyfi m.t.t. mengunarvarna og umhverfisáhrifa byggt á niðurstöðum umhverfismatsins.

Niðurstaða

Matsáætlunin er vönduð og nokkuð ítarleg en nánari upplýsingar um fráveitu, vatnamál og mengunarvarnir þarf að útfæra nánar í umhverfismatsskýrslu. Heilbrigðisnefnd Austurlands hefur ekki aðrar athugasemdir við matsáætlunina eins og hún er framsett.

Virðingarfyllt
f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Lára Guðmundsdóttir
Heilbrigðisfulltrúi

Mál nr. 1476/2025 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Umsögn Náttúruverndarstofnunar 11. desember 2025

Höfundur: Þórdís Stella Erlingsdóttir

Sent inn þann: 11.12.2025 , **Fyrir hönd:** Náttúruverndarstofnun

Viðhengi:

97.1.Umsögn Náttúruverndarstofnunar Hoffell - Matsáætlun (002).pdf

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b, 105 Reykjavík

Garðabær, 11. desember 2025
202511-0001/A.B.
08.03

Efni: Umsögn – Matsáætlun -Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar - Skipulagsstofnun.

Vísað er í erindi Skipulagsstofnunar, dags. 3. nóvember 2025, þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar vegna matsáætlunar fyrir fyrirhugaða framkvæmd.

Framkvæmdalýsing

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að Bláa Lónið hf. áformar uppbyggingu ferðaþjónustu á tveimur aðskildum svæðum í Hoffelli í Nesjum. Annars vegar er gert ráð fyrir hótélbyggingu og veitingaaðstöðu á skógræktarsvæði vestan undir Hoffellsfjalli og hins vegar baðlóni, gestastofu og tengdum mannvirkjum við Hoffellslón.

Á skógræktarsvæðinu er gert ráð fyrir að reisa hótél með allt að 120 herbergjum og áætluðum heildarfjölda um 240 gesta. Heildarbyggingarmagn hótels er áætlað um 5.000–7.000 m² og gert er ráð fyrir 3–4 hæðum.

Við Hoffellslón er gert ráð fyrir að byggður verði baðstaður með gestastofu, búningaklefum og aðstöðu fyrir sýningar og veitingasölu. Út frá matsáætluninni er gert ráð fyrir að baðstaðurinn geti tekið á móti allt að 1.500 gestum á dag, með 400–600 skápum í búningaáðstöðu þar sem gert er ráð fyrir 3–4 ólíkum klefum af bæði gufu og eimbaði. Heildarbyggingarmagn á baðstaðnum er áætlað um 3.000–4.500 m² og yfirborð baðlóna 800–1.000 m².

Gert er ráð fyrir að núverandi byggingar á svæðinu verði nýttar í nýju hlutverki, m.a. sem starfsmannaíbúðir. Jafnframt er gert ráð fyrir styrkingu og tilfærslu aðkomuvegar að baðlóni, ásamt framkvæmdum við bílastæði, göngustíga og fræðsluskilti. Framkvæmdaraðili gerir ráð fyrir að uppbyggingin fari fram í áföngum og að endanleg útfærsla mannvirkja taki mið af niðurstöðum umhverfismatsins.

Almennt

Eftirfarandi umsögn byggir á á lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 lögum um Vatnajökulspjóðgarð nr. 60/2007, reglugerð um Vatnajökulspjóðgarð nr. 300/2020 og stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs.

Markmið Vatnajökulspjóðgarðs

Náttúruverndarstofnun bendir á að í 2. gr. laga um Vatnajökulspjóðgarð með síðari breytingum segir: *Markmið með stofnun Vatnajökulspjóðgarðs er að vernda náttúru svæðisins, svo sem landslag, lífríki, jarðmyndanir og menningarmínjar, gefa almenningi kost á að kynnast og njóta náttúru og sögu svæðisins, stuðla að rannsóknum á svæðinu, fræða um það og ýta undir aukinn skilning almennings á gæðum og sérstöðu svæðisins og leitast við að styrkja byggð og atvinnustarfsemi í nágrenni þjóðgarðsins, m.a. með því að hvetja til sjálfbærrar nýtingar gæða svæðisins*

Náttúruverndarstofnun telur mikilvægt að við mat á áhrifum framkvæmdarinnar við Hoffell verði tekið mið af þessum markmiðum þar sem framkvæmdasvæðið er á grannsvæði þjóðgarðsins. Í umhverfismatskýrslu þarf að greina sérstaklega hvort og hvernig framkvæmdin geti samræmst þessum markmiðum, m.a. með tilliti til áhrifa á náttúruverndargildi, ásýnd svæðisins, aðgengi og upplifun gesta innan þjóðgarðsins.

Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs

Fyrirhuguð framkvæmd er á grannsvæði Vatnajökulspjóðgarðs sem fjallað er sérstaklega um í stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins. Áætlunin er staðfest af ráðherra. Lýsing framkvæmdarinnar á þessu stigi felur í sér umfangsmeiri framkvæmdir en gert er ráð fyrir í áætluninni. Fram hefur komið lýsing fyrirhugaðrar skipulagsbreytingar sveitarfélagsins í samræmi við fram komnar framkvæmdahugmyndir. Ekki hefur verið tekin afstaða til þess í svæðisráði suðursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs eða svæðisstjórn þjóðgarðsins hvort rétt þyki að vinna breytingu á stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins í samræmi við þá skipulagslýsingu.

Í stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs er gerð grein fyrir helstu þáttum verndar og landnýtingar innan þjóðgarðsins, með það að markmiði að stýra álagi og landnotkun innan hans. Áætlunin byggir í grunninn á tillögum frá svæðisráðum þjóðgarðsins og stefnumótun þeirra og svæðisstjórnar. Tillögurnar eru unnar í samráði við Náttúrufræðistofnun og áður Umhverfisstofnun svo og ýmsa hagsmunaaðila.

Í stjórnunar- og verndaráætlun skal nánar gerð grein fyrir markmiðum verndar á einstökum svæðum innan Vatnajökulspjóðgarðs, einstökum verndaraðgerðum, landnýtingu, mannvirkjagerð, samgöngum og öðrum innviðum á svæðinu. Þar skal fjallað um umferðarrétt almennings, aðgengi að svæðinu og not þess.

Í greinargerð matsáætlunar (bls. 14) kemur fram að skipulagssvæðið liggur upp að mörkum Vatnajökulspjóðgarðs. Í kafla 2 í greinargerð þar sem fjallað er um tengsl við aðrar áætlanir, og er þar fjallað um stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs.

Þar sem fyrirhuguð framkvæmd er á grannsvæði þjóðgarðsins vill Náttúruverndarstofnun benda á eftirfarandi þætti í stjórnunar- og verndaráætlun hans:

Hoffell og landnotkun

Í kafla 9 í stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs er fjallað um nokkuð ítarlega um ásýnd, styrkleika, gæði og landnotkun á Hoffellssvæðinu.

Hluti fjallendisins austan Hoffellsjökuls er innan þjóðgarðsins en bílastæðið og láglendið við Hoffellslón eru utan marka. Í áætluninni er Hoffellssvæðið skilgreint sem „göngusvæði“ þar sem ekki er gert ráð fyrir annarri starfsemi. Með öðrum orðum er svæðið ætlað til útivistar (gönguferða og tengdrar aðstöðu) en ekki til umfangsmikillar uppbyggingar. Áhersla er lögð á að helsti áningarstaðurinn verði við Hoffellslón með bætta stíga og stækkað bílastæði í samstarfi við landeigendur. Einnig er nefnt að koma megi upp salernisaðstöðu (í hæfilegri fjarlægð). Þar segir: *Forsendur: Hluti af fjallendinu austan við Hoffellsjökul er innan þjóðgarðsins. Framan við jökulinn hefur myndast djúpt lón eftir að jökullinn fór að hörfa og er það vinsæll viðkomustaður ferðamanna. Þar er bílastæði, upplýsinga- og fræðsluskilti, auk viðvörðunarskiltis um jöklaferðir. Bílastæðið er utan þjóðgarðsmarka. Krefjandi gönguleiðir eru um hrikaleg gil og tignarleg fjöll. Skóglendi er við Hoffellsjökul og þar eru meðal annars búsvæði sjaldgæfra háplantna og fléttutegunda.*

Markmið: Helsti áningarstaður á Hoffellssvæði verði við Hoffellslón fyrir framan Hoffellsjökul. Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu göngustíga og stækkun bílastæðis í samstarfi við landeigendur. Uppbygging salernisaðstöðu verði fjær áningarstaðnum og í samráði við landeigendur.

Skilmálar: Deiliskipulag tilgreini eftirfarandi meginatriði:

- *Áningarstað við lónið neðan öldunnar, með bílastæði og salernisaðstöðu.*
- *Helstu göngu- og reiðhjólaleiðir innan svæðisins og tengingar út fyrir það.*
- *Gönguskála undir Gjánúpi.*
- *Miðstöð ferðaþjónustu við enda vegar upp úr Hoffellsdal. Miðstöðin verði tengd við núverandi veg inn dalinn, verði hann framlengdur að þjóðgarðsmörkum, enda liggja fyrir samþykkt sveitarstjórnar og umsögn Umhverfisstofnunar til að framlengja núverandi veg landeigenda úr Hoffellsdal þangað.*
- *Hoffellssvæðið er skilgreint sem göngusvæði og því er ekki gerð ráð fyrir annarri starfsemi á svæðinu.*

Gert er ráð fyrir því að ofangreindir skálar séu á vegum landeigenda.

Grannsvæði

Fjallað er um jaðarsvæði skriðjökla, þar sem Hoffellslónið liggur við jökuljaðar. Þar segir að margvíslegar jökulminjar (s.s. jökulgarðar, aurar, hvalbök, jökulker o.fl.) séu viðkvæmar fyrir röskun vegna lauss jarðvegs og íss í jörðu. Markmiðið er að vernda þessar jökulminjar sem vitnisburð um sögu jökulsins. Því er óheimilt að spilla slíkum minjum eða ásýnd þeirra við jaðra skriðjökla, t.d. með lagningu vega eða annarra mannvirkja.

Í stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs, kafla 9.9 er grannsvæðum lýst: *Grannsvæði Vatnajökulsþjóðgarðs eru þau svæði sem liggja að þjóðgarðinum, eru sýnileg frá honum eða eru hluti af landslags- eða vistheild hans. Mikilvægt er að umferð, starfsemi og framkvæmdir á grannsvæðum þjóðgarðsins taki mið af nálægð við þjóðgarðinn og að þar sé gætt ýtrustu varúðar svo að náttúra þjóðgarðsins spillist ekki né heldur upplifun gesta hans.*

Auk þess vill Náttúruverndarstofnun benda á 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd þar sem segir: *Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfis skyldar eru*

samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Náttúruverndarstofnunar [áður Umhverfisstofnunar] áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði. Um aðra starfsemi og framkvæmdir gildir aðgæsluskylda skv. 6. gr.

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er í um 50 metra fjarlægð frá þjóðgarðsmörkum.

Hoffell

Varðandi Hoffellssvæðið er fjallað um verndarflokkun í stjórnunar- og verndaráætlun en þar segir:

Verndarflokkun þjóðgarðsins

Vatnajökulsþjóðgarði er skipt í svæði sem flokkuð eru í verndarflokka Ia, II og VI hjá IUCN. Hoffellsjökull og Hoffellslón eru í verndarflokki II. Svæðið austan jökulsins og lónsins er hins vegar flokkað undir verndarflokk VI en þar er hefðbundin landnýting heimil skv. reglugerð um Vatnajökulsþjóðgarð nr. 300/2020. Áhersla er hér lögð á sjálfbæra landnýtingu náttúrulegra vistkerfa í tengslum við landbúnað og ferðaþjónustu (bls. 23).

Jökulminjar

Þar sem tillagan gerir ráð fyrir framkvæmdum í jökulgarði vill Náttúruverndarstofnun benda á að í stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs, bls. 81, kafla 9.1 er eftirfarandi umfjöllun er við kemur framlagðri tillögu að framkvæmdum við jökulöldur/garða Hoffellslóns:

Forsendur: Við jaðra skriðjökla má finna margvíslegar jökulminjar sem vitna um rof og setframburð jökla og jökulvatna og hop og framrás jökla vegna loftslagsbreytinga eða framhlaupa. Meðal slíkra minja eru jökulgarðar, jökulsandar, jökulker, malarásar, hvalbök, jökulrákir og jökulgarðar. Enn fremur kemur í sama lið fram að: Jökulminjar við jaðra skriðjökla eru sérstaklega viðkvæmar fyrir röskun vegna þess að jarðlög eru laus í sér og í þeim er oft ís og aurbleyta.

Í sama kafla eru m.a. skilgreind eftirfarandi markmið: *Að vernda jökulminjar sem vitna um rof og setframburð jökla, hop þeirra og framrás og framrennsli jökulvatns, svo sem hvalbök, jökulrákir, malarása, jökulgarða, jökulsanda, jökulker, forna farvegi jökulánna og strandlínur í jökullónum.*

Einnig segir í áætluninni: *Óheimilt er að valda skemmdum á viðkvæmum jökulminjum og spilla ásynnd við jaðra skriðjökla, til dæmis við lagningu vega, göngustíga og annarra mannvirkja.*

Náttúruverndarstofnun vill auk þess benda á að í 3. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 koma fram verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni. Af þeim fimm sem upp eru talin, má tengja tvö neðangreind beint við jökulminjar:

Til að stuðla að vernd jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags skal stefnt að því:

- a. að varðveita skipulega heildarmynd af jarðfræðilegum ferlum og fyrirbærum sem gefa samfellt yfirlit um jarðsögu landsins,
- b. að vernda jarðmyndanir sem eru sérstakar eða einstakar á lands- eða heimsvísu.

Birkiskógar

Þar sem tillagan getur haft áhrif á birkiskóga og birkikjarr vegna framkvæmda vill Náttúruverndarstofnun benda á kafla 9.1.4, þar sem fjallað um skóglendi í Hoffellsfjöllum, en þar segir: *Skóglendi er við Hoffellsjökul í stórbrotnu umhverfi mótuðu af skriðjöklum. Gróðurfar í gömlu birkiskógunum er sérstætt, þeir eru meðal annars búsvæði sjaldgæfra háplantna og fléttutegunda. Ásætufléttur lifa á trjánum og fauskum þeirra og fram kemur í tillögu að náttúruverndaráætlun 2009-2013 að í þessum skógum megi finna flestar þeirra sjaldgæfu fléttna sem vaxa á austur- og suðurhluta landsins.*

Auk þess segir í kaflanum að markmiðið er að vernda líffræðilegan fjölbreytileika birkiskógarins og að vernda birkiskóginn og koma í veg fyrir útbreiðslu erlendra trjategunda. Auk þess eru settir fram skilmálar um að birkiskógarnir skulu almennt ekki grísaðir heldur látnir lúta náttúrulegum og viðhald og nýlagning stíga valdi minnsta mögulegu riski.

UNESCO

Vatnajökulsþjóðgarður var skráður á Heimsminjaskrá UNESCO árið 2019. Í lögum um þjóðgarðinn nr. 60/2007 og í stjórnunar- og verndaráætlun hans kemur fram að eitt meginmarkmið verndar er að viðhalda þeirri sérstöðu sem skráningin á heimsminjaskrá nær yfir.

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á eftirfarandi:

- Í umhverfismatsskýrslu þarf að koma fram greining á áhrifum framkvæmdarinnar á verndargildi Vatnajökulsþjóðgarðs sem heimsminjastaðar, með sérstakri tilvísun til þess hvernig framkvæmdin getur haft áhrif á heildarsamhengi svæðisins og þá þætti sem UNESCO hefur skilgreint sem „Outstanding Universal Value“ (OUV). (bls. 28 SVO)
- Mat á áhrifum þarf að taka mið af viðmiðunarreglum UNESCO um vernd og stjórnun heimsminjastaða, m.a. um áhrif á sýnileika, landslag, ósnortin víðerni og náttúruupplifun innan og við þjóðgarðinn.
- Sérstaklega skal greina áhrif framkvæmda á sjónlínur frá vinsælum stöðum innan þjóðgarðsins, t.d. við Hoffellsjökul og Geitafellsbjörg, sem og áhrif á kyrrð, ljósamengun og fjarlægð frá mannvirkjum.

Umhverfisþættir

Matsáætlunin gerir ráð fyrir að fjallað verði um flesta helstu umhverfisþætti sem almennt eru viðeigandi í mati á framkvæmdum af þessu tagi, þar á meðal verndarsvæði, landslag og ásýnd, vistgerðir og lífríki, vatnafar og fráveitu, samfélagsáhrif, útivist og ferðaþjónusta og samgöngur. Fram kemur að aflað hafi verið gagna með aðkomu viðurkenndra sérfræðistofnana og að fyrirhuguð úttekt og vettvangsvinna lúti faglegum verklagsreglum. Gera má ráð fyrir að ef nýir eða viðbótar umhverfisþættir koma í ljós við áframhaldandi undirbúning verði unnt að bæta þeim við í matsskýrslu, í samræmi við eðli og umfangi framkvæmda.

Náttúruverndarstofnun vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum varðandi umhverfispætti:

Hljóðvist og lýsing

Í matsáætlun er ekki fjallað um áhrif framkvæmdarinnar á hljóðvist eða lýsingu.

Náttúruverndarstofnun telur nauðsynlegt að í umhverfismatsskýrslu verði sérstaklega metin áhrif hljóðs og lýsingar á upplifun, lífríki og kyrrð á svæðinu. Slíkir þættir geta haft áhrif á fuglalíf, víðernisupplifun og náttúruupplifun ferðamanna og íbúa. Áhersla skal lögð á mat á áhrifum hljóðvistar svæðisins og mögulegri ljósamengun, bæði í byggingartíma og við rekstur. Mótvægisáðgerðir skulu koma fram ef áhrif eru líkleg til að verða umtalsverð.

Landslag

Náttúruverndarstofnun bendir á að mikilvægt er framkvæmdaraðili útbúi afstöðumyndir með ljósmyndum þar sem fyrirhuguð mannvirki eru færð beint inn á ljósmyndir úr lykilsjónarhornum – bæði að degi og í myrkri (í myrkri með lýsingu) – til að tryggja raunsæi í mati. Náttúruverndarstofnun telur að þrívíddarlíkön gefi ekki nægilega góða mynd af aðstæðum og telur nauðsynlegt að notast við ljósmyndasamsetningar (photomontage) sem endurspeglar raunverulegt yfirbragð landslagsins fyrir og eftir framkvæmd.

Náttúruverndarstofnun telur mikilvægt að taka fram að um sé að ræða tillögur að sjónarhornum, en ekki endanlega úttekt. Stofnunin leggur ríka áherslu á að við mat á sjónrænum áhrifum verði farið mun víðtækara í val á sjónarhornum, t.d. frá lóninu sjálfu, með það að markmiði að tryggja að allar meginleiðir, göngusvæði og helstu útsýnisstaðir komi til skoðunar.

Óbyggð víðerni

Í matsáætlun er ekki sérstaklega fjallað um óbyggð víðerni né áhrif framkvæmdarinnar á slík svæði þó er vísað í Víðernakortið, kortlagningu óbyggðra víðerna Íslands unnið af Wildland Research Institute (WRI), til að meta áhrif framkvæmdarinnar á víðerni.

Náttúruverndarstofnun bendir á að óbyggð víðerni eru skilgreind í náttúruverndarlögum nr. 60/2013 á eftirfarandi hátt og því ættu náttúruverndarlög að vera sem viðmið í umhverfismatinu:

Óbyggt víðerni: Svæði í óbyggðum sem er að jafnaði a.m.k. 25 km að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja og að jafnaði í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflinum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum.

Náttúruverndarstofnun bendir á að eftir breytinguna á skilgreiningu hugtaksins „óbyggð víðerni“ er nú mögulegt að taka tillit til landfræðilegra aðstæðna við skilgreiningu á óbyggðum víðernum, þ.e. nú geta mannvirki verið innan 5 km fjarlægðar frá mörkum óbyggðra víðerna, svo framarlega sem þau hafi ekki áhrif á verndargildi þess.

Fjallað er um víðerni í kafla 9.2. í stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs.¹

Því er mikilvægt að umhverfismatið fjalli um áhrif framkvæmdarinnar á óbyggð víðerni, bæði hvað varðar umfang skerðingar og eðli hennar. Sérstaklega þarf að leggja áherslu á að greina:

- Hversu mikið og hvaða hlutar víðernis svæðisins skerðast af framkvæmdinni.
- Hvernig áhrifin birtast út frá upplifun gesta af ósnortinni náttúru.

Jarðmyndanir

Náttúruverndarstofnun bendir á að mikilvægt er að úttektin á jarðmyndunum nýtist beint við mat á verndargildi jarðminja og áhrifum framkvæmdarinnar á þær. Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að mat á áhrifum framkvæmda á jarðmyndanir, s.s. jökulgarða við Hoffellslón, byggist á verndargildi og sérstöðu viðkomandi jarðmyndunar– en ekki einungis stærðarsamanburði við heildarfjölda jökulgarða innan Vatnajökulsþjóðgarðs.

Friðaðar tegundir

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að í samræmi við auglýsingu nr. 1385/2021 um friðun plantna, mosa og fléttna, beri að framkvæma vettvangskannanir á viðeigandi árstímum til að staðreyna hvort friðaðar tegundir, válistategundir eða önnur viðkvæm lífríkisgæði séu til staðar á framkvæmdasvæðinu eða áhrifasvæðum þess.

Jarðtæknirannsóknir

Í matsáætlun kemur fram að fyrirhugaðar séu jarðtæknirannsóknir á framkvæmdasvæðinu við Hoffell, m.a. til að greina jarðlög og ákvarða fýsileika staðsetninga mannvirkja á jökulöldu við Hoffellslón. Fram kemur að niðurstöður þessara rannsókna muni ráða hönnun og nákvæmri staðsetningu mannvirkja. Áætlað er að rannsóknirnar fari fram veturinn 2025–2026 og feli í sér allt að 30 prufuholur á um 5.000 m² svæði.²

Náttúruverndarstofnun bendir að það þarf að koma skýrt fram hvernig rannsóknarframkvæmdir verða framkvæmdar án þess að raska verndarsvæðum eða spilla náttúrulegri ásýnd svæðisins.

Valkostir

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er á grannsvæði Vatnajökulsþjóðgarðs og sérstaklega er fjallað um svæðið í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir þjóðgarðinn eins og fram hefur komið. Í 22. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana kemur fram að gert er ráð fyrir að í matskýrslu sé gerð grein fyrir raunhæfum valkostum. Í framlögðum gögnum er einungis lagður fram einn meginvalkostur ásamt núllkosti, uppbygging á tilteknum stað við Hoffellslón og hótélbyggingu í skógarrjóðri – án þess að gerð sé grein fyrir raunhæfum öðrum útfærslum eða staðsetningum. Einungis á að skoða staðsetningu baðslóns miðað við niðurstöðu jarðtæknirannsókna. Náttúruverndarstofnun telur æskilegt og í samræmi við tilgang mats á umhverfisáhrifum að skoðaðir verði mismunandi valkosti varðandi

¹ https://prismic-io.s3.amazonaws.com/vatnajokulsthjodgardur/2c39eb78-dd8b-4122-ad29-300826409421_3.-utgafa-sogv-med-samth.-vidaukum-og-breytingum-juli-2022-hreint-skjal.pdf

² [Fundargerðir | Hornafjörður](#)

staðsetningu og útfærslu framkvæmda og almenningi gefinn kostur á að koma að sjónarmiðum um þá valkosti.

Núllkostur - Aðstæður í dag - Staðsetning og staðhættir

Náttúruverndarstofnun vill koma eftirfarandi á framfæri varðandi grunnástand og forsendur svæðisins: Náttúruverndarstofnun bendir á að framkvæmdasvæðið og áhrifasvæði þess við Hoffellslón er í dag að mestu óraskað og hefur mótast af náttúrulegum ferlum – jökulmyndunum, gróðri og vatni – sem gefa svæðinu sérstöðu bæði í samhengi náttúrufars, ásýndar og upplifunar. Svæðið er núna nýtt til útivistar af íbúum og ferðamönnum, allt árið um kring en fáfarið samanborið við ferðamannastaði í grennd. Gönguleiðir liggja um Geitafellsbjörg, fólk fer á skauta á ísilögðu lóni og svæðið hefur sérstöðu vegna nálægðar við ísjaka, kyrrðar og fámenni. Vinsælt er að fara um svæðið síðsumars til þess að tína ber og sveppi. Slík tækifæri eru í auknum mæli sjaldgæfir á suðausturhorninu vegna aukinnar uppbyggingar í ferðaþjónustu.

Matsáætlunin gerir grein fyrir svæðinu og núverandi nýtingu þess í grófum dráttum, en Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að í umhverfismati verði sérstaklega greint og metið eftirfarandi:

- Hver eru þau sérkenni og gæði upplifunar sem svæðið býður upp á í núverandi mynd – t.d. kyrrð, sjónræn áhrif, ósnortin ásýnd og samspil landslags og útivistar?
- Hvaða áhrif geta breytingar á landnotkun, mannvirkjagerð, hljóðvist, lýsingu og aðgengi haft á þessa eiginleika?
- Hvaða hópar nýta svæðið í dag (íbúar, skólahópar, ferðamenn) og hver yrðu áhrif á aðgengi og notkun þeirra?
- Hvaða hlutverki gegnir svæðið sem mótvægi við fjölfarna ferðamannastaði í nágrenninu – og hvað tapast ef þessi eiginleiki hverfur?

Náttúruverndarstofnun telur að upplifunargildi svæðisins þurfi að fá sérstakt vægi í umhverfismatinu, bæði í lýsingu á núverandi ástandi og sem viðmið í áhrifamati þar sem sérstök áhersla sé lögð á sjónræn áhrif, áhrif á kyrrð og fámenni og á það hvaða áhrif innviðaupbygging hefur á notkun svæðisins.

Náttúruverndarstofnun bendir á að Vatnajökulsþjóðgarður hefur talið gesti svæðisins frá árinu 2010. Gestir sem heimsóttu svæðið árið 2024 voru 18.570. Árið 2018 heimsóttu 30.370 gestir svæðið en það er mesti fjöldi sem talinn hefur verið á einu ári. Mikilvægt er að meta möguleg áhrif fjölgunar gesta sem munu heimsækja svæðið.

Ábendingar

- Náttúruverndarstofnun bendir á að í töflu 2.2 í matsáætlun virðist vera klipptur kafli úr stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins sem nefnist vegur að Hoffellsjökli og á því ekki við um aðalskipulagið.
- Í matsáætlun segir að þjóðgarðurinn sé 14.000 km², en stofnunin bendir á að þjóðgarðurinn er 14.967 km².
- Í kafla 2.2.6 í matsáætlun er talað um skilmála fyrir Hoffellssvæðið. Einn þeirra er um að gert sé ráð fyrir miðstöð ferðaþjónustu við enda vegar upp úr Hoffellsdal o.s.frv.

Náttúruverndarstofnun vekur athygli á því að það ákvæði tengist ekki þeim stað sem matsáætlunin fjallar um.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

teymisstjóri

Hákon Ásgeirsson

sviðsstjóri

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Umsögn sveitarfélagsins Hornafjarðar 17. desember 2025

Bókun umhverfis- og skipulagsnefndar:

1. 202511080 - Ósk um umsögn matsáætlun Hoffell

Tekin er fyrir ósk um umsögn vegna matsáætlunar varðandi fyrirhugaða uppbyggingu við Hoffell í Nesjum. Áformað er að reisa hótél og baðstað með veitingaaðstöðu, auk annarrar aðstöðu tengdri útivist og ferðamennsku, svo sem gestastofu með sýningu um jarðsögu svæðisins, göngustíga og upplýsingaskilti um náttúru- og menningarminjar svæðisins. Uppbygging baðstaðar og gistingar á jörðinni er ætlað að styrkja Suðausturland sem áfangastað ferðamanna. Í umsögn skal koma fram hvort umsagnaraðili hafi athugasemdir við það hvernig framkvæmdaraðili hyggst vinna að umhverfismati framkvæmdarinnar, út frá sínu starfssviði, svo sem um skilgreiningu valkosta, gagnaöflun, úrvinnslu gagna, umhverfismat og framsetningu umhverfismatsskýrslu.

Í umsögn umhverfis- og skipulagsnefndar koma fram eftirfarandi ábendingar: Benda á að á tímanum sem umhverfismat fer fram mun nýtt aðalskipulag SVH taka gildi en nú stendur yfir heildarendurskoðun aðalskipulags. Umhverfismat verður að taka mið af stefnum í nýju aðalskipulagi þegar það liggur fyrir. Samgöngur kafla 4.7 umferð. Í kaflanum er fjallað um samgöngumat, hér verður að taka tillit til bæði umferðar um gamla þjóðveginn ásamt þeim nýja sem fyrirhugað er að opni í vetur. Það vantar umfjöllun um rafmagn og neysluvatn. Sérfræðiskýrslur sem gætu tekið á samspili fyrirhugaðra framkvæmda við ferðaþjónustu og samfélag bæði vestur og austur. Í kafla 4.6 mætti hafa skýrslur sem unnar hafa verið til hliðsjónar svo sem skýrslu SASS Hagtölur um atvinnulíf á Suðurlandi frá 2020 og Þróun ferðamenskusamfélags eftir Ragnhildi Jónsdóttur frá 2023. Landslag og ásýnd, það mætti bæta við fleiri sjónarhornum frá t.a.m. göngusvæðum vestan og austan við fyrirhugað framkvæmdasvæði. Samþykkt samhljóða. Helga Árnadóttir leggur fram eftirfarandi sérþóttun: Undirrituð bendir á að valkostir eru óskýrir. Það þarf að hafa í huga að hér er um tvö framkvæmdasvæði að ræða. Valkostir fyrir hvort svæði þurfa að vera skýrir. Eins hefur undirrituð áður tekið fram að óskað er eftir öðrum valkost fyrir baðlón en bara á jökulöldunni. Málinu vísað til afgreiðslu bæjarstjórnar.

Bókun bæjarstjórnar:

25. 202511080 - Ósk um umsögn matsáætlun Hoffell

Tekin er fyrir ósk um umsögn vegna matsáætlunar varðandi fyrirhugaða uppbyggingu við Hoffell í Nesjum. Áformað er að reisa hótél og baðstað með veitingaaðstöðu, auk annarrar aðstöðu tengdri útivist og ferðamennsku, svo sem gestastofu með sýningu um jarðsögu svæðisins, göngustíga og upplýsingaskilti um náttúru- og menningarminjar svæðisins. Uppbygging baðstaðar og gistingar á jörðinni er ætlað að styrkja Suðausturland sem áfangastað ferðamanna. Í umsögn skal koma fram hvort umsagnaraðili hafi athugasemdir við það hvernig framkvæmdaraðili hyggst vinna að umhverfismati framkvæmdarinnar, út frá sínu starfssviði, svo sem um skilgreiningu valkosta, gagnaöflun, úrvinnslu gagna, umhverfismat og framsetningu umhverfismatsskýrslu. Mál tekið fyrir á 1:54:15 mínútu.

Umsögn umhverfis og skipulagsnefndar liggur fyrir fundinum en í henni koma fram ýmsar ábendingar. Bent er á að taka verði tillit til nýs aðalskipulags sveitarfélagsins þegar það mun taka gildi. Þá er bent á að skerpa þurfi á umfjöllun um rafmagns og neysluvatnslagnir, taka til greina áhrif verkefnisins á samgöngur, bæði til austurs og vesturs. Þá bendir nefndin á ýmsar sérfræðiskýrslur sem gætu gefið betri hugmyndir um áhrif framkvæmdarinnar á þróun ferðamennsku og atvinnulífs á svæðinu. Að lokum óskar nefndin þess að myndræn gögn sýni framkvæmdina frá ólíkum sjónarhornum. Forseti lagði til að bæjarstjórn samþykkti að senda umsögn umhverfis og skipulagsnefndar vegna málsins til Skipulagsstofnunnar. Tillagan var borin upp til atkvæða. Samþykkt með sjö atkvæðum.

Höfundur: Þórdís Stella Erlingsdóttir

Sent inn þann: 17.12.2025 , **Fyrir hönd:** Sveitarfélagið Hornafjörður

Viðhengi:

98.1.Umsögn Hornafjarðar - vegna Hoffells.pdf

106. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar. Hornafirði 8. desember 2025

Umsögn umhverfis- og skipulagsnefndar vegna matsáætlunar um uppbyggingu við Hoffell.

- Benda á að á tímanum sem umhverfismat fer fram mun nýtt aðalskipulag SVH taka gildi en nú stendur yfir heldarendurskoðun aðalskipulags. Umhverfismat verður að taka mið af stefnum í nýju aðalskipulagi þegar það liggur fyrir.
- Samgöngur kafla 4.7 umferð. Í kaflanum er fjallað um samgöngumat, hér verður að taka tillit til bæði umferðar um gamla þjóðveginn ásamt þeim nýja sem fyrirhugað er að opni í vetur.
- Það vantar umfjöllun um rafmagn og neysluvatn.
- Sérfræðiskýrslur sem gætu tekið á samspili fyrirhugaðra framkvæmda við ferðapjónustu og samfélag bæði vestur og austur.
- Í kafla 4.6 mætti hafa skýrslur sem unnar hafa verið til hliðsjónar svo sem skýrslu SASS Hagtölur um atvinnulíf á Suðurlandi frá 2020 og Þróun ferðamenskusamfélags eftir Ragnhildi Jónsdóttur frá 2023.
- Landslag og ásýnd, það mætti bæta við fleiri sjónarhornum frá t.a.m. göngusvæðum vestan og austan við fyrirhugað framkvæmdasvæði.

Mál nr. 1476/2025 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 1476/2025, Hoffell í Nesjum - Uppbygging hótels og baðstaðar (Kynning matsáætlunar)

Athugasemd:

Umsögn Minjastofnunar Íslands 17. desember 2025

Höfundur: Þórdís Stella Erlingsdóttir

Sent inn þann: 17.12.2025 , **Fyrir hönd:** Minjastofnun Íslands

Viðhengi:

99.1.Hoffell í Nesjum - umsögn MÍ.pdf



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavarðarsvið

Suðurgötu 39
101 Reykjavík

Sími: (354) 570 13 14
www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Skipulagsstofnun
Þórdís Stella Erlingsdóttir
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 17. desember 2025
MÍ202511-0002/ 6.07 / Þ.H.

Efni: Hoffell í Nesjum. Uppbygging hótels og baðstaðar, (nr. 1476/2025) – kynning matsáætlunar.

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið erindi Skipulagsstofnunar í Skipulagsgáttinni, þar sem óskað er eftir umsögn um matsáætlun vegna áforma Bláa lónsins hf um uppbyggingu ferðaþjónustu við Hoffell í Nesjum, í Sveitarfélaginu Hornafirði. Matsskýrslan er unnin af Eflu Verkfræðistofu, *Hoffell í Nesjum – Uppbygging hótels og baðstaðar. Matsáætlun* (dagsett 31.10. 2025). Í tengslum við fyrirhugaðar framkvæmdir var Fornleifafræðistofan fengin til að skrá fornleifar á áhrifasvæði framkvæmdanna; Svavar Nielsson: *Fornleifaskráning vegna framkvæmda við Hoffellsjökul* (Rv. 2025). Fornleifaskráin hefur fengið staðfestingu Minjastofnunar, sbr. 15. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 og er fullnægjandi fyrir vinnslu umhverfismatsins.

Hið afmarkaða framkvæmdasvæði tekur yfir um 2,7 km² lands og liggur allt frá Hoffellslóni, til suðvesturs með ánni ca. 4 km leið að bænum Hoffelli. Er uppbygging áformuð á tveimur aðskildum svæðum (sbr. mynd 2.1. í matsáætlun). Annars vegar er gert ráð fyrir byggingu 120 herberja hótels á 3-4 hæðum auk veitingaþjónustu á skógræktarsvæði vestan undir Hoffellsfjalli og hins vegar baðlóni við Hoffellslón auk gestastofu og tengdum mannvirkjum. Styrkja þarf veginn út að lóninu og hliðra honum að einhverju leyti út af flóðahættu auk þess sem útbúa þarf bílastæði, bæði við lónið og hótelið. Auk þess er fyrirhuguð gerð göngustíga og upplýsingaskilta.

Í matsáætlun er fjallað um menningarminjar í kafla 2.1.4, bls. 22-23. Eru þar listaðar upp 9 skráðar minjar og er staðsetning þeirra sýnd á loftmynd (mynd 2.11) þar sem framkvæmdasvæðið er jafnframt

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnvöldum og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnvöldslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Þór Hjaltalín
Sviðsstjóri
thor@minjastofnun.is

afmarkað. Í fornleifaskýrslunni segir (bls. 4) að aðeins einar minjar hafi fundist á rannsóknarsvæðinu, tóft (nr. 36) sem eru „líklega of ungar til að njóta verndunar laganna“. Tóft þessi er um 50 m utan við hið afmarkaða framkvæmdasvæði og ætti því ekki að vera í neinni hættu. Hinar 8 minjarnar voru skráðar vegna vísbendinga í örnefnaskráum um hugsanlega tilvist minja. Verður nú fjallað um hverja þeirra fyrir sig.

Merkisteinn: Í örnefnaskrá lýst sem „lausum steini sem stendur þar á stalla utan í háu bergi“. Er hann skammt austan við Hoffellslón og fékk nafn sitt í tengslum við jökulmælingar Helga H. Eiríkssonar (1890-1974). Í fornleifaskrá er steinninn hnitsettur og hefur fundist. Líklegur aldur er sagður 1900-1950 og því ekki öruggt að hann flokkist til fornleifa. Hins vegar er þetta ekki aðeins örnefni, heldur áþreifanlegar minjar og mikilvægt að tryggja varðveislu þeirra. Staðsetning steinsins er á mynd 2.11 sýnd skammt utan framkvæmdasvæðis. Engu að síður er hann býsna nærri framkvæmdasvæði við baðlón og gestahús. Gæta þarf að því að hann verði ekki fyrir raski í ógáti.

Húsberg: Klettur, sunnan lóns við Hoffellsjökul. Heimildir eru um að þar hafi staðið sauðahús en fundust ekki við vettvangskönnun. Staðsetning Húsbergs er færð inn á mynd 2.11 og er af framkvæmdaraðila ekki talið í hættu.

Geithús: Nokkur örnefni skammt norð-vestan framkvæmdasvæðis við fyrirhugaða hótélbyggingu vísa til geithúsa. Engin ummerki um minjar fundust við vettvangsrannsóknir. Þótt minjar séu ekki sjáanlegar á yfirborði er ekki útilokað að rústir slíkra bygginga gætu fundist undir grassverði. Rétt er að árétta hér, að ef minjar finnast við framkvæmd verks ber að hafa samband við Minjastofnun Íslands, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Kvíaklettur: Fremri-Kvíaklettur og Kvíaklettur eru klettur tveir í Hoffellsfjalli. Í fornleifaskýrslu segir að nafn þeirra sé „svo til komið að þeir eru taldir vera eins og kvíar í lögun“. Ef það er rétt þá er hér ekki um eiginlegar fornleifar að ræða. Klettur þessir eru einnig utan aðal framkvæmdasvæða við hótélbyggingu og baðlón og ekki í hættu.

Litla-Baðstofa: Klettaskúti í Hoffellsfjalli. Óljóst er, segir í fornleifaskýrslu, hvort telja skuli hellinn til fornleifa. Það er ljóst að úr því fæst ekki skorið nema með rannsókn. Hellirinn er utan aðal framkvæmdasvæðis og ætti því ekki að vera í hættu. Þessar minjar

njóta vafans og er óheimilt að hrófla við þeim án undangenginna rannsókna. Um þær gildir, eins og aðrar aldursfriðaðar minjar, 15 m friðhelgunarsvæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra.


Stekkatún og Þvottadý: Þetta eru örnefni í heimatúni við Hoffelsbæinn. Líklegt má telja að á Stekkatúni hafi á einhverjum tíma staðið stekkur, en nú hafa tún verið sléttuð og ekki ljóst hvað leynist undir sverði. Svæðið er nokkurn spöl til suð-austurs frá fyrirhugaðri hótélbyggingu og ekki talið í hættu samkvæmt matsáætlun.

Í matsáætlun, bls. 49 segir að ekki sé talin ástæða til að leggja mat á umhverfisáhrif framkvæmdanna á fornleifar þar sem framkvæmdin er ekki talin hafa áhrif á þann umhverfisþátt. Fyrir liggur staðsetning á fornleifum og mun frekari hönnun á svæðinu taka mið af því.

Ljóst er að *Merkisteinninn* eru eiginlegar minjar og *Litla-Baðstofa* gæti verið það líka. Einnig þarf að hafa í huga að þótt minjar sjáist ekki á yfirborði, þá geta þær leynst undir grassverði. Það er því mikilvægt að farið sé með gát í kringum þessa staði og öll hönnun taki mið af því.

Minjastofnun hefur ekki frekari athugasemdir við matsáætlunina.

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands,



Þór Ingólfsson Hjaltalín
Sviðstjóri minjavarðasviðs